


TEAM STEEL

*Nýr bílaklúbbur sem er öllum opinn*

bílar tilboð börn

allt Í MIÐJU BLAÐSINS


LEONARDO DICAPRIO

*Umhverfisverndarsinni á Jökulsárlóni*

Forsíðumynd Vanity Fair tekin á Íslandi

FÓLK 40









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. apríl 2007 — 93. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Tími tónlistar



Í Vídalínskirkju verður flutt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson á föstudaginn langa en verkið er sérstaklega samið til flutnings með Passíusálmum Hallgríms Péturssonar.

MENNING 36

### Horfir fram á veginn



Magnús Oddsson ferðamálastjóri er sextugur í dag en heldur ekki stóra veislu. Mesta tilhlökkunin er að komast í golf um páskana.

TÍMAMÓT 30

### Fjölbreytt einsleitni

„Stundum er talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið", og víst er um það að fjölmiðlar geta haft áhrif og veitt aðhald þeim sem með völdin fara í stjórnmálum og efnahagslífi," segir Ólafur Hannibalsson meðal annars.

Í DAG 24

### Stórsigur Liverpool



Liverpool er komið með annan fótinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar eftir 3-0 útisigur á PSV í fyrri leik liðanna í 8 liða úrslitum í gær.

ÍÞRÓTTIR 47

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÖRT KÓLNANDI -** Í dag verður norðvestlæg eða vestlæg átt, 5-10 m/s. Skýjað með köflum og þurrt suðaustan til, annars væta. Él norðan til síðar í dag. Hiti 0-10 stig um hádegi, mildast suðaustan til en frystir smám saman nyrðra.

VEÐUR 4

# Uppistand á helgidegi algjörlega fáránlegt

**Sóknarpresturinn í Reykholti segir fáránlegt að halda úrslit Fyndnasta manns Íslands á föstudaginn langa. Skemmtanahald ekki óviðeigandi á einum helsta bíódegi ársins, segir umsjónarmaður keppninnar. Úrslit X-Factor eru sama kvöld.**

**TRÚMÁL** Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, segir algjörlega fáránlegt að úrslitakvöld Fyndnasta manns Íslands fari fram á föstudaginn langa. „Þetta er einn af örfáum helgidögum sem enn eru lögvarðir og það er engin ástæða til að fara á snið eða bága við hann."

Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur tekur í sama streng og telur tímasetningu keppninnar ósmekklega. „Mér finnst þetta taktlaust með öllu, og fólk er eiginlega að skjóta sig í fótinn með þessu," segir hann.

„Ég sé ekkert óviðeigandi við að fyndnasti maður Íslands sé krýndur á sama degi og Kristur var krýndur sinni kórónu," segir Oddur Eysteinn Friðriksson, umsjónarmaður keppninnar. „Ég er viss um að hann hefði komið á keppnina sjálfur hefði hann ekki verið örlítið bundinn."

Oddur nefnir að föstudagurinn langi sé einn af vinsælustu bíódögum ársins. Hefð sé fyrir því að fólk fari í bíó og á skemmtanir á þessum degi.

Úrslitakvöld söngkeppninnar X-Factor fer einnig fram á föstudagskvöldið í Vetrargarði Smáralindar. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, segir keppnisdaga hafa raðast þannig að úrslitin lentu á föstudeginum langa og ekki hafi þótt ástæða til að hlífa allri keppninni vegna þess. „Við vorum í sambandi við Biskupsstofu varðandi þetta og þeir mátu það svo að þetta liti öðruvísi við en áður," segir hann. „Merking dagsins hefur breyst með tíð og tíma."

Samkvæmt lögum um helgidagafrið er föstudagurinn langi einn af helgidögum þjóðkirkjunnar. Skemmtanir á opinberum veitingastöðum eru óheimilar, en listsýningar, tónleikar, leiksýningar og kvikmyndasýningar eru undanþegin banninu. - sþs / - fgg



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TREGINN DREGINN FRAM** Það er blúsað í Reykjavík þessa dagana en Blúshátíð hófst í gær. Við setningu hennar var blúsarinn KK heiðraður fyrir framlag sitt til listarinnar og tók hann lagið við það tækifæri ásamt Þorleifi Guðjónssyni og Björgvini Gíslasyni.

Deilan um bresku hermennina:

# Tony Blair eykur þrýsting á Írana

**LONDON, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að á næstu tveim sólarhringum yrði skorið úr um hvort skjót lausn næðist í deilunni um bresku hermennina. Íranar hafa haft þá í haldi síðan 23. mars. Blair varaði jafnframt við því að ef viðræður bæru ekki árangur tækju Bretland harðari afstöðu gagnvart Íran.**



TONY BLAIR

**Nokkrum klukkustundum síðar varaði utanríkisráðherra Bretlands, Margaret Beckett, fólk við að gera sér of miklar væntingar um að deilan leystist skjótt og ítrekaði að bresk stjórnvöld hefðu ekki fengið að hafa samband við bresku hermennina eftir handtöku þeirra.** - sdg

Veðurhorfur um páskana:

# Skíðafærið best í Hlíðarfjalli

**ÚTIVERA** „Það er búið að vera opið dagsdaglega hér síðan í nóvember og við ætlum að halda því áfram," segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli á Akureyri. Hann segir skíðahorfurnar góðar um páskana.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum verður tæpast opið, segir forstöðumaðurinn Grétar Hallur Þórisson. Að hans sögn er nægur snjór í fjallinu en veðrið þarf að batna til að hægt sé að opna. Á Ísafirði verður reynt að hafa opið en veðrið ku ekki vera skíðalegt. Svipaða sögu er að segja af Böggvisstaðafjalli á Dalvík.

„Það verður lítið af góðu veðri um páskana," segir Óli Þór Árnason veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, um veðurútlitið. „Á skírdag og föstudaginn langa verður nokkuð gott veður sums staðar á landinu en þegar líður á helgina viðrar víðast hvar frekar leiðinlega." - sþs

Bandarískir kvikmyndagerðarmenn hrifust af vestfirsku landslagi:

# Sandra Bullock leikur á Vestfjörðum

**KVIKMYNDIR** Bandaríska leikkonan Sandra Bullock fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni Agenda 1 sem tekin verður upp á Vestfjörðum í lok árs.

Þetta staðfestir Kristján Grétarsson, framkvæmdastjóri Saga Film. Fyrirtækin Dead Crow Production og Focus Films standa að framleiðslu myndarinnar.

Framleiðendur myndarinnar og leikstjórinn, Olatunde Osunsanmi, komu hingað á síðasta ári til að skoða aðstæður og leituðu eftir aðstoð Saga Film. „Þeir komu reyndar í dulargervi, sögðust vera frá litlu sjálfstæðu kvikmyndafyrirtæki. Mér leist ekkert á blikuna en lánaði þeim bílinn minn og einn aðstoðarmann," segir Kristján. Þeim leist svo vel á landslagið á Vestfjörðum að ákveðið var að færa áður fyrirhugaðar innitökur út undir beran himin til að fanga Vestfirði sem best.



SANDRA BULLOCK

Agenda 1 verður tekin hér á landi að stærstum hluta og verkefnið því gríðarstórt. Kristján upplýsir að stærstur hluti tökuliðsins verði skipað Íslendingum og að ekki sé loku fyrir það skotið að íslenskir leikarar fái hlutverk í myndinni.

Sandra Bullock hefur meðal annars leikið í kvikmyndunum Speed og Miss Congeniality. - fgg/ sjá síðu 50





ERLENDIR RÍKISBORGARAR ERU 9% VINNUAFLS Á ÍSLANDI!

xF

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Árangur áfram - ekkert stopp



## SPURNING DAGSINS



*Garðar, er ekki lag að borga gamlar skuldir?*

„Jú, nú er lag.“

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra skorar á Óperukórinn að syngja upp í skuld, eftir að hann veitti kórnum styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2004 gegn því að syngja fyrir aldraða. Garðar Cortes kórstjóri lofar að það verði gert.

Múrbúðin hefur kært BYKO til Neytendastofu fyrir ólögmæta viðskiptahætti:

# Sakar BYKO um blekkingar

**NEYTENDAMÁL** Múrbúðin hefur kært BYKO til Neytendastofu fyrir óeðlilega viðskiptahætti og til athugunar er að senda sambærilegt erindi til samkeppnisráðs.

Tilboðsauglýsingar BYKO fara fyrir brjóst Múrbúðarmanna. Karl Ottó Karlsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar, kveðst orðinn þreyttur á gylliboðum hinna byggingavöruverslananna og eftir að hafa ráðfært sig við lögmenn hafi verið ákveðið að kæra BYKO. „Við höfum skoðað þessi mál og sjáum ekki betur en hér sé verið að stunda óeðlilega viðskiptahætti og blekkja neytendur,“ segir Karl.



**KARL OTTÓ KARLSSON**

Á töflu hér til hliðar sést hvernig innimálning BYKO hefur verið auglýst á tilboði undanfarna mánuði. Karl segist hafa á tilfinningunni verðið sem sýnt er á auglýsingunum sé valið af handahófi.

„Við höfum fundið mýmörg dæmi af þessu tagi. 9. desember auglýsti BYKO jólatré á tilboði á 2.790 kr. og upprunalegt verð var sagt vera 3.990 kr. Sex dögum síðar er upprunalegt verð sagt vera 5.990 kr. og tréð auglýst á 50 prósenta afslætti,“ segir Karl. - þo

**Verð á BYKO innimálningu, gljástig 10, 10 lítrar, Vörunr: 85540083-1083**

| Dagsetning auglýsingar | Tilboðs-verð | Yfirstrikað verð |
|---|---|---|
| 31.1.06-27.2.06 | 3.990 | 6.280 |
| 6.4.06-30.4.06 | 3.990 | 6.280 |
| 3.10.06-17.10.06 | 4.990 | 7.289 |
| 1.3.07 | 4.990 | 7.799 |
| 2.3.07 | 4.990 | 7.799 |
| 3.3.07 | 4.990 | 7.399 |
| 8.3.07 | 4.990 | 7.799 |
| 10.3.07 | 4.990 | 7.399 |
| 1.3.07-25.3.07 | 4.990 | 7.799 |

Kona á fertugsaldri stöðvuð:

# Keyrði full með barn í bílnum

**LÖGREGLUMÁL Kona á fertugsaldri var tekin fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu á mánudag. Með konunni í bílnum var barn hennar, sem er á leikskólaaldri. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerist. Fyrr í vetur hafi kona á svipuðum aldri verið stöðvuð fyrir sömu sakir, en hún var að sækja barn sitt á leikskóla.**

**Tuttugu og átta umferðaróhöpp voru tilkynnt lögreglunni á mánudag, en flest þeirra minni háttar. Ekki er vitað til þess að neinn hafi slasast alvarlega. Í sex skipti stakk ökumaður af vettvangi. - sþs**

Salmonella á kjúklingabúum:

# Smit í fjórðungi kjúklinga í ESB

**BRUSSEL, AP** Salmonella greinist í tæplega fjórðungi kjúklinga sem aldir eru á kjúklingabúum innan Evrópusambandsins, samkvæmt nýrri könnun sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu kynnti í gær.

Í Ungverjalandi mældist salmonella í 68,2 prósentum kjúklinga, sem er hæsta hlutfallið innan ESB. Einnig var mikið um sýkingar í Póllandi, Portúgal og Spáni.

Stofnunin hvetur stjórnvöld til að taka á þessum vanda, sem er ein helsta orsök matareitrunar hjá fólki. Stefna ESB er að hlutfallið verði undir tveimur prósentum í aðildarríkjum og verða reglur um slátrun hertar. - sdg

Sumarveður á Austurlandi:

# Tuttugu stig í Neskaupstað

**VEÐUR Hitinn fór upp í tuttugu stig á Austurlandi í gær. Um klukkan eitt var 19,6 stiga hiti í Neskaupstað, fimmtán stiga hiti var á Seyðisfirði á svipuðum tíma og sextán stig á Eskifirði og Egilsstöðum.**

**Óli Þór Árnason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir hlýtt loft yfir landinu og vestanátt orsaka hlýindin. Loftið gangi yfir hálendið og hlýni hratt þegar það kemur niður á láglendi.**

**Hann segist gera fastlega ráð fyrir því að hitinn fari lækkandi í dag. „Suðausturlandið ætti að vera gott það sem af er deginum en síðan fer kólnandi.“ - sþs**

## LANDHELGISGÆSLAN

### Djúpsprengja í trollið

Áhöfn Hamars frá Rifi á Snæfellsnesi fékk djúpsprengju í trollið í fyrrakvöld. Sprengideild Landhelgisgæslunnar eyddi sprengjunni. Lögreglan segir sprengjuna hafa verið vel virka þótt hún hafi verið um sextíu ára gömul.

# Þrisvar brotist inn í bakaríið á hálfu ári

**Þrír piltar brutust inn í Björnsbakarí við Austurströnd á Seltjarnarnesi í fyrrinótt. Nágranni kom að þjófunum í bakaríinu en þá flúðu þeir af vettvangi. Þrisvar sinnum hefur verið brotist inn bakaríið frá því í október í fyrra.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég spurði hvort hann [innbrotsþjófurinn] væri að vinna í bakaríinu og hann sagði já. Síðan kom augljóslega fát á hann. Hann kallaði þá á tvo félaga sína og þeir hlupu síðan eitthvert út í myrkrið,“ segir Ása Sigurjónsdóttir, sem kom að innbrotsþjófunum í Björnsbakaríi við Austurströnd á Seltjarnarnesi.

Hún sá umgang í bakaríinu um hálf eitt leytið í fyrrinótt og fór að athuga málið. „Í fyrstu hélt ég að þetta væru viðgerðarmenn sem hefðu ekki lokað hurðinni nægilega vel en svo sá ég að það var ekki allt með felldu.“

Innbrotsþjófarnir brutust inn rétt fyrir hálf eitt með því að spenna upp hurðina. Þeir komust undan á hlaupum með á fjórða tug þúsunda í peningum.

„Ég neita því ekki að þetta er frekar óskemmtilegt,“ segir Steinþór Jónsson, framkvæmdastjóri Björnsbakarís. Þrisvar sinnum hefur verið brotist inn í bakaríið á skömmum tíma, fyrst 13. október, síðan 23. mars og svo í fyrrinótt.

„Þó að miklum verðmætum hafi ekki verið stolið þá er þetta alltaf leiðinlegt. Í þetta skiptið reyndu þeir [innbrotsþjófarnir] að stela flatskjá sem hérna var en tókst ekki að taka hann með sér. Samkvæmt upptöku á eftirlitsmyndavélinni voru þeir um tuttugu mínútur inni í bakaríinu að athafna sig, þar til nágranni kom auga á þá.“

Greinilegar andlitsmyndir náðust af einum innbrotsþjófanna í eftirlitsmyndavél en samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var fljótt ljóst hverjir hefðu verið að verki og höfst leit að piltunum þegar í stað. Einn þeirra fannst seinni partinn í gær og var í haldi lögreglu þegar Fréttablaðið fór í prentun. magnush@frettabladid.is



**EINN INNBROTSÞJÓFANNA** Greinilegar myndir náðust af innbrotsþjófunum í eftirlitsmyndavél í bakaríinu. Hér sést einn þeirra, skömmu eftir að piltarnir brutust inn í bakaríið, en þeir voru í um tuttugu mínútur inni í bakaríinu.



**BJÖRNSBAKARÍ** Innbrotsþjófarnir brutust inn með því að spenna upp hurð á Björnsbakarí. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ARNÞÓR HELGASON** Týndi sófinn er með grænleitu áklæði með rósamynstri, eikarörmum og útskornum myndum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Erfðagripur seldur fyrir slysni:

# Leitar að grænum sófabekk

**FÓLK** „Þessi sófi hefur verið í eigu fjölskyldunnar í sextíu ár,“ segir Arnþór Helgason tónlistarmaður, sem leitar logandi ljósi að erfðagrip sem fyrir slysni fór í Góða hirðinn fyrir helgi og var seldur.

Arnþór og fjölskylda hans voru að flytja búslóð móður hans á milli geymslna. Talsvert var sett í Góða hirðinn, þar á meðal neðri hluti sófa sem smíðaður var á millistríðsárunum í Danmörku og faðir hans keypti 1946.

„Þetta voru algjör mistök og okkur þætti vænt um ef við gætum fengið þennan grip aftur,“ segir Arnþór, sem er tilbúinn að greiða fyrir gripinn.

„Hann er með grænleitu áklæði með rósamynstri, tveimur útskornum eikarörmum og neðan á sófanum er hugsanlega útskurður af myndum úr leikritinu um Jeppa á Fjalli.“ Arnþór beinir þeim tilmælum til handhafa sófabekkjarins að hafa samband við sig. - bs

## AFGANISTAN

### Jarðskjálfti í Hindukush

Jarðskjálfti upp á 6,2 á Richter-kvarða skók Hindukush-fjöll í norðaustanverðu Afganistan í gærmorgun. Skjálftinn fannst einnig í Kabúl, sem er 275 km frá upptökum hans, og grannlöndunum. Engar fregnir höfðu í gær borist af manntjóni af völdum skjálftans.


BÍLL DAGSINS

NISSAN TERRANO LUXURY ELEGANCE 3.0

Nýskr. 05.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 57 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Rannsókn á meintum brotum Guðmundar Jónssonar í Byrginu er lokið:

# Byrgismálið til ríkissaksóknara

**FÉLAGSMÁL** Rannsókn á Byrgismálinu er lokið og hefur það verið sent til ríkissaksóknara. Átta konur kærðu Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Engin kæra barst frá Guðmundi sjálfum, eins og hann hafði boðað í fjölmiðlum.

Málið var til rannsóknar hjá sýslumanninum á Selfossi en er nú í höndum ríkissaksóknara. Hann tekur ákvörðun um það hvort ákæra verður gefin út á hendur Guðmundi eða ekki.

Byrgismálið hófst í desember á seinasta ári þegar fréttaskýringaþátturinn Kompás sagði frá ásökunum fyrrverandi skjólstæðinga Guðmundar um kynferðislega misbeitingu. Þar lýstu nokkrar konur hvernig Guðmundur hefði að þeirra mati notfært sér bágt ástand kvenna sem komu til meðferðar í Byrginu.

Nokkrum dögum eftir sýningu barst lögreglu fyrsta kæran á hendur Guðmundi og rannsókn málsins hófst. Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. - sþs, - jss



**BYRGIÐ** Málið hófst þegar fréttaskýringaþátturinn Kompás greindi frá ásökunum fyrrverandi skjólstæðinga Guðmundar í Byrginu.




**Kringlan óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra páska!**

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## GENGIÐ 03.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 66,15 | 66,47 |
| Sterlingspund | 130,66 | 131,3 |
| Evra | 88,34 | 88,84 |
| Dönsk króna | 11,855 | 11,925 |
| Norsk króna | 10,821 | 10,885 |
| Sænsk króna | 9,431 | 9,487 |
| Japanskt jen | 0,5575 | 0,5607 |
| SDR | 100,04 | 100,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 120,311

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Litlu dóttur Hönnu Dóru Másdóttur og Gunnars Einarssonar lá á í heiminn:

# Fæddi barnið á stofugólfinu

**BARNSFÆÐING** „Auðvitað varð maður svolítið skelkaður en þetta gerðist svo hratt að ég hafði engan tíma til að hugsa um það," segir Gunnar Einarsson. Hann brá sér í ljósmóðurhlutverkið í fyrrinótt og tók á móti dóttur sinni á stofugólfinu heima.

Móðirin, Hanna Dóra Másdóttir, vaknaði með verki klukkan hálf eitt um nóttina og tíu mínútum síðar komu fyrstu hríðirnar.

„Ég hringdi niður á fæðingardeild og þar er okkur sagt að koma. Ég byrja á því að hringja í barnapíuna en náði aldrei að klára það símtal því Hanna missti vatnið og það var greinilegt að barnið var að flýta sér," segir Gunnar, sem hringdi þá í Neyðarlínuna. „Þetta gerðist allt mjög hratt og litla stúlkan hreinlega skaust í fangið á mér," segir Gunnar. Stúlkan er fædd klukkan eitt, tuttugu mínútum eftir fyrstu hríðirnar.



**STOLTIR FORELDRAR** Litla stúlkan lét ekki bíða eftir sér. Hún var 52 cm og 3.375 grömm. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýbakaður stóri bróðir, hinn tuttugu mánaða gamli Haukur, vaknaði við lætin í stofunni og kom fram þegar sjúkraflutningamennirnir voru mættir á staðinn. Að sögn föðurins hafði hann mun meiri áhuga á sjúkrabílnum en litlu systur sinni sem hafði birst svona óvænt.

Móður og barni heilsaðist vel eftir fæðinguna og hreiðruðu um sig í Hreiðrinu en þar átti fæðingin að eiga sér stað. **- þo**

Útgerðarfyrirtækið Brim:

# Kaupir togara af Kjell Inge Rökke

**SJÁVARÚTVEGUR Útgerðarfélagið Brim hefur keypt norska frystiskipið Vesttind sem var í eigu Havfisk, útgerðarfyrirtækis Kjell Inge Rökke. Togarinn, sem er fjögurra ára gamall, er rúmlega sjötíu metra langur og verður eitt af stærri skipum íslenska fiskiskipaflotans.**

**Fréttavefurinn skip.is segir Vesttind smíðaðan hjá Solstrand AS í Noregi árið 2003. Skipið er vel tækjum búið og hannað til að draga þrjú troll í einu. Frystigetan er um sextíu tonn á sólarhring. Kaupverð er ekki gefið upp en smíði skipsins kostaði tæpa tvo milljarða íslenskra króna.** **- ghs**

Embætti ríkissaksóknara:

# Brynjar íhugar að sækja um

**SAKSÓKNARI Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður „á alveg eins von á því" að sækja um embætti ríkissaksóknara, sem losnar hinn 1. júlí.**



BRYNJAR NÍELSSON

**Brynjar segist þó hafa orðið minna spenntur fyrir embættinu síðustu mánuði. Bæta þurfi lagaumhverfi þess. Við núverandi aðstæður sé saksóknari berskjaldaður fyrir gagnrýni og geti ekki svarað fyrir sig. „Það er ekkert ofboðslega freistandi að standa berrassaður með byssurnar alls staðar á sér."**

**Hann telur og líklegt að valinn verði innanbúðarmaður. „Kerfið vill væntanlega hafa sinn mann, þannig að ekki komi lögmaður sem er búinn að vera að verja glæpamennina."** **- kóp**

Skattkerfisbreytingar í Svíþjóð:

# Afnám eignaskatts lögleitt

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska ríkisstjórnin kynnti í gær áform um afnám eignaskatts, en að mati sumra stjórnmálaskýrenda var kosningaloforð borgaraflokkanna um að afnema hann ein ástæðan fyrir sigri þeirra í þingkosningunum í fyrrahaust.

Allir flokkarnir fjórir sem gengu í kosningabandalagi til kosninga og mynduðu saman ríkisstjórn stóðu að loforðinu um afnám hins óvinsæla skatts. Þá greindi á um leiðir til að bæta ríkissjóði upp tekjumissinn og því koma efndir þess ekki til framkvæmda fyrr en nú. Niðurstaðan varð sú að hækka á móti skatt af söluhagnaði af íbúðarhúsnæði. **- aa**

# Krefst nýrra svara frá Þorgerði Katrínu

**Mörður Árnason krefst þess að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir svari fyrirspurn sinni um kostnað Ríkisútvarpsins vegna Áramótaskaupsins að nýju. Mörður getur kynnt sér þessi málefni að vild, segir Þorgerður Katrín menntamálaráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, krefst þess að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra svari fyrirspurnum um kostnað RÚV vegna einstakra verkefna að nýju. Þetta gerir hann í ljósi niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál í kærumáli Fréttablaðsins en RÚV neitaði að gefa upp kostnað vegna Áramótaskaupsins í fyrra.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær var synjunin kærð til úrskurðanefndarinnar, sem mat það svo að RÚV væri skylt að gefa upp heildarframleiðslukostnað á grundvelli upplýsingalaga.

Mörður Árnason lagði fram fyrirspurn til menntamálaráðherra þar sem hann spurðist fyrir um kostnað RÚV vegna Áramótaskaupsins árið 2004, 2005 og 2006. „Ríkisútvarpið teygði sig allt of langt í þessu með því að loka á upplýsingar til fjölmiðla og þingmanna, og ráðherrann tók þátt í þeim leik. Nú hefur úrskurðarnefndin fellt úrskurð sinn og ég sé ekki betur en að ráðherra verði að svara þessu að nýju."

Þorgerður Katrín segir Mörð nú geta kynnt sér þessi mál að vild. „Það kemur mér ekki á óvart að Mörður sýni málefnum RÚV áhuga. Hann hefur gert það í gegnum tíðina. Fyrst þessi niðurstaða úrskurðarnefndarinnar liggur fyrir þá getur hann kynnt sér þessi mál að vild sjálfur."

Björn Ingi Hrafnsson, sem kom inn á þing sem varamaður Jónínu Bjartmarz, spurðist einnig fyrir um málefni RÚV og þá sérstaklega hver væri kostnaður RÚV vegna kaupa á sýningarrétti frá Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu árið 2008 og hvað RÚV hefði borgað árlega fyrir sýningarrétt frá Formúlu-kappakstursképpninni. Hann fékk þau svör að Ríkisútvarpinu væri óheimilt að gefa upp þann kostnað. „Það er ekki verið að gefa eitt eða neitt í skyn með fyrirspurnum sem þessum. Hins vegar finnst mér liggja í augum uppi að þessar upplýsingar eigi að vera uppi á borðinu þar sem RÚV er ríkisfyrirtæki sem heyrir undir upplýsingalögin."



**RÍKISÚTVARPIÐ** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál komst að því að forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins hefði verið óheimilt að gefa ekki upp kostnað RÚV vegna Áramótaskaupsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



MÖRÐUR ÁRNASON



ÞORGERÐUR KATRÍN

Blaðamaður hefur óskað eftir því á grundvelli sömu lagaraka og fram koma í úrskurðarorðum úrskurðarnefndarinnar að fá uppgefið hver sé heildarkostnaður Ríkisútvarpsins á ári vegna Gettu Betur, Spaugstofunnar, Kastljóss og kaupa á sýningarrétti þáttanna Lost, Desperate Housewives og The Sopranos. Einnig hefur verið óskað eftir upplýsingum um hver sé heildarkostnaður við Söngvakeppni Sjónvarpsins og við kaup á sýningarrétti á Evrópukeppninni í knattspyrnu.

Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur ekki svarað fyrirspurninni.

magnush@frettabladid.is

Oddviti Frjálslyndra um ESB:

# Áhugi á aðildarviðræðum

**STJÓRNMÁL** Jón Magnússon, oddviti Frjálslyndra í syðra Reykjavíkurkjördæmi, hefur „fullan áhuga" á aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Hann segist, miðað við núverandi aðstæður, „efast um að hagsmunir þjóðarinnar fari saman við þátttöku í því". Það ætti þó að kanna.



JÓN MAGNÚSSON

Í samningaviðræðum myndi Frjálslyndi flokkurinn meðal annars vilja láta endurskoða ákvæði um frjálsa för vinnuafls.

„Ég er Evrópusinni," segir Jón og bendir á ýmsa kosti aðildar. „Ég hygg að það myndi lækka verð á matvælum og að lánastarfsemi yrði hér með öðrum hætti," segir hann. **- kóp**



**GEIRI HREINSAR** Sigurgeir sést hér að störfum í bakaríninu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SKESSUHORN

Eldur í Geirabakaríi:

# Bakaði í nótt

**ELDSVOÐI „Þetta kemur á versta tíma þar sem það er mikil verslunarhelgi fram undan. Það voru töluverðar skemmdir en ég ætla mér að opna bakaríið strax á morgun [í dag]," sagði Sigurgeir Erlendsson, eigandi Geirabakarís í Borgarnesi. Eldur kom upp í bakaríinu í fyrrinótt eftir að frystiskápur sprakk.**

**Skemmdir voru töluverðar en Sigurgeir vann að hreinsun og viðgerðum í gær.** **- mh**


BETRI LEIÐ TIL AÐ HÆTTA

FÁÐU REYKLAUSA BÓK Í NÆSTU VERSLUN LYFJU



FRÍ BÓK

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

LYFJA - Lífið heil

www.lyfja.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 36812 03/07


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**PÁSKAHRETIÐ** Nú eru veðurhorfurnar um páskana að taka á sig mynd. Það kólnar ört á landinu í dag, fyrst norðan til en síðan víðar. Eru horfur á kuldakafla fram á páskadag. Nyrðra verður yfirleitt vægt frost en frostlaust verður að mestu syðra að deginum. Éljagangur mun fylgja þessu norðan og austan til. Yfirleitt verður vindur hægur á landinu næstu daga.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Vestlæg átt, 5-8 m/s. Skýjað og hætt við dálítilli súld í dag. Hiti 5-8 stig í dag. Kólnandi veður með frosti í nótt.

um hádegi »



» á morgun



Hægar austlægar áttir.

» föstudagur



Hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 10°C hálfskýjað | London | 13°C heiðskírt | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Billund | 10°C hálfskýjað | París | 12°C heiðskírt | Mallorca | 14°C hálfskýjað |
| Osló | 8°C alskýjað | Frankfurt | 12°C hálfskýjað | Basel | 14°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C léttskýjað | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Eindhoven | 13°C heiðskírt |
| Gautaborg | 10°C heiðskírt | Berlín | 9°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Gleðilega páska

**OPIÐ**
á morgun Skírdag
frá kl. 10:00




Þarf ekki
að sjóða!
Aðeins 90 mín.
í ofni!

## Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

## Páskalambið í ár

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.

20% afsláttur við kassa




Bláber


Rifsber


Kiwiber


Blæjuber


Hindber


Brómber




**Jóa Fel ísterta**
- frábær í eftirréttinn



**Ítalía balsamikedik**
- gæða balsamikedik beint frá Ítalíu



**Ítalía kaffi**
- ítalskt eðalkaffi

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú takmarka innflutning erlends vinnuafls á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 76% |
| Nei | 24% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér Spaugstofan fyndin?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Skipverjar á rússneska skipinu Ozernitsa ætluðu að smygla tóbaki inn í landið:

# Myndavélarnar ná þessu öllu

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er nú frekar sjaldgæf sjón núorðið en myndavélarnar eru í gangi allan sólarhringinn og það fer ekkert fram hjá þeim. Þær ná þessu öllu saman,“ segir Kristinn Aadnegard, yfirhafnsögumaður í Hafnarfjarðarhöfn, en skipverjar á rússneska skipinu Ozernitsa voru staðnir að því að smygla umtalsverðu magni af tóbaki í land í Hafnarfjarðarhöfn í fyrrinótt.

Þrír starfsmenn Tollstjórans í Reykjavík, auk lögreglumanna, komu upp um smyglið en skipverjarnir voru þá að landa hundruðum kartona af sígarettum sem til stóð að selja.



**OZERNITSA Í HAFNARFJARÐARHÖFN** Lögreglan rannsakar tilraun til smygls á tóbaki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristinn segir enga næturvakt vera á Hafnarfjarðarhöfn en myndavélar nái öllu misjöfnu sem fram fer á höfninni. „Höfnin er lokuð en aðgangsstýrð. Við erum á bakvöktum og hlaupum til ef eitthvað gerist. Myndavélarnar gera vissulega mikið gagn þó að einstaka sinnum geri menn eitthvað af sér. Það hefur komið fyrir að menn hafi stolið reiðhjólum og verið að ferja þau upp í skipin með töluverði fyrirhöfn. Stundum hafa menn líka orðið sér úti um varahluti í bíla og ætla að fara með þá úr landi. En þetta fer ekkert framhjá myndavélunum.“

Ozernitsa hefur nokkrum sinnum komið til landsins, samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarhöfn, en skipið er 62 metra langt og með 35 manna áhöfn. Skipið kom hingað til lands til þess að sækja varahluti út af bilun. - mh

Ræðismaður í Færeyjum:

# Rekstrarkostnaðurinn er 23 milljónir á ári

**UTANRÍKISMÁL Íbúð í Stokkhólmi í eigu utanríkisráðuneytisins verður seld til að mæta kaupum á íbúðarhúsnæði fyrir aðalræðismann Íslendinga í Þórshöfn í Færeyjum.**

**Að sögn Péturs Ásgeirssonar í utanríkisráðuneytinu er fasteignaverð svipað í löndunum tveimur.**

**Áætlaður rekstrarkostnaður skrifstofunnar í Færeyjum er um 23 milljónir króna á ári. Fellur leiga á skrifstofuhúsnæði þar undir en ekki ýmis stofnkostnaður, til dæmis húsgögn.** - ghs








VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

BLEIK SMIÐJA

Kosningamiðstöð VG, Grensásvegi 16 A í kvöld, kl. 20:00

Drífa Snædal og Gestur Svavarsson fjalla um **KYNJAKVÓTA**

**Heitt kaffi og heitar umræður**
**Bleika smiðjan er öllum opin**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




# Ákærðir fyrir að valda eiturefnaslysi

**Tveir menn, annar 18 ára, hafa verið ákærðir fyrir að hafa af gáleysi valdið því að 45 manns þurftu að leita til læknis í fyrrasumar eftir eiturefnaslys í sundlaug á Eskifirði. Báðir neita sök. Lögmaður yngri mannsins segir ákæruna harkalega.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo menn, annan átján ára og hinn tæplega fertugan, fyrir að hafa af gáleysi valdið almannahættu í lok júní í fyrra. Þá var ediksýru dælt á klórtank sundlaugar á Eskifirði, sem olli því að eitrað gas myndaðist. Á fimmta tug manna þurftu að leita sér læknishjálpar. Báðir mennirnir neita sök. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Austurlands í gær.

Eldri maðurinn, stöðvarstjóri Olís á Reyðarfirði, er ákærður fyrir að hafa af gáleysi afgreitt þúsund lítra af ediksýru í tanki merktum „EDIKSÝRA 80%“ í stað þúsund lítra af fimmtán prósenta klórlausn, sem nota átti í sundlaug Eskifjarðar. Hann er jafnframt ákærður fyrir að gefa meðákærða fyrirmæli um að fara með tankinn og dæla úr honum á klórtank laugarinnar.

Sá yngri, sem einnig var starfsmaður Olís, er ákærður fyrir að hafa dælt um 200 lítrum af ediksýrunni „án þess að kanna merkingar eða ganga að öðru leyti úr skugga um að hann væri að dæla klórlausn á klórtankinn,“ eins og segir orðrétt í ákærunni.

Þegar ediksýran blandaðist við klórlausnina sem fyrir var í tankinum myndaðist eitruð lofttegund, klórgas, sem smaug út um loftop og yfir sundlaugarsvæðið og nágrenni. 45 manns urðu fyrir eituráhrifum af gasinu, sem lýsti sér í aðallega í sviða í augum, uppköstum, ertingu og verkjum í öndunarfærum og lungum sem leiddi til mikilla öndunarerfiðleika í alvarlegustu tilvikunum.

Björgunaraðgerðir vegna atviksins voru afar umfangsmiklar.



**Á SPÍTALA EFTIR SLYSIÐ** Nokkrir þurftu að leita til læknis í kjölfar slyssins með alvarlega öndunarörðugleika, þar á meðal börn. Hús voru rýmd og björgunaraðgerðir voru afar umfangsmiklar. MYND/HELGI GARÐARSSON

Fjórtán hús í nágrenni laugarinnar voru rýmd og björgunarsveitir voru kallaðar út, sem og flugvél og þyrla Landhelgisgæslunnar. Sjúkraliðar og læknar voru fluttir frá Akureyri til Neskaupstaðar, þangað sem farið var með fólk á sjúkrahús, og nokkrir voru fluttir á spítala til Reykjavíkur.

Refsing fyrir gáleysisbrot sem þessi getur numið fjársektum og allt að þriggja ára fangelsisvist.

Brynjar Níelsson, lögmaður yngri mannsins, segir ákæruna harkalega. „Mér finnst svolítið harkalegt að ákæra fyrir þetta. Stráknum er sagt að fara með þennan tank og fylla á annan tank, og menn gera það bara án þess að lesa hverja einustu áletrun,“ segir hann og bætir við að ljóst sé að áletrunin hafi verið mjög afmáð. Ekki náðist í hinn ákærða.

Kristín Edwald, lögmaður þess eldri, sagðist nýtekin við málinu og ekki vera nægilega vel inni í því til að geta tjáð sig um það að svo stöddu. Skjólstæðingur hennar neitaði að tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

stigur@frettabladid.is

Fyrstu niðurstöður úr verðmælingum verðlagseftirlits ASÍ í matvöruverslunum:

# Mest lækkun í drykkjunum

**MATVÆLAVERÐ** Lágvöruverðsverslanirnar skila lækkuninni á virðisaukaskatti og vörugjöldum 1. mars í samræmi við útreikninga Hagstofunnar á því hversu mikið matarverð lækkar til neytenda. Þetta kemur fram í fyrstu niðurstöðum úr viðamiklum verðmælingum verðlagseftirlits ASÍ í matvöruverslunum.

Verð í lágvöruverðsverslunum hækkaði um 0,2-2,2 prósent á tímabilinu frá desember fram í febrúar. Mest var verðhækkunin í verslunum Krónunnar en minnst í Bónus. Frá febrúar fram í mars lækkaði verð um 6,4-11 prósent, minnst í Nettó en mest í Krónunni.

Mest var verðlækkunin á gosdrykkjum, söfum og vatni í kjölfar lækkana á virðisaukaskatti og vörugjöldum. Þá lækkaði verð á vörum í flokki sykurs, súkkulaðis og sætinda næstmest, eins og sjá má á vef ASÍ.

Í Bónus lækkuðu gos, safar og vatn mest, kaffi og te og kakó næstmest. Í Krónunni lækkaði gos, safar og vatn mest en kjöt næstmest.

Í Kaskó lækkuðu gos, safar og vatn mest og sykur, súkkulaði og sætindi næstmest. Í Nettó lækkuðu drykkirnir líka mest og næstmest sykur, súkkulaði og sætindi. - ghs

**VERÐLÆKKUNIN FEBRÚAR-MARS**

| **Bónus** | **%** |
|---|---|
| Gos, safar og vatn | -20,5 |
| Kaffi, te og kakó | -9,9 |
| Sykur, súkkulaði og sætindi | -8,7 |
| **Krónan** | |
| Gos, safar og vatn | -26 |
| Sykur, súkkulaði og sætindi | -13,3 |
| Kjöt | -13,7 |
| **Kaskó** | |
| Gos, safar og vatn | -13,5 |
| Sykur, súkkulaði og sætindi | -12,3 |
| Brauð og kornvörur | -8,2 |
| **Nettó** | |
| Gos, safar og vatn | -14,1 |
| Sykur, súkkulaði og sætindi | -8,7 |
| Olíur og feitmeti | -6,2 |

# STYTTU ÞÉR LEIÐ FÁÐU ÞÉR SEÐIL Á AVANT.IS

## Seðillinn styttir þér leið í bílafjármögnun

Avant Seðillinn er nýjung sem gerir fjármögnun bifreiðakaupa einfaldari og fljótlegri en nokkru sinni fyrr. Þú fyllir út umsókn á avant.is og færð svo sendan Seðil í pósti eftir nokkra daga.

Seðillinn er staðfesting á að þú fáir hagstætt bílalán hjá Avant. Þú ferð einfaldlega með hann á næstu bílasölu og kaupir svona bíl. Þægilegra getur það varla verið!




Avant er nýtt fyrirtæki á sviði bílafjármögnunar sem byggir á traustum grunni Sjóvá fjármögnunar.

AVANT
Styttu þér leið




UMSÓKNARFRESTUR Í MEISTARANÁM
VIÐ VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD ER TIL 16. APRÍL

Viðskipta- og hagfræðideild býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt meistaranám sem tekur mið af því besta sem gerist í heiminum í dag. Námið er þekkt fyrir góða fræðilega undirstöðu og nemendur öðlast víðtæka innsýn í verkefni og áskoranir atvinnulífsins.

Námsleiðir í meistaranámi:

- Fjármál fyrirtækja
- Fjármálahagfræði
- Hagfræði
- Heilsuhagfræði
- Mannauðsstjórnun
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- Reikningshald og endurskoðun
- Stjórnun og stefnumótun
- Viðskiptafræði
- Umhverfis- og auðlindafræði (þverfaglegt)

Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.
Deildin býður einnig upp á MBA-nám.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um námsleiðir er að finna á heimasíðu viðskipta- og hagfræðideildar, vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37006 04/07



LEGACY SUBARU

2 daga reynsluakstur
Subaru Legacy*



Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

Sedan verð frá 2.490.000,- Bílasamningur Glitnis** 30.243,-
Wagon verð frá 2.640.000,- Bílasamningur Glitnis** 32.049,-

SYMMETRICAL AWD

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS

** Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

*Á meðan birgðir endast.


Flóðbylgjan við Salómonseyjar:

# Skall á landi rétt eftir skjálfta

**SALÓMONSEYJAR, AP** Flóðbylgjan sem skall á Salómonseyjum í fyrradag reið yfir aðeins fimm mínútum eftir að jarðskjálftinn sem olli henni varð.

Vitað er fyrir víst að 28 létust vegna flóðbylgjunnar en talið að fleiri látnir eigi eftir að finnast.

Jarðskjálftinn mældist 8,1 stig og var í 40 kílómetra fjarlægð frá bænum Gizo sem varð verst úti.

Fimmtán mínútum eftir að níu stiga jarðskjálfti varð í Indlandshafi árið 2004 skall risavaxin flóðbylgja á landi sem olli dauða 230.000 manns.

- sdg



**DAGINN EFTIR** Yfir fimmþúsund manns misstu heimili sín í flóðunum. NORDICPHOTOS/AFP



**VIKTOR JÚSTSJENKO** Tilkynnti um upplausn þingsins á mánudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mótmælendur safnast til Kíev

**Eftir að Jústsjenko Úkraínuforseti ákvað að leysa upp þing og boða til kosninga safnast stuðningsmenn Janúkovítsj til að mótmæla í höfuðborginni.**

**ÚKRAÍNA, AP** Þúsundir stuðningsmanna Viktors Janúkovítsj forsætisráðherra streymdu til úkraínsku höfuðborgarinnar í gær til að taka þátt í mótmælum gegn þeirri ákvörðun Viktors Jústsjenko forseta að leysa upp þing og boða til kosninga. Með ákvörðuninni rauf Jústsjenko viðkvæmt pólitískt vopnahlé sem í reynd hafði verið í gildi milli þeirra Janúkovítsj.

Ákvörðunin hefur valdið alvarlegustu kreppu í úkraínskum stjórnmálum síðan appelsínugula byltingin var gerð síðla árs 2004, en í henni missti Janúkovítsj forsetastólinn í hendur Jústsjenkos. Seinna varð hinn Rússlandsholli flokkur Janúkovítsj stærsti flokkurinn á þingi og þannig hlaut hann tilkall til forsætisráðherraembættisins.

Stuðningsmenn Janúkovítsj hafa komið upp ört vaxandi tjaldbúðum á torginu við þinghúsið í Kíev, en stuðningsmenn Jústsjenkos sögðust ætla að koma upp sviði til útifundahalds á Sjálfstæðistorginu þar skammt frá.

Meirihlutasamsteypan á þingi hyggst halda áfram fundahaldi í þinghúsinu þar til stjórnlagadómstóll landsins hefur úrskurðað um lögmæti ákvörðunar Jústsjenkos, að því er Janúkovítsj sagði í gær.

Þingmeirihlutinn ákvað enn fremur að reka yfirkjörstjórnina og hét því að gefa ekki heimild til þeirra fjárveitinga sem nauðsynlegar væru til að halda kosningar. Samkvæmt ákvörðun Jústsjenkos forseta eiga þær að fara fram hinn 27. maí.

Forsetinn og forsætisráðherrann áttu að hittast á sáttafundi síðla í gær en líkurnar á að eitthvað kæmi út úr honum virtust mjög litlar.



**VIKTOR JANÚKOVÍTSJ** Ákveðinn í að andæfa ákvörðun Jústjenkos. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við erum lent í raunverulegu kreppuástandi því að báðir aðilar hafa gengið það langt að ekki verður aftur snúið,“ hefur AP eftir Ivan Lozowy, óháðum stjórnmálaskýranda. „Báðir eru þannig að upplagi að málamiðlun er nærri því útilokuð.“

Jústsjenko sakar forsætisráðherrann um að brjóta gegn samkomulagi sem þeir gerðu í fyrra, þar sem kveðið var á um helstu stefnumál í innan- og utanríkismálum. Hann segir Janúkovítsj enn fremur vera að reyna að sniðganga forsetaembættið.

audunn@frettabladid.is

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR OG ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA PÁSKA



**Hugleiðum eftirfarandi málshátt frá Kasmír yfir páskahátíðina:**

**Við fengum landið ekki í arf frá forfeðrum okkar – við erum einungis með það að láni hjá afkomendum okkar ....**

## Íslandshreyfingin býður til stefnumóts á eftirfarandi stöðum:

Húsavík 4. apríl kl. 12.00
Egilsstöðum 10. apríl kl. 12.00
Höfn í Hornafirði 10. apríl kl. 20.00
Selfossi 11. apríl kl. 20.00
Reykjavík 12. apríl kl. 20.00
Reykjanesbæ 13. apríl kl. 20.00
Hafnarfirði 14. apríl kl. 12.00

**Kynntu þér stefnuskrá okkar á www.islandshreyfingin.is**

**Íslandshreyfingin, Kirkjuhvoli, 101 Reykjavík**
**Íslandshreyfingin, Hlíðarsmára, 201 Kópavogi**
**Íslandshreyfingin, Hafnarstræti, 600 Akureyri**

Sími 534 9000

ÍSLANDSHREYFINGIN
*lifandi land*




## Væntanlegt reykingabann á veitingastöðum:

# Tjalddrykkja leyfð


KORMÁKUR GEIRHARÐSSON

**VEITINGAR** Kormákur Geirharðsson, vert á Ölstofunni, telur að reglur kunni að verða rýmkaðar, svo að viðskiptavinir veitingastaða megi njóta áfengis í reykingaskýlum utandyra þegar reykingabann gengur í gildi í sumar.

Kormákur hitti lögmann heilbrigðisráðuneytis í gær en fundur þeirra var haldinn að frumkvæði ráðuneytisins. Voru Kormáki þar kynnt drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum. Hann segir að enn sé um drög að ræða, og erfitt að gera ráðstafanir út frá þeim.

Kormákur segir aðra kráareigendur hafa hringt á Ölstofuna síðustu daga til að lýsa yfir stuðningi. „Það eru fleiri kráareigendur alveg til í að taka þennan slag og fá úr þessu skorið. Við höfum ekki efni á því að borga þetta einir, ég tala nú ekki um þegar reykingabannið kemur.“ **- kóþ**


**GERT AÐ HANDLEGG** Formaður Félags hjúkrunarfræðinga segir laun þurfa að hækka og hjúkrunarnemum að fjölga til að snúa þróuninni við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mannekla ógnar öryggi

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega sex hundruð hjúkrunarfræðinga vantar til þess að leysa úr þeim skorti sem er á íslenskum heilbrigðisstofnunum. Talan fer upp í 749 árið 2015 verði ekkert að gert. Þetta er meðal niðurstaðna í skýrslu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sem kynnt var í fyrradag.

„Þetta er ekki einungis stéttarmál heldur grafalvarlegt samfélagsmál,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður félagsins. „Allar rannsóknir benda til þess að það sé beint samband á milli fjölda hjúkrunarfræðinga á vakt og hvernig sjúklingum reiðir af. Vegna skortsins erum við að veita lakari þjónustu en við vildum og ógnum öryggi sjúklinga.“

Samkvæmt skýrslunni eru alls 445 stöðugildi ómönnuð en vegna þess að meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga er nokkuð lægra en hundrað prósent þarf fleiri en 445 til að manna stöðurnar.

Elsa segir þrennt þurfa að gerast til að þróuninni verði snúið við. „Það þarf að hækka laun til að halda þeim í starfi sem við höfum nú þegar. Það þarf að fjölga nemum og það þarf að gera breytingar á störfum elstu hjúkrunarfræðinganna svo við náum að halda þeim lengur í starfi.“

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, segir að verið sé að vinna með félagi hjúkrunarfræðinga og Landspítala - háskólasjúkrahúsi ásamt fleirum að því að leita sameiginlegra lausna á vandanum. „Þessi hópur mun kynna tillögur sínar varðandi framhaldið innan nokkurra vikna,“ segir hún.

Siv segist ánægð með það skref sem var tekið síðastliðið haust þegar hún og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fjölguðu nemaplássum í hjúkrunarfræði um 40 prósent. „Vissulega þarf meira að koma til í framtíðinni en þessi aukning er áþreifanlegasta breytingin.“

Kjarasamninga segir Siv vera á hendi fjármálaráðuneytis og vera í gildi til marsloka 2008.

Rúmlega þrjú þúsund hjúkrunarfræðingar eru á vinnualdri á Íslandi í dag. **salvar@frettabladid.is**






# Gleðilega páska!



TILBOÐ

**Páskaliljur**

10 stk.

**795 kr.**



TILBOÐ

**Páskakerti**

35 kr. stk.



**Troðfullt gróðurhús**

af spennandi plöntum í garðinn



TILBOÐ

**Stórar páskagreinar**

150 kr. stk.



TILBOÐ

**20% afsláttur af**

**öllum vorlaukum!**

Opnunartími yfir páskana

*Skírdagur: 10.00 - 21.00*
*Föstudagurinn langi: Lokað*
*Laugardagur: 10.00 - 21.00*
*Páskadagur: Lokað*
*Annar í páskum: 10.00 - 21.00*

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Nýju Weber-grillin komin!

weber





Kínversku pari gert að yfirgefa hús sitt og flytja annað:

# Húsið rifið fyrir nýbyggingu

**KÍNA** Tveggja ára baráttu pars fyrir tilverurétti húss síns í kínversku borginni Chongqing lauk með niðurrifi hússins í gær, að því er fréttavefur BBC greinir frá.

Þrátt fyrir að parið hafi neitað að selja þegar verktakar keyptu upp öll hús í nágrenninu voru framkvæmdir hafnar alls staðar í kringum hús þess. Að lokum gafst fólkið upp og samdi við borgaryfirvöld um að flytja í íbúð annars staðar í borginni.

Mörgum þótti barátta parsins fyrir eignarrétti sínum hetjuleg en talsvert er um að húseigendur segist vera flæmdir burt með vafasömum aðferðum til að rýma fyrir örri uppbyggingu í Kína. - sdg



**EITT OG YFIRGEFIÐ** Húsið gnæfði yfir byggingarlandið áður en það var rifið í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**GEIMFARI OG FORSETI Á SPJALLI** John Glenn varð fyrstur Bandaríkjamanna til að fara umhverfis jörðina í geimnum. Hann fór aftur út í geiminn á gamals aldri og varð þá elsti geimfari sögunnar.

Forseti Íslands á fyrirlestraferð um Vesturheim:

# Samið um samstarf við Ríkisháskólann í Ohio

**SAMNINGUR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, átti á mánudag fund við forystumenn stærsta háskóla Bandaríkjanna, Ríkisháskólann í Ohio, þar sem þeir lýstu ríkum vilja til að efla samstarf við íslenskt vísindasamfélag. Í heimsókninni voru undirritaðir þrír samningar milli skólans og þriggja íslenskra háskóla: Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólans og Háskólans á Akureyri.

Einnig voru mótaðar tillögur um rannsóknarverkefni í landgræðslu, orkumálum, jöklafræðum og um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Forsetinn ræddi við John Glenn, fyrrverandi öldungadeildarþingmann og geimfara, en við skólann er starfrækt stofnun kennd við Glenn þar sem stundaðar eru rannsóknir á sviði stjórnsýslu, stefnumótunar og þróunar lýðræðis.

Forsetinn fjallaði í fyrirlestri um frumkvæði Íslands í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. - sh

Útlendingar vilja veita GSM-þjónustu á Íslandi:

# Svissnesk fyrirtæki buðu best í GSM-leyfi

**VIÐSKIPTI** Fjögur fyrirtæki, þar af tvö svissnesk, buðu í leyfi til reksturs nýrra farsímakerfa á Íslandi. Tilboðin voru opnuð hjá Póst- og fjarskiptastofnun í gær og ætlar að stofnunin að taka sér tæpan mánuð í skoðun þeirra áður en leyfin verða veitt.

Svissnesku fyrirtækin eru Amitelo og BebbiCell en þau áttu jafnframt bestu tilboðin. Hin tvö eru Núll-Níu og IP-fjarskipti. Stærsti hluthafi Núll-Níu er hollenska fyrirtækið Scarlet Holdings NV, sem selur fyrirframgreidd farsímakort víða um heim.

Tveimur umsækjendum verður úthlutað tíðniheimildum að loknu mati á þeim en sérhver tíðniheimild gildir fyrir allt landið.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir úthlutunina fela aðeins í sér uppbyggingu á farsímanetunum. Litið verði meðal annars til hraða uppbyggingarinnar og til hversu stórs hóps farsímanetið nái fyrir ákveðinn tíma. „Það þýðir það núna að félögin geta farið í það núna að byggja upp fjarskiptanetin,“ segir hann.



**HRAFNKELL V. GÍSLASON** Fjögur fjarskiptafyrirtæki, þar af tvö erlend, buðu í leyfi til að setja upp GSM-þjónustu. Leyfunum verður úthlutað fyrir lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hrafnkell segir að í útboðinu felist að fjarskiptafélögin reisi eigin senda þegar úthlutun er í höfn. Þau eru hins vegar ekki skikkuð til þess og er ekkert því til fyrirstöðu að þau semji við önnur félög á borð við Símann eða Vodafone um notkun senda. - jab


Byrjaðu ferðina heima,
- og bókaðu bílinn strax!



Ef þú bókar fyrir 1. maí færðu 1.000 Vildarpunkta

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 522 44 00 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Safnaðu Vildarpunktum

Hertz

522 44 00 • www.hertz.is

www.volkswagen.is




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.**

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6934

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



26% afsláttur

ÖND ÍSLENSK
ÚRVALSFRAMLEIÐSLA

959 kr. kg



24% afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND

2.498 kr. kg



Þú sparar 300 kr. kg

Nýtt

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAKÓRÓNA
AÐ HÆTTI GRIKKJA

2.698 kr. kg



23% afsláttur

KALKÚNABRINGUR
MEÐ APRIKÓSUM

1.998 kr. kg



EÐALFISKUR LAX
REYKTUR OG GRAFINN

25% afsláttur



VSV HUMAR
A FLOKKUR

30% afsláttur



ARGENTÍNU
GRILLSÓSUR

374 kr. stk.




EMMESS ÍSKAKA
6-8 MANNA

699 kr. stk.




TAPINI KEX

139 kr. pk.




Páskablandið



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Páskatilboð
veislufugl
Opnunartími yfir páskana
05. apríl Skírdagur 10.00 – 21.00*
06. apríl Föstudagurinn langi Lokað
07. apríl Laugardagur 10.00 – 21.00*
08. apríl Páskadagur Lokað
09. apríl Annar í páskum 11.00 – 21.00*
*Nóatún Smáralind er opið frá kl. 11-20.
15% afsláttur
MÓA VEISLUFUGL M/FYLLINGU
764 kr. kg
Eigðu örugga páska með kjöti frá Nóatúni!
Tilboð!
Úr Kjötborði Nóatúns
23% afsláttur
LAMBA FRAMHRYGGS-SNEIÐAR
1.298 kr. kg
NÓATÚNS GRÍSA-HAMBORGARHRYGGUR
1.298 kr. kg
43% afsláttur
UNGNAUTA-HAMBORGARAR 90 g
79 kr. stk.
Veisluostar
Camembert - Hrókur - Höfðingi
Ferskt grænmeti og ávextir
alla daga í grænmetistorginu
Verði ykkur að góðu!

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 99.900

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Listar Íslandshreyfingarinnar og Baráttusamtakanna:

# Kynntir eftir páska

**STJÓRNMÁL** Framboðslistar Íslandshreyfingarinnar verða að öllum líkindum kynntir strax eftir páska, sem og listar Baráttusamtakanna.

Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar, segir uppstillingu ganga vel. „Ég held að þetta sé allt að smella saman. Við munum kynna listana okkar fljótlega eftir páska. Við gerum okkur grein fyrir því að það má ekki gerast mikið seinna.“

Að sögn Margrétar hafa ekki margir skráð sig í flokkinn enn. Hún segir tæknilegum örðugleikum helst um að kenna, sem gerðu það að verkum að ekki var unnt að skrá sig til liðs við flokkinn á vefsíðu hans fyrr en nú eftir helgi.

Arndís Herborg Björnsdóttir, formaður Baráttusamtakanna, sem er bandalag baráttusamtaka eldri borgara, öryrkja og Höfuðborgarsamtakanna, segir sömuleiðis að vel gangi að finna fólk á lista. „Það gengur vonum framar og listarnir verða kynntir eftir páska.“ Arndís segir að búast megi við þekktum andlitum á listum flokksins, en vildi ekki gefa upp hver þau væru.

Báðir flokkar hyggjast bjóða fram í öllum kjördæmum landsins.

- sh



**MATZOTH-BAKSTUR** Strangtrúaður gyðingur í Jerúsalem aðgætir hvort nýbakað matzoth-flatbrauð sé eins og lög gera ráð fyrir. Ungur trúbróðir fylgist með. NORDICPHOTOS/AFP

Páskahátíð gyðinga gekk í garð á mánudagskvöld:

# Gervörur á bannlistanum

**ÍSRAEL** Páskahátíð gyðinga hófst við sólarlag á mánudagskvöld, en hún er haldin til minningar um brottrekstur gyðinga frá Egyptalandi eins og greint er frá í Gamla testamentinu.

Ýmsar rótgrónar hefðir eru tengdar páskahátíðinni. Rétttrúuðum gyðingum er bannað að borða allan mat sem ger er notað í, svo sem venjulegt brauð, yfir hina vikulöngu hátíð. Ein af hefðunum er því sú að baka sérstakt gerlaust flatbrauð, svonefnd matzoth-brauð, til neyslu yfir páskana. Það er eina brauðið sem þá telst „kosher“, eins og gyðingar segja um mat sem samræmist trúarbókstafnum.

- aa

ÁRSFUNDUR

ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2007

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins árið 2007 verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2007 á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2006 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*
*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN www.almenni.is

Google gabbar netnotendur:

# Ókeypis internet í gegnum klósett

**BANDARÍKIN** **Netfyrirtækið Google gabbaði fjölda netnotenda 1. apríl með því að auglýsa ókeypis þráðlaust internet sem fer í gegnum pípulagnir notandans.**

**Í tilkynningu frá fyrirtækinu var þjónustan, sem nefnist „Toilet Internet Service Provider“, mærð og sögð bylting fyrir notendur sem hugsa best á klósettinu.**

**Í gabbinu sagði að notandinn þyrfti aðeins að sturta tiltekinni netsnúru niður klósettið, stinga hinum endanum í samband við búnað frá Google og bíða í klukkutíma til þess að komast á internetið.**

- sþs



**PÁSKAEGGJAMÁLUN** Drengur í Frankfurt am Main í Þýskalandi málar egg í tilefni af páskahátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# -5 kr.

Í dag bjóðum við 5 kr.
afslátt af eldsneyti
um allt land!

Turtle-
bónvörur
25%
afsláttur

Sælgæti úr
nammi-
barnum
60%
afsláttur

Rúðuvökvi
50%
afsláttur

Þurrkublöð
50%
afsláttur

Leikföng
25%
afsláttur

Sóma
samlokur
og langlokur
25%
afsláttur

Tilboðsdögum lýkur í dag og því um að gera að renna við á næstu ESSO stöð og gera frábær kaup. Þeir sem vilja hafa bílinn skínandi yfir hátíðarnar geta náð sér í Turtle-bónvörur á 25% afslætti, hágæða bón sem verndar bílinn. Fyrir fólk á ferðinni er mikilvægt að börnin séu ánægð og því bjóðum við 25% afslátt af öllum leikföngum. Komdu við og gleddu börnin og bílinn!

ESSO

Fíton/SÍA

## „ORÐRÉTT“

### Ekki á heimavelli

**„Framsóknarflokkurinn á nú ekki nema 300 atkvæði hér í Hafnarfiði og því ósköp eðlilegt að hann þekki lítið til hér.“**

LÚÐVÍK GEIRSSON, BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR, GEFUR EKKI MIKIÐ FYRIR ORÐ JÓNS SIGURÐSSONAR, FORMANNS FRAMSÓKNARFLOKKSINS, UM AÐ STRAUMSVÍKURKOSNING HAFI EKKI LAGALEGT GILDI.

**Fréttablaðið 3. apríl**

### Er búið að tryggja sýningarréttinn?

**„Þetta er svolítið eins og „American Idol“ óperuheimsins.“**

DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR ÚTSKÝRIR SÖNGVARAKEPPNI METROPOLITAN-ÓPERUNNAR, EN HÚN KOMST Í 11 MANNA ÚRSLIT.

**Morgunblaðið 3. apríl**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓNA FANNEY FRIÐRIKSDÓTTIR BÆJARSTJÓRI Á BLÖNDUÓSI

# Gæsirnar komnar með vorið



„Það er að sjálfsögðu allt gott að frétta frá Blönduósi. Vorið er komið og fólk er farið að bretta upp ermarnar hvað varðar framkvæmdir sumarsins,“ segir Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri á Blönduósi.

Að sögn Jónu er mikið að gerast í skipulagsmálum á Blönduósi. „Við erum til dæmis að fara að byggja sundlaug og erum að vinna undirbúningsvinnuna núna,“ segir Jóna en nýja sundlaugin verður við íþróttahús bæjarins. „Svo erum við einnig að byggja við leikskólann á staðnum og fyrir örfáum dögum síðan reis þak á þá byggingu. Það er því mikil uppbygging á Blönduósi og hugur í mönnum að byggja,“ segir Jóna.

Bæjarstjórinn ætlar að hafa það gott yfir páskahátíðina og slappa af í faðmi fjölskyldunnar. „Ég á tvö börn á menntaskólaaldri og fagna því að fá þau heim,“ segir Jóna en dóttir hennar stundar nám í MA og sonurinn í MH. „Það verður gott að hafa þau heima um páskana og hér verður fjölskyldustemning. Við ætlum bara að hafa það gott saman, fá vini í heimsókn, fara í pottinn og grilla lambalæri,“ segir Jóna, sem er ekki í nokkrum vafa um að vorið sé komið. „Gæsirnar eru komnar,“ segir Jóna. „Það er alltaf mikið um gæsir á Blönduósi og þær eru vorboðinn okkar.“

## NÁTTFÖT

### PERSNESKAR FÓTAFLÍKUR



■ Náttföt þau sem algengust eru í dag eiga rætur að rekja til Suður- og Vestur-Asíu. Í ensku er orðið pajamas notað yfir náttföt en það kemur upphaflega úr persnesku og þýðir „fótaflík“. Pajamas-buxur eru víðar og úr þunnu efni og hafa verið notaðar í Asíu frá ómunatíð. Bretar tileinkuðu sér buxurnar þegar heimsveldi þeirra var á hátindi sínum á 18. og 19. öld. Þeir bættu hins vegar náttjakka við buxurnar og sköpu þar með náttfötin eins og við þekkjum þau í dag.

## SJÓNARHÓLL

STRAUMSVÍKURKOSNINGIN

# Ólýðræðislegar kosningar

„Það er ekkert lýðræðislegt við það að íbúar Hafnarfjarðar einir geti kosið um framtíðaratvinnumöguleika alls höfuðborgarsvæðisins,“ segir Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, laganemi við Háskóla Íslands, um nýafstaðnar kosningar um álverið í Straumsvík. Vilhjálmur telur opinbert skipulag almennt of veigamikið gagnvart eignarréttindum.

„Hægt er að taka eignir af fólki með eignarnámi ef þær samrýmast ekki deiliskipulagi. Komið er í veg fyrir samkeppni því það samrýmist ekki deiluskipulagi og svo er hægt að koma í veg fyrir tilteknar framkvæmdir á einkaeign sem hafa áhrif fyrir allt landið, á grundvelli deiliskipulags.“ Ef framkvæmd rýrir eignarréttindi nágranna ber að skoða það að mati Vilhjálms.

„En þegar sjónarmiðin eru aðallega huglægt mat á fegurð á móti lögmætri uppbyggingu á einkaeign sem er til staðar og hefur staðist umhverfismat, þá finnst mér vafasamt að koma megi í veg fyrir framkvæmdina á þeim grundvelli. Nær væri að sá sem framkvæmi bæti nágrönnum það ef þeir bera skaða af.“



**VILHJÁLMUR ÞÓR VILHJÁLMSSON**
Laganemi við Háskóla Íslands.




VANTAR ÞIG VANA IÐNAÐARMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

INNRITUN
GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Innritun 6 ára barna, fædd 2001, sem hefja eiga nám í grunnskólum Reykjanesbæjar haustið 2007, fer fram á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, í síma 421 6700 eða á upplýsingavef Reykjanesbæjar: *reykjanesbaer.is*

Foreldrar 6 - 9 ára barna (1. - 4. bekkur) þurfa að sækja um í Frístundaskóla til að tryggja sér vist að hausti.
Einnig þarf að tilkynna um flutning eldri nemenda milli skóla og nýskráningu.

Foreldrar/forráðamenn vinsamlegast athugið að innrita börn ykkar fyrir 20. apríl n.k.

**Fræðslustjóri.**



Fræðslusvið ••• reykjanesbaer.is




**MYND ÚR SOSIALURIN** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Högni Hoydal, formaður Lýðveldisflokksins og fyrrverandi lögmaður Færeyja, skoða myndina sem birtist í færeyska dagblaðinu Sosialurin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eiður sem Búdda á börum

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra opnaði aðalræðisskrifstofu Íslendinga í Þórshöfn í Færeyjum um síðustu helgi og afhjúpaði skjaldarmerki Íslands á húsinu um leið og íslenski fáninn var dreginn að húni. Við þetta tækifæri þakkaði hún fráfarandi heiðursræðismanni Íslendinga, Poul Mohr, fyrir störf í þágu Íslendinga og færði honum íslenskt beisli að gjöf. Fulltrúi færeyska dagblaðsins Sosialurin afhenti við þetta tækifæri innrammaða teikningu sem sýnir Poul Mohr, Högna Höydal, fyrrverandi lögmann Færeyja, og núverandi lögmann, Jóannes Eidesgaard, með Eið Guðnason aðalræðismann sem Búdda á börum. Teikningin mun vafalaust prýða skrifstofu aðalræðismannsins starfsmönnum, gestum og gangandi til ánægju og yndisauka.



**HÁTÍÐLEG ATHÖFN** Gríðarlegur fjöldi gesta, bæði færeyskra og íslenskra, safnaðist saman í Norðurlandahúsinu í Færeyjum þar sem hátíðleg athöfn fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FRÁ HÖFNINNI Í ÞÓRSHÖFN** Íslenskir veislugestir á göngu við höfnina í Þórshöfn. Frá vinstri: Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, Róbert Agnarsson, sérfræðingur hjá Kaupþingi, og Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SPIK OG KJET AF GRINDHVAL** Boðið var upp á fjölbreytt úrval sjávarrétta og gátu gestir meðal annars bragðað á grindkjöti og grindspiki auk annars ljúfmetis sjávarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ProStyle 2007

hönnun • gæði • skemmtun • upplifun

## 26" Hill Rider




**Stærð:** 26"
**Gírar:** 21 gír, SHIMANO
**Bremsur:** Handbremsur að framan og aftan
**Gaffall:** Gaffall með dempara
Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og framan
bjalla
lás

Gott verð 19.999 kr

## 26" Dirt Rider




**Stærð:** 26"
**Gírar:** 21 gír, SHIMANO
**Bremsur:** Handbremsur að framan og aftan
**Gaffall:** Gaffall með dempara
Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og framan
bjalla
lás

Gott verð 19.999 kr

## 20" Free Style




**Stærð:** 20"
**Bremsur:** Handbremsur að framan og aftan
Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og framan
bjalla
lás

29.999 kr

## 26" Infinity




**Stærð:** 26"
**Gírar:** 21 gír, SHIMANO
**Bremsur:** Diskabremsur að framan og aftan
**Gaffall:** Gaffall með dempara
Álstell, glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan
bjalla
lás

49.999 kr

## 26" Puma




**Stærð:** 26"
**Gírar:** 21 gír, SHIMANO
**Bremsur:** Diskabremsur að framan og aftan
**Gaffall:** Gaffall með dempara
Álstell, glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan
bjalla
lás

34.999 kr

## 26" Tiger




**Stærð:** 26"
**Gírar:** 21 gír, SHIMANO
**Bremsur:** Diskabremsur að framan og aftan
**Gaffall:** Gaffall með dempara
Álstell, glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan
bjalla
lás

34.999 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





# PÁSKAR

## Í SMÁRALIND

SKÍRDAG KL. 15.00

## X-FACTOR

ÁRITUN





Á fimmtudag, skírdag, munu Jógvan og Hara árita diska kl. 15 fyrir framan Hagkaup í Smáralindinni. Þau munu svo keppa til úrslita í X-Factor á föstudagskvöldið í beinni útsendingu á Stöð 2 klukkan 20.30.

## VILTU VINNA FLUGEGG?

Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair. Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, tvo miða til Evrópu með Icelandair, rafrænt gjafakort eða eitt af 80 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.

NÓI SÍRÍUS

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

## AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Skírdagur 5. apríl
opið 13-18

Föstudagurinn langi 6. apríl
LOKAÐ
Smárabíó opið
Pizza Hut opið 12-21

Laugardagur 7. apríl
opið 11-18

Páskadagur 8. apríl
LOKAÐ
Smárabíó opið

Annar í páskum 9. apríl
LOKAÐ
Smárabíó opið
Hagkaup opið 12-18
Nóatún opið 11-20
Adesso opið 13-18
Pizza Hut opið 12-21
Subway opið 12-18
Energia opið 13-18
Friday's opið frá kl 16
Ísinn opið 11-18
Nammi.is opið 11-18

## GJAFAKORT

Í FERMINGARGJÖF

Stundum getur verið vandasamt að velja réttu gjöfina handa fermingarbarninu. Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því þá getur unglingurinn sjálfur valið það sem hann langar í. Þú færð kortið ásamt flottum gjafakassa á þjónustuborði Smáralindar.



## OPIÐ Í KVÖLD MIÐVIKUDAG TIL KL. 21.00




Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## Svona erum við

> Fjöldi karlkyns fanga vegna fíkniefnabrota




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** RISNA OG REGLUR UM RISNUHALD HJÁ RÍKISSTOFNUNUM

# *Gilda um veisluhöld á vegum ríkisins*

Átta ráðherrar hafa kreditkort ríkisins á sínu nafni, fyrst og fremst til að standa straum af kostnaði á ferðalögum, samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum, til dæmis til að greiða fyrir hótelgistingu og risnu. Þar er einkum átt við veisluhöld á vegum ríkisins. Í sumum tilvikum fá ráðherrarnir líka dagpeninga.

**Hvaða reglur gilda um þessi kreditkort?**
Engar skýrar reglur eru til um kreditkortin og notkun þeirra. Ráðuneytunum er í sjálfsvald sett að láta ráðherra hafa kreditkort á sínu nafni og segir í svari frá ráðuneytunum að notkunin sé bundin við kostnað vegna ferðalaga og sé ekki til persónulegra innkaupa. Kreditkortin eru meðal annars notuð til að greiða risnu. Einu reglurnar sem til eru eru Reglur um risnuhald hjá ríkisstofnunum.



**Hvað er risna?**
Í reglum um risnuhald hjá ríkisstofnunum kemur fram að átt er við kostnað sem stofnun eða embætti efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim er risnunnar nýtur gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu. Fullnægjandi tilefni skal ávallt vera til þess að risna sé veitt, sem og fjárheimild og skrifleg heimild yfirmanns stofnunar eða hlutaðeigandi ráðuneytis.

**Hvað þarf til að risna sé greidd?**
Reikningar þurfa að vera skýrt sundurliðaðir og áritaðir af forstöðumanni stofnunar. Ef um háa risnu er að ræða þarf ríkisstofnun að hafa samráð við ráðuneyti sitt. Tilefni risnunnar og rökstuðning þarf ófrávíkjanlega að rita á reikninginn eða fylgiblað með honum. Þar á einnig að koma fram hverjir urðu risnunnar aðnjótandi.

**Hvað gerist síðan?**
Ríkisendurskoðun leggur mat á risnukostnaðinn og segir í Reglum um risnuhald hjá ríkisstofnunum að kostnaður vegna risnu skuli vera í lágmarki. Uppfylli reikningar ekki skilyrði getur Ríkisendurskoðun krafist skýringa. Telji Ríkisendurskoðun að reglur hafi verið brotnar getur viðkomandi ráðuneyti áminnt forstöðumann eða gripið til annarra aðgerða.

## SPURT & SVARAÐ

**ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN**

## *Í samstarfi við sex ríki*



**GEIR ODDSSON**
Verkefnisstjóri

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ÞSSÍ, tilkynnti í gær um nýgerðan samning við ríkisstjórn Sandinista í Níkaragva. Geir Oddsson er verkefnisstjóri fiskimála hjá stofnuninni.

**Hvað er ÞSSÍ?**
Stofnunin varð til árið 1981, en þá var fyrsta samstarfslandið Grænhöfðaeyjar. Stofnunin sér um tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga og annarra ríkja. Með því að öll verkefnin eru á forsendum stjórnvalda þeirra landa sem við störfum í, má segja að áherslurnar séu þeirra, en ekki okkar.

**Hvert er umfang stofnunarinnar?**
Starfsstöðvar okkar eru í sex löndum fyrir utan Ísland. Á skrifstofunum eru tveir til átta íslenskir starfsmenn og nokkrir innlendir.

**Hvað gerir stofnunin?**
Við vinnum á fimm afmörkuðum sviðum: sjávarútvegs-, menntunar-, heilbrigðis- og félagssviði og nýjasta sviðið er um jarðvarma sem orkulind. Við erum í samstarfi við sex ríki, þar af fjögur í Afríku. Í Asíu er það Srí Lanka og þar höfum við lagt áherslu á sjávarútvegsmál. Í Mið-Ameríku störfum við með Níkaragva, með áherslu á jarðvarma.


Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


# Framkvæmdir Framkvæmdasjóðs

**Lög um Framkvæmdasjóð aldraðra voru sett árið 1981 og var hlutverk hans að fjármagna byggingar eða kaup á húsnæði fyrir aldraða. Breyting var gerð á lögunum árið 1989 þannig að löglegt varð að veita styrki til endurbóta á húsnæði eldri borgara.**

Með breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra 1989 mátti einnig nýta fé sjóðsins í heimaþjónustu aldraða og önnur verkefni sem sjóðstjórn mælti með og ráðherra samþykkti. Tveimur árum síðar varð gerð enn önnur breyting sem hafði í för með sér að leyfilegt varð að nýta þriðjung þess fjár sem árlega rennur í sjóðinn til reksturs og annarra verkefna í þágu aldraðra. Þær breytingar hafa verið tilefni harðrar gagnrýni úr ýmsum áttum.

Fréttablaðið greindi frá því í júní í fyrra að undanfarin tíu ár hefðu sex milljarðar runnið í sjóðinn. Af þeirri upphæð hefðu 3,6 milljarðar, um 60 prósent, runnið til uppbyggingar húsnæðis en megintilgangur sjóðsins væri að standa undir þeim kostnaði. Ríkisvaldið hafði notað 2,5 milljarða til reksturs og styrkveitinga.

Málið var meðal annars tekið upp í aðdraganda sveitarstjórnakosninga og lét Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, hafa eftir sér að málið væri reginhneyksli.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík og núverandi borgarstjóri, sagðist hafa gagnrýnt árum saman að fé sjóðsins rynni í annað en byggingar á húsnæði eldri borgara.

**Styrkveitingar koma í ljós**
Ásta R. Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingar, lagði fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra á löggjafaþingi 2005 til 2006 um sundurliðun þeirra sem höfðu hlotið styrk úr sjóðnum. Svar úr heilbrigðisráðuneytinu barst síðasta starfsdag þingsins. Í svarinu kom fram að aðilar sem ekki virtust hafa bein tengsl við öldrunarþjónustu höfðu fengið styrki úr sjóðnum

Þess var getið að tafir hefðu orðið á svörum vegna þess að bókhaldsgögn Tryggingastofnunar ríkisins frá árinu 1999 til ársins 2002 væru komin í geymslu í Kópavogi og veruleg fyrirhöfn væri að nálgast þau. Ráðuneytið gæti einnig ekki veitt upplýsingar um styrkveitingar frá árinu 1998 og eldri þar sem Tryggingastofnun ríkisins hefði eytt þeim bókhaldsgögnum en lögum samkvæmt þarf ekki að geyma bókhaldsgögn lengur en sjö ár. Sundurliðunin sem þá var veitt náði til ársins 2004. Í lok þessa þings veitti ráðuneytið svo aðra sundurliðun styrkja til ársins 2006.

**Gagnrýnisraddir og svör**
Meðal þeirra sem hafa gagnrýnt úthlutanir úr sjóðnum eru stjórnarmenn Landssambands eldri borgara sem hefur krafist þess að Ríkisendurskoðandi fari yfir úthlutanir og hefur hann sagt að það verði gert.

Landsambandið lýsti einnig mikilli andstöðu við tilraunaverkefni um upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu við aldraða og aðstandendur þeirra. Ástæðan var sú að það taldi úthlutun upp á tæpar sjö milljónir úr sjóðnum til verkefnisins ekki hafa verið lagða fyrir stjórn sjóðsins. Siv Friðleifsdóttir sýndi þó fram á að gagnrýni á þá úthlutun var á misskilningi byggð. Farið hefði verið að lögum í tengslum við verkefnið.

Önnur úthlutun sem hefur verið í umræðunni er styrkveiting Jóns Kristjánssonar, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, til Garðars Cortes, stjórnanda Óperukórs Reykjavíkur. Garðar sagði í Fréttablaðinu 17. mars að hann hefði ekki vitað hvaðan styrkurinn kom og að hann hefði ekki þegið hann, hefði það legið ljóst fyrir.

Þegar Fréttablaðið kallaði eftir gögnum til ráðuneytisins kom þó í ljós að skýrt kom fram hvaðan styrkurinn kom auk þess sem ráðherra hafði sett það sem skilyrði fyrir veitingunni að kórinn myndi standa fyrir sex tónleikum á öldrunarstofnunum gegn hálfrar milljóna króna framlagi. Garðar játaði þá að misskilningur hefði átt sér stað, staðið yrði við skilmálana og vel það, nú þegar málið væri komið á hreint.



FRÉTTASKÝRING
**KAREN D. KJARTANSDÓTTIR**
karen@frettabladid.is



**FRAMKVÆMDASJÓÐUR ALDRAÐRA** Hörð gagnrýni hefur verið um úthlutanir úr sjóðnum. Á næsta ári verður hætt að veita fé úr honum til reksturs dvalar- og hjúkrunarheimila þótt hann muni áfram koma að styrkveitingum sem eiga að nýtast öldruðum.

## DÆMI UM STYRKI 2001–2006.

**2001**
- Kvenréttindafélag Íslands án skýringa 100.000 kr.
- Ungmennafélag Íslands vegna tækjakaupa 600.000 kr.
- Öldrunarlækningasjúkrahúsið Landakoti án skýringa 1.500.000 kr.
- Nefnd um breytta ímynd án skýringa 1.500.000 kr.

**2002**
- Utanríkisráðuneytið vegna alþjóðaþings um málefni aldraðra 500.000 kr.
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir styrkur til ráðstefnuferðar 150.000 kr.
- Gunnar Kvaran og Haukur Guðlaugsson fyrir tónleikahald á öldrunarstofnunum 300.000 kr.
- Háskóli Íslands vegna launakostnaðar lektorsstöðu 4.222.000 kr.

**2003**
- Gunnar Kvaran og Haukur Guðlaugsson fyrir tónleikahald á öldrunarstofnunum 1.000.000 kr.
- LHS rannsóknastofa fyrir rannsóknir í öldrunarfræðum 1.500.000 kr.

**2004**
- Gunnar Kvaran og Haukur Guðlaugson fyrir tónleikahald á öldrunarstofnunum 450.000 kr.
- Óperukórinn í Reykjavík vegna tónleikahalds á öldrunarstofnunum 500.000 kr.
- Ellimálaráð Þjóðkirkjunnar vegna sumardvalar eldri borgara 300.000 kr.
- Boði, Svavar Sigurðsson fyrir forvarnarstarf 100.000 kr.
- Háskóli Íslands vegna launakostnaðar lektorsstöðu 4.485.800 kr.

**2005**
- Fjölskyldu- og skólaskrifstofa Ísafjarðar fyrir ferðastyrk á ráðstefnu 14.734 kr.
- Hanna Steinsson fyrir ferðastyrk á ráðstefnu í Noregi 82.018 kr.
- Jón Snædal fyrir ferðastyrk á ráðstefnu í Noregi 71.678 kr.
- Ellimálaráð Þjóðkirkjunnar vegna sumardvalar eldri borgara 300.000 kr.

**2006**
- Gunnar Kvaran og Haukur Guðlaugsson fyrir tónleikahald á öldrunarstofnunum 669.751 kr.
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fyrir prentun bæklingsins Ný sýn 447.558 kr.
- Pálmi Jónsson læknir fyrir þróun og aðlögun á RAI-mælitæki 1.713.090 kr.

## Þörf á skýrari reglum



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA**

„Sjóðurinn mun áfram styrkja verkefni en í ljósi þeirrar umræðu sem orðið hefur tel ég rétt að frekari reglur verði settar um úthlutanir úr Framkvæmdasjóð aldraða,“ segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra.

Siv segir eðlilegt að sjóðurinn geti áfram styrkt verkefni í þágu aldraða áfram þótt skýra þurfi reglurnar.

Siv bendir einnig á að á næsta ári verði hætt að veita fé til reksturs úr sjóðnum en það hefur verið gert frá árinu 1989.

Heilbrigðisráðuneytið hefur ráðstafað 711,8 milljónum úr sjóðnum fyrir árið 2007 til uppbyggingar verkefna í öldrunarþjónustu. Rúmar 655 milljónir munu renna til dvalarheimila en tæpar 60 milljónir renna í framlög og styrki.

# Síðustu námskeið á vorönn að hefjast

## Almenn tölvunámskeið

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Byrjendur | 16. apríl | morgun/kvöld | 32.900 | AK/REK |
| Almennt tölvunám | 17. apríl | morgun/kvöld | 39.900 | AK/REK |
| Word | 24. apríl | morgun/kvöld | 21.000 | AK/REK |
| Excel | 10. maí | morgun/kvöld | 21.000 | AK/REK |
| Outlook | 30. maí | morgun/kvöld | 9.000 | AK/REK |

## Eldri borgarar 60+

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Byrjendur | 16. apríl | mán/mið 13-16 | 19.500 | AK/REK |
| Framhald | 17. apríl | þri/fim 13-16 | 19.500 | AK/REK |

## Vefur - grafík - ljósmyndun

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Photoshop grunnur | 16. apríl | kvöld | 24.000 | AK/REK |
| Photoshop ljósmyndun | 30. apríl | kvöld | 29.000 | AK/REK |
| Illustrator | 30. apríl | kvöld | 49.900 | AK/REK |
| Dreamweaver | 3. maí | kvöld | 29.000 | AK/REK |
| Flash | 7. maí | kvöld | 28.000 | AK/REK |
| Stafrænar myndavélar | 16. apríl | kvöld | 15.000 | AK/REK |

## MCP & MCSA

| Námskeið: | Hefst: | Tími: | Verð: | Staður: |
|---|---|---|---|---|
| Network Infrastructure (70-291) | 18. apríl | kvöld | 89.900 | REK |
| Exchange Server (70-284) | 19. maí | kvöld | 89.900 | REK |

## Skrifstofunám

| Námskeið | Hefst | Tími | Verð | Staður |
|---|---|---|---|---|
| Navision-fjárhagsbókhald | 26. apríl | morgun/kvöld | 49.900 | REK |
| Tollskýrslugerð | 16. maí | morgun/kvöld | 28.000 | REK |



## Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, læra að nota internetið og meðhöndla tölvupóst.
Kennt er tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

**Hefst 16. apríl. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.**

## Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

**Helstu kennslugreinar:**

- Windows tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

**Hefst 17. apríl. Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,- 3 kennslubækur innifaldar.**

## Eldri borgarar



### Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.
Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

**Hefst 16. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.**
**Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.**

### Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

**Hefst 17. apríl. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.**
**Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.**

## Stafrænar myndavélar



Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging.
Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl.
Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.

**Næsta námskeið hefst 16. apríl. Lengd 14 std.**
**Kennt er þrjú kvöld. Verð kr. 15.000,-**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aukið vald almennings í tíðum kosningum vekur sumum stjórnmálamönnum ugg.

# Á pakkið nú að ráða en ekki við?

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hvað gengur þeim ráðherrum til sem hafa nú í kjölfar kosninganna í Hafnarfirði fundið það hollast í stöðunni að gera lítið úr samþykkt deiliskipulags sem takmarkar athafnasvæði Alcan í Straumi? Tveir þeirra búa í Hafnarfirði í hvarfi við málmbræðsluna. Ætli það breytti afstöðu þeirra ef þeir væru búsettir nær henni? Nú segja þeir brýnast að herða reglur um kosningar í sveitarfélögum. Gera lítið úr niðurstöðum kosninga, segja þær jafnvel marklaust plagg. Ákvörðun meirihlutans megi hrinda eftir þrjú ár. Þeim stendur stuggur af því meirihlutavaldi sem þeir finna fyrir. Nýfundið vopn almennings ógnar valdi stjórnmálamanna og þeim þykir óþægilegt að vita af því vopni í höndum umbjóðenda sinna. Lýðræði hefur löngum reynst kjörnum fulltrúum hættulegt og hafi þeir setið lengi á valdastólum er þess súrara að almenningur svipti burt fyrirfram gefnum niðurstöðum þeirra sem vilja öllu ráða.

Hér skal ekki um það dæmt hvort málatilbúnaður allur í útþenslu kanadíska fyrirtækisins á þessu svæði hafi verið til fyrirmyndar. Raunar sjást þess víða merki að skipulagshugmyndir fái ekki nægilega umræðu á frumstigi. Almenningur láti sig litlu varða hvað er í undirbúningi fyrr en hugmyndir embættismanna, stjórnmálamanna og hagsmunaaðila eru fullmótaðar og ferlið langt gengið. Jafnvel komið á síðasta spölinn. Þess þekkjast dæmi að stórir hópar nágranna og annarra íbúa snúist þá gegn framkomnum og þróuðum tillögum. Kerfisfólkið verður þá hvekkt og sárt, rétt eins og skyndileg og hörð afstaða almennings snerti þess persónulega hag.

Valdsmennskan kemur þá fram grímulaust og hin gamla kennisetning einvaldanna heyrist hátt: Við vitum þetta best. Það er enda helsta skjól stjórnsamra yfirvalda að almenningur hafi sem minnst að segja milli kosninga. En nú er fokið í það skjól. Kjósendur hafa nú fundið vopn í fórum sínum sem má beita í stóru og smáu og gamlir og nýir lýðræðisflokkar geta ekki vikist undan þeirri kröfu umbjóðenda sinna að um fleira verði kosið en fulltrúa í framtíðinni. Og sú krafa verður ríkjandi í smáu og stóru að virkara og beinna lýðræði verði látið ráða í fleiri ákvörðunum.

Úrtölumenn hafa löngum verið nógir: kosningar eru dýrar, valkostir ekki skýrir, álitamálin mörg. Svo ekki sé talað um vilja þeirra sem á valdastólum sitja sem á endanum reyna sitt besta til að víkjast undan skýrum stefnumálum og samþykktum.

Hafnarfjarðarkosningin dregur fram ýmsa galla fulltrúalýðræðis og kostina líka. Víst var umræðan hörð í Firðinum og full tilfinningaþrungin en Hafnfirðingar svöruðu kallinu af ábyrgð. Fordæmis þeirra verður lengi minnst og það má ekki gerast að valdflokkum stjórnmálanna auðnist að kæfa þann áhuga og þá ábyrgð sem þarna varð til. Á þessum mótum verður að byggja. Atvinnustjórnmálamenn munu við það missa spón úr aski sínum. Aukið lýðræði þýðir að þeir verða að vanda sig betur, starfa af meiri einurð og lúta vilja þeirra sem kjósa þá til starfa.

Líklegast er það sú framtíð sem ráðherrunum hryllir við þegar þeir leggja sig í líma við að tala niðrandi um kosningarnar um deiliskipulagið fyrir Straum og nágrenni. Sú afstaða er lítilmótleg.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jafnrétti er mannréttindi

Fyrir síðustu kosningar var Frjálslyndi flokkurinn nokkuð gagnrýndur af femínistum fyrir jafnréttisstefnu sína, þar sem stefna flokksins horfði einungis inn á við. Landsþing flokksins 2001 hafði lýst yfir þeim vilja sínum að jafna stöðu karla og kvenna á vettvangi stjórnmálanna með sérstökum aðgerðum í því skyni að auka hlut kvenna innan flokksins. Ekki var fjallað um aðra hluti er snúa að jafnréttismálum, eða hvað flokkurinn myndi gera í þeim málaflokki kæmist hann til valda. Flokksmenn vörðu þetta „stefnuleysi" með því að benda á mannréttindakafla stefnuskrár sinnar, því jafnrétti væri jú mannréttindi.



### Stefnan fundin og týnd

Flokknum hefur samt tekist að finna stefnuna frá síðustu kosningum. Jafnréttismál fá sérklausu í mannréttindakafla grundvallarstefnu flokksins, þar sem fram kemur að helstu baráttumálin í málaflokknum séu launajafnrétti og jafnari kynjaskipting hjá hinu opinbera.

Í stjórnmálayfirlýsingu síðasta landsfundar nú í janúar var reyndar ekkert minnst á jafnréttismál, nema jafnréttismálin séu aftur orðin að mannréttindamálum og rúmist innan þeirrar stefnu flokksins að „Frjálslyndi flokkurinn berst fyrir samfélagi umburðarlyndis, réttlætis og jafnræðis þar sem þegnarnir eru virkir þátttakendur".

### ...og fundin aftur

Ekki er ólíklegt að Margrét Sverrisdóttir, stjórnarkona Kvenréttindafélags Íslands og fyrrverandi ritari Frjálslynda flokksins, hafi komið að því að móta jafnréttisstefnu Frjálslynda flokksins, þrátt fyrir að sumir þeirra sem fylgist grannt með jafnréttismálum telji frekar lítið í hana lagt. Nú er Margrét komin í Íslandshreyfinguna, sem hefur lagt fram jafnréttisstefnu sína þar sem áherslur hljóma eins og kunnuglegt stef: launajafnrétti og jafnari kynjaskiptingu hjá hinu opinbera. Þetta er kannski erfiður málaflokkur fyrir ungar stjórnmálahreyfingar.



svanborg@frettabladid.is

# Fjölbreytt einsleitni



ÓLAFUR HANNIBALSSON

**Í DAG** | Sigurhrós staksteina

Þessi pistill minn verður sá síðasti sem ég rita fyrir Fréttablaðið og vil ég nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu, sem hafa haft samband við mig í síma eða gegnum tölvupóst ellegar séð ástæðu til að stöðva mig á förnum vegi og þakka mér fyrir skrifin og hvetja til áframhaldandi dáða. Ekki hafa þessir ágætu lesendur endilega verið mér alltaf sammála, en þó haft til að bera það umburðarlyndi, að hollt væri að sjá og heyra önnur sjónarmið en þau sem nákvæmlega falla að eigin skoðunum.

Stundum er talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið", og víst er um það að fjölmiðlar geta haft áhrif og veitt aðhald þeim sem með völdin fara í stjórnmálum og efnahagslífi. En fjölmiðlum er líka ætlað að vera almenningi afþreying og oftar en ekki verður skemmtigildið í fyrirrúmi fyrir gagnrýninni afstöðu til manna og málefna og beinskeyttra upplýsinga sem varða hag almennings. Það er því kannski of sterkt að orði kveðið að tala um „vald" í þessu samhengi, þótt vissulega geti fjölmiðlar stundum haft áhrif á almenningsálitið. Það er þó raunverulegum valdhöfum alltaf keppikefli að geta tekið fjölmiðla í sína þjónustu og ná að móta efni þeirra og efnistök. Gleggst sjáum við þetta í Rússlandi Pútíns hin síðari ár. Breski fjölmiðlamógúllinn Northcliffe lávarður taldi þó að sterkasta áhrifavaldið væri í því fólgið að ráða því hvað fjölmiðlar birta ekki og fjalla ekki um.

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera pistlahöfundur. Það hef ég þráfaldlega fengið að reyna á sjálfum mér eftir að hafa fengist við þessa iðju hátt á annan áratug með nokkrum hléum á milli. Upphaflega var ég fenginn til að vera með innslög í þættinum Í vikulokin í ríkisútvarpinu. Fyrst voru þessir pistlar vikulega og ég náði eitt sinn svo langt að útvarpsráð sá ástæðu til að færa til bókar sérstaka ánægju sína með pistla mína. En fljótlega töldu dagskrárráðendur, að þyrfti „aukna fjölbreytni" og fækkuðu pistlum mínum í hálfsmánaðarlega og síðan í einn í mánuði. Loks var ákveðið í einu sparnaðarátakinu, sem gekk yfir RÚV, að fella þessa pistla niður með öllu og spila í staðinn tónlist, sem ekki þurfti að borga af stefgjöld.

Svo kom fjölmiðlamálið á dagskrá fyrir tæpum þremur árum. Ég fann mig þá til þess knúinn að viðra skoðanir mínar á því frumhlaupi forsætisráðherrans með nokkrum greinum í Morgunblaðinu. Það leiddi svo til þess að ritstjóri þessa ágæta blaðs, Gunnar Smári Egilsson, kom að máli við mig og bauð mér að skrifa fasta pistla í blaðið hverja helgi. Síðar var ákveðið að „auka fjölbreytni" í þessum pistlaskrifum og pistlum mínum fækkað niður í hálfsmánaðarlega í miðri viku. Loks var mér tilkynnt á mánudaginn var að enn ætti að „auka á fjölbreytnina" í þessum pistlaskrifum, og væri ekki óskað eftir að ég héldi áfram föstum skrifum í blaðið. Hlýt ég því að láta hér staðar numið og þakka lesendum samfylgdina um nærfellt þriggja ára skeið.

Ég hafði af því áhyggjur á sínum tíma að með fjölmiðlafrumvarpi forsætisráðherra væri meiningin að lögfesta reglur um eignarhald á fjölmiðlum, sem tryggðu valdhöfum landsins aukin ítök á þessu sviði. Enda töluðu málpípur valdsherranna aldrei um eignarhaldið í ræðum sínum heldur veifuðu DV yfir höfði sér í ræðustóli á Alþingi og töluðu um „daglega misnotkun baugsmiðlanna" á tjáningarfrelsinu, án þess að nefna nokkurn tíma dæmi. Síðan hafa þeir uppgötvað að markmiðinu mætti sem hægast ná með öðrum aðferðum en pólitískri valdbeitingu. Eða hvernig vilja menn túlka eftirfarandi sigurhrós sem birtist í staksteinum Morgunblaðsins 3. febrúar 2006?

„Þorsteinn Pálsson hefur verið ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins. Hver er hann? Hann er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann steig sín fyrstu spor á ritstjórn Morgunblaðsins. Hann er meira að segja einn af fyrrverandi höfundum þessa dálks!

Ari Edwald hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri 365 miðla. Hver er hann? Hann á að baki langan feril í Sjálfstæðisflokknum. Hann er fyrrverandi aðstoðarmaður Þorsteins Pálssonar frá ráðherratíð hans.

Björgvin Guðmundsson hefur verið ráðinn ritstjóri DV. Hver er hann? Hann er fyrrverandi formaður Heimdallar. Hann er meira að segja fyrrverandi blaðamaður á Morgunblaðinu. [Björgvin er núna einn af fréttastjórum Fréttablaðsins, innskot ÓH].

Árvakur h.f. hefur eignast helming í Blaðinu. Ásgeir Sverrisson hefur verið ráðinn ritstjóri Blaðsins [stóð stutt við og er aftur kominn til Mbl]. Hver er hann? Hann hefur starfað í áratugi á Morgunblaðinu. Nánasti samstarfsmaður hans á því blaði var Björn Bjarnason, núverandi dómsmálaráðherra."

Hvað á staksteinahöfundur Mbl. við með þessu? Er verið að skapa alla fjölmiðla landsins í mynd Morgunblaðsins? Er kannski orðinn óþarfi að setja fjölmiðlalög, þegar „baugsmiðlarnir" hafa hægt og rólega, bakdyramegin og innan frá, ummyndast í „blátíðindi", og fjölmiðlungum kunngert með áþreifanlegum dæmum, að víki þeir út af línunni bíða þeirra svipuð örlög og rússneskra kollega þeirra undir handfastri stjórn Pútíns? Spyr sá sem ekki veit. Góðar stundir.

# Enginn má berja ykkur

**UMRÆÐAN**

Málefni innflytjenda



TATJANA LATINOVIC

Enginn má berja ykkur", sagði Slobodan Milosevic árið 1987. Lítill hópur óánægðra manna var saman kominn að ræða við Milosevic og einn maður í hópnum sagðist hafa verið laminn af lögreglu. Milosevic sagði við hann að enginn mætti berja hann eða aðra. Hann var bara að benda á staðreynd. Þessi staðreynd sem Milosevic benti á kom honum í sviðsljósið og þetta var í fyrsta skipti sem ég og margir landar mínir heyrðum hans getið. Ég treysti á að lesendur viti hvað gerðist í Júgóslavíu á árunum sem á eftir fylgdu.

Þegar ræður og skrif Milosevic eru skoðaðar einar og sér, er ekki auðvelt að saka hann um kynþáttahatur, þjóðernishyggju eða ómálefnalegan málflutning. Hann var bara að benda á staðreyndir. Hins vegar verður að setja ræður og skrif stjórnmálamanns í samhengi við það þjóðfélag og þær aðstæður sem hann sprettur úr.

Ef auglýsing Frjálslynda flokksins um stefnu hans í innflytjendamálum er skoðuð ein og sér er e.t.v. erfitt að saka flokkinn um kynþáttahyggju, ekki frekar en Milosevic. Frjálslyndir benda bara á staðreyndir eins og þeir sjá þær, alveg eins og hann gerði. Þeir fara reyndar heldur frjálslega með staðreyndir en látum það liggja á milli hluta í bili.

Staðreyndir eru hins vegar alltaf í samhengi við eitthvað annað. Frjálslyndir vita það og setja þær í samhengi sem þeir hafa sjálfir markvisst skapað undanfarna mánuði, til að marka sér sérstöðu. Ef athugasemdir í bloggkerfum netsins eru skoðaðar, vekur framsetning staðreyndanna að hætti Frjálslyndra ótta, óhug og reiði í garð útlendinga. Alveg eins og framsetning staðreynda Milosevic vakti ótta, óhug og reiði á milli þjóðarbrota á Balkanskaga.

Það er ekki rétt hjá Frjálslyndum að allir nema þeir sitji aðgerðarlausir í málefnum innflytjenda. Ég hvet lesendur sem hafa áhyggjur til að kynna sér stefnu annarra flokka, sem og stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda. Ef menn eru þeirrar skoðunar að kosið verði um innflytjendamál ein og sér hinn 12. maí, þá er eins gott að þeir taki upplýsta ákvörðun.

*Höfundur er Íslendingur af erlendum uppruna.*


20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DRÖGTUM
ÚT ÞESSA VIKU
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# Þorsteini Pálssyni ritstjóra svarað

**UMRÆÐAN**
Athugasemd við leiðara


STURLA BÖÐVARSSON

Leiðarar Þorsteins Pálssonar, ritstjóra Fréttablaðsins, eru oftast góðir og breyttu Fréttablaðinu. Laugardaginn 24. mars bregst ritstjóranum bogalistin. Hann lætur birta mjög undarleg skrif eftir sigríði@frettabladid.is í dálkinum Frá degi til dags þar sem rétt eina ferðina enn er veist að undirrituðum og skrifar sjálfur leiðara sem er byggður á misskilningi sem ég vil leyfa mér að fara orðum um hér í þessari grein. Leiðarinn ber yfirskriftina „Stóra bókhaldshjáleiðin" og heldur höfundur því fram að því sem var hafnað í gær á Alþingi með því að afgreiða ekki 12 ára samgönguáætlun sé samþykkt í dag. Af þessu tilefni er rétt að upplýsa ritstjórann um eftirfarandi.

**Heimildir fyrir framkvæmdum**
Samkvæmt sérstökum lögum voru lögð fyrir Alþingi samgönguáætlun til tólf ára sem er stefnumarkandi rammaáætlun og fjögurra ára áætlun sem er framkvæmdaáætlun þar sem fjárveitingum er skipt niður á verk eftir árum. Samgönguáætlun til fjögurra ára var samþykkt á Alþingi fyrir þinglok. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að leggja 8,1 milljarð til framkvæmda við Sundabraut á árunum 2007-2010. Þessi fjárveiting er hluti af ráðstöfun söluandvirðis Símans og var gert ráð fyrir því að það sem á vantaði væri fjármagnað með sérstakri fjáröflun í tengslum við einkaframkvæmd.

Það kom fram við afgreiðslu laga um ráðstöfun söluandvirðis Símans og jafnframt í greinargerð með 12 ára áætluninni. Í gildandi langtímaáætlun er jafnframt gert ráð fyrir heimild til framkvæmda að upphæð 2,5 milljarðar til viðbótar. Sú heimild hefði fallið niður ef 12 ára áætlunin hefði verið afgreidd. Rétt er að taka það fram að samgöngunefnd þingsins hafði afgreitt báðar áætlanirnar til síðari umræðu. Alþingi hefur því samþykkt heimildir sem ættu að duga fyrir þeim framkvæmdum sem að er stefnt í fyrsta áfanga.

Það er ofsögum sagt hjá ritstjóranum að Alþingi hafi ekki „séð sér fært" að samþykkja langtímaáætlunina. Afgreiðsla hennar var stöðvuð af stjórnarandstöðunni eins og stundum gerist og ritstjórinn þekkir vel hvernig stjórnarandstaðan notar afl sitt við þinglok til að stöðva mál. Jafnvel mál sem sátt ríkir um. Afstaða ríkisstjórnarflokkanna var skýr. Það er vilji til þess að leggja Sundabrautina á forsendum einkaframkvæmdar og öllum sem fylgjast með er ljóst að það verk verður ekki bæði undirbúið og unnið til loka á næstu þremur eða fjórum árum. Þess vegna var gert ráð fyrir 12 milljörðum til Sundarbrautar á tímabilinu 2011-2014 sem sérstakri fjáröflun. Það er því rangt að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum miklu framkvæmdum í áætlunum stjórnvalda. Það eru fullar heimildir til þess að setja þessa miklu framkvæmd af stað.

**Fara verður að reglum**
Með nýsamþykktum vegalögum er heimilað að fela einkaaðilum einkaframkvæmdir bæði við byggingu og rekstur vegamannvirkja. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir þessum kosti. Það er því rangtúlkun hjá ritstjóranum að farin sé „stóra bókhaldshjáleiðin" eins og hann velur að kalla einkaframkvæmdir.

Tvö félög hafa lýst áhuga á þátttöku í einkaframkvæmdum. Tryggingafélagið Sjóvá hefur sýnt áhuga á vegagerð á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi og Faxaflóahafnir hafa lýst vilja til þátttöku í framkvæmdum og fjármögnun Sundabrautar. Áhugi stjórnar Faxaflóahafna er sprottinn af hagsmunum hafnanna og áhugi tryggingafélagsins er vegna umferðaröryggisaðgerða. Það er því ekkert óeðlilegt við stöðu málsins. Allir verða að gera sér grein fyrir því að fara verður að reglum um útboð, enda tryggja þau best hagsmuni ríkisins bæði við framkvæmdir og fjáröflun vegna verka, en gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun til þessara verka eins og fram kemur í samgönguáætlun.

Hin sérstaka fjáröflun sem áformuð er gengur út á þrjá valkosti: Svokölluð skuggagjöld koma til skoðunar, lántaka frá verktaka eða lán frá öðrum aðilum og síðan hefðbundin fjármögnun úr ríkissjóði sem stendur mjög vel um þessar mundir. Þá er vert að minna á að allar skuldbindingar eru síðan háðar fjárlögum hverju sinni. Það er því fjarri öllu lagi að farin sé „bókhaldshjáleið" eins og ritstjórinn velur að nefna svo hugvitsamlega. Það má fremur líkja þeim áformum sem fram koma í samgönguáætlun um sérstaka fjáröflun við það þegar samþykkt voru sérstök lánsfjárlög. Þá framkvæmd þekkir ritstjórinn vel frá gamalli tíð.

**Marklausar yfirlýsingar**
Í dálkinum í Fréttablaðinu sem nefndur er Frá degi til dags er vitnað í tvö bréf stjórnar Faxaflóahafnar til samgönguráðherra. Annað er skrifað 10. janúar 2006 af þáverandi formanni stjórnar Faxaflóahafna, Árna Þór Sigurðssyni, eftir að hann hafði átt fund með forsætisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, um áhuga stjórnar hafnanna fyrir samstarfi og viðræðum um leiðir til að fjármagna Sundabraut og stækkun Hvalfjarðarganga. Hitt bréfið sem er dagsett 21. mars síðastliðinn er í tilefni samþykktar stjórnar Faxaflóahafna undir forystu núverandi formanns. Þar koma fram viðbrögð eftir að ný vegalög hafa verið sett. Þar kveður við allt annan tón enda fylgdi hugur ekki máli hjá Árna Þór Sigurðssyni sem í raun var og er á móti einkaframkvæmdum í vegagerð eins og aðrir Vinstri grænir. Það kom berlega í ljós við afgreiðslu vegalaganna við þinglokin. Vinstri grænir gerðu ítrekaða tilraun til þess að stöðva afgreiðslu laganna vegna ákvæða um einkaframkvæmdir sem þeir voru á móti og ætluðu að stöðva málið. Það tókst sem betur fer ekki. Sama var með samgönguáætlunina og þeim tókst með hótunum um málþóf að stöðva afgreiðslu tólf ára áætlunarinnar.

Vegna þessa bréfs sem Árni Þór Sigurðsson skrifaði í ársbyrjun 2006 taldi ég það ómaksins vert að láta hafa samband við hann og gera tilraun til þess að fá hann til þess að koma vitinu fyrir þá Ögmund og Steingrím J. í þinginu. Það bar ekki árangur. Það er því með ólíkindum að nú skuli hann koma fram í fjölmiðlum og vísa til bréfsins frá 10. janúar 2006 sem reyndist vera marklaus yfirlýsing. Hann vildi ekki þegar á reyndi tryggja einkaframkvæmd vegna Sundabrautar. Viðbrögð mín við því bréfi á sínum tíma voru byggð á því að ég vildi láta á það reyna rétt eina ferðina að hægt væri að treysta afstöðu þessara manna. Að vilji þeirra til samstarfs væri meira en orðin tóm. Að þeir áttuðu sig á því að fyrsta skrefið væri að skapa lagaleg skilyrði fyrir einkaframkvæmd og aðkomu Faxaflóahafna að gerð Sundabrautar. Svo reyndist ekki vera. Yfirlýsingar þeirra eru því jafn marklausar núna sem fyrr.

Það er bágt til þess að vita að Fréttablaðið skuli ekki hafa áttað sig á þessu þegar Árni Þór Sigurðsson, fyrrverandi formaður stjórnar Faxaflóahafna, gekk á fund ritstjórnar blaðsins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri svo blaðið gæti haldið uppteknum hætti í skrifum sínum um samgöngumál.

*Höfundur er samgönguráðherra.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Þjóðvegurinn

**Einar Örn Einarsson verkamaður skrifar um umferðaröryggi:**

Þjóðvegur landsins er til háborinnar skammar, eins og margir samlandar mínir vita og hafa séð. Ekki líður mánuðurinn án þess að t.d. heyrist í fréttum: Bílslys varð rétt fyrir utan höfuðborgarsvæðið, ástæðan ókunn eða talin vera hraðakstur. Það er ekki bara hægt að kenna því um að fólk kunni ekki að keyra eða fólk er að keyra hraðar en það ætti að gera. Vegirnir eru á flestum stöðum ekki fyrir fleiri en einn bíll s.s. tengivagna eða stóra bíla. Gamli vegurinn inn Norðurárdalinn fyrir norðan var skömm, þar er ekki hægt að mæta stórum bíl. Mér finnst að æðstu menn hjá Vegagerðinni og samgönguráðherra ættu að skella sér í bíltúr hringinn um landið og sjá með berum augum hvernig þessir vegir fyrir utan Reykjavík líta út og láta þá reyna á það að mæta bílum!!! Þá þýðir ekki að gefa eintóm loforð um betri vegi, það þarf að standa við það!

### Konur

**Helga Brynjólfsdóttir Tulinius skrifar um menntamál:**

Hafa allar konur gleymt árangri í leikskóla- og grunnskólamálum í borgarstjóratíð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur? Ég er móðir og amma og man vel eftir ástandinu í leikskólamálum og tímanum þegar grunnskólinn var tvísettur. Hér áður var konum gert mjög erfitt fyrir að stunda nám og vinnu, þar sem skóladagur var stuttur og aukatímar í skólunum á hinum og þessum tímum dagsins. Þegar Ingibjörg Sólrún verður komin í ríkisstjórn þá treysti eg henni til að styrkja nám grunnskólans og stuðla að betri samræmingu milli skólastigana, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í öllum þjóðfélögum skiptir heilbrigði, menntun og menning öllu máli og í þessi verkefni vil eg að skattpeningar mínir fari, en ekki í stjórnmálaflokka.






# Að loknum kosningum

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík


GUNNAR SVAVARSSON

Glæsileg þátttaka í íbúakosningum um stækkun álversins í Straumsvík endurspeglar skýrt þann breiða stuðning sem er við að íbúar fái í auknum mæli að koma beint að stórum ákvörðunum sem skipta miklu um þróun samfélagsins. Kosningarnar voru eðlilegt framhald þess að árið 2002 setti Samfylkingin inn ákvæði í samþykktir Hafnarfjarðarbæjar sem tryggja að bæjarstjórn beri að leggja þau mál sem hún álítur vera mjög þýðingarmikil fyrir bæjarfélagið í dóm kjósenda. Í kosningunum 2006 sagði Samfylkingin í Hafnarfirði skýrt að þannig yrði staðið að verki þegar stækkun álversins í Straumsvík væri annars vegar. Íbúar Hafnarfjarðar hafa sýnt stuðning sinn við þessa stefnu í tvígang á einu ári. Fyrst með því að velja Samfylkinguna áfram til forystu í síðustu bæjarstjórnarkosningum og ekki síður um sl. helgi þegar nær 80% íbúa bæjarins mæta á kjörstað.

**Fleiri sem aðhyllast íbúakosningar**
Í aðdraganda kosninganna heyrðust úrtöluraddir frá pólitískum andstæðingum Samfylkingarinnar um þetta mikilvæga skref. Nú eftir að niðurstöður liggja fyrir hoppa ráðamenn annarra flokka á lýðræðisvagninn. Það er vissulega kostur að viðurkenna loks að þessi aðferðafræði sem markaði eftirminnileg þáttaskil í íslenskum stjórnmálum muni verða notuð æ oftar hér á landi. Stjórnlyndið og ráðríkið verður á undanhaldi. Formaður Framsóknarflokksins hefur hins vegar ekki enn þá áttað sig á stöðunni og mun þurfa nokkurn tíma til að skilja út á hvað íbúakosningar ganga. Stærstu fjölmiðlar landsins hafa þó fellt sinn dóm – aðferðafræði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og bæjarfulltrúa er lofuð.

Í kosningum er kosið um valkosti. Valið í þessum kosningum var erfitt, enda skiptar skoðanir. Fjölmargt kom til og fjölmargir blönduðu sér í umræðuna. Jafnvel bændur við Þjórsá. Gagnrýnt hefur verið að seðlabankastjóri, Davíð Oddsson, blandaði sér í umræðuna með umdeildum hætti aðeins tveimur dögum fyrir kjördag. Hin mikla þátttaka í kosningunni sýnir hins vegar áhuga bæjarbúa á því að fá að tjá hug sinn um mikilvæg mál. Lýðræðið spyr ekki hvort mjótt hafi verið á munum, heldur aðeins hver úrslitin urðu.

**Nú mun fyrirtækið endurmeta stöðuna**
Ég hef haldið því fram í aðdraganda kosninganna að fyrirtækið Alcan þyrfti að fá alla hluti á hreint áður en það tilkynnti með formlegum hætti að það ætlaði að fara fram með breytingar eða stækkun í Straumsvík. Eitt af því var hvort möguleikar væru fyrir hendi í nýju deiliskipulagi. Margt í hagkvæmnilíkani fyrirtækisins gaf það til kynna og það kom fram ítrekað hjá yfirstjórnendum fyrirtækisins í Kanada að möguleikar til frekari þróunar væru álitlegir.

Ljóst er að fyrirtækið mun skoða sína stöðu og meta möguleika til frekari framþróunar með vísan til þeirrar niðurstöðu sem nú liggur fyrir en ljóst er að framlögð deiliskipulagstillaga að stækkunaráformum mun ekki ná fram að ganga samkvæmt ákvörðun íbúa bæjarins.

**Þakkarvert framlag fjölmargra**
Það ber að þakka öllum þeim sem komu að þessum stærstu íbúakosningum landsins. Sérstaklega ber að þakka starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar sem unnu að verkefninu og fyrirtækinu Capacent sem sá um kynningar. Starfsfólki Alcan sem lagði á sig ómælda upplýsingavinnu. Grasrótarsamtökin Hagur Hafnarfjarðar og Sól í Straumi, sem sköpuðu lýðræðislega umræðu. Fjölmiðlum öllum og fjölmiðladeild Flensborgarskóla. Ekki hvað síst ber að þakka öllum þeim Hafnfirðingum sem sýndu málinu áhuga og kusu. Þeir sýndu það og sönnuðu að Hafnarfjörður er framsækinn bær.

*Höfundur er forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og oddviti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*

## ALLT HITT

[ BÍLAR BÖRN TILBOÐ ]

**General Motors** hefur hannað þrjár tegundir af smábílum sem kynntar verða til sögunnar á bílasýningu í New York núna um páskana. Fólk getur kosið hvaða bíl því líkar best og sá sem fær flest atkvæði fer síðan í framleiðslu.

**Rúmfatalagerinn** fagnar tuttugu ára afmæli sínu. Í tilefni dagsins býður verslunin viðskiptavinum sínum tuttugu prósenta afslátt af völdum vörum.



**Félag einstæðra foreldra** er með ókeypis ráðgjöf fyrir foreldra sem íhuga skilnað eða eru að skilja. Einnig veitir félagið upplýsingar um meðlagsgreiðslur og umgengni, forsjámál og réttindi einstæðra foreldra. www.fef.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 4. apríl, 94. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.36 | 13.31 | 20.27 |
| Akureyri | 6.17 | 13.15 | 20.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Gabríel segir að aikido sé langskemmtilegasta íþróttin.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Langar til Japans

***Gabríel Máni Björgvinsson er átta ára nemandi í Langholtsskóla. Hann æfir aikido og á kanínu sem borðar popp.***

Gabríel er nemandi í þriðja bekk í Langholtsskóla. „Það er ágætt í skólanum,“ segir hann og bætir við að honum finnist langskemmtilegast í íþróttum.

Uppáhaldsíþróttin hans Gabríels er samt ekki kennd í skólanum en hún er aikido og hann fer því tvisvar í viku á æfingar hjá Aikikai Reykjavík. „Aikido er japönsk sjálfsvarnaríþrótt og þetta er þriðja árið mitt,“ segir Gabríel. Hann vill alls ekki viðurkenna að erfitt sé að læra aikido og segir að það sé töluvert af krökkum á hans aldri að æfa íþróttina. „Það er bara einn annar sem er átta ára eins og ég og svo eru nokkrir sem eru aðeins eldri og aðeins yngri,“ segir hann.

Þegar Gabríel á frí í skólanum finnst honum skemmtilegast að fara í bíó. „Uppáhaldsmyndin mín er Turtles,“ segir hann.

Gabríel á eitt gæludýr en það er kanína. „Hún heitir Gosi og er sex ára í mannárum,“ segir hann og bætir við að Gosi sé frekar sérstök kanína því hann er ekki hafður í búri heldur er hann bara laus á heimilinu. „Og honum finnst gulrætur ekki góðar. Hann borðar þær alveg en honum finnst þær ekki besti maturinn. Hann vill frekar kál. Svo finnst honum popp mjög gott og hann fær það stundum.“

Í sumar er Gabríel að hugsa um að fara eitthvert til útlanda með foreldrum sínum en hann er ekki alveg viss um hvert. Hann hefur nokkrum sinnum farið utan með fjölskyldunni og segist hafa komið til að minnsta kosti þriggja annarra landa. „Ég hef komið til Portúgals, Spánar og Danmerkur og ég man ekki alveg meira. Mér fannst skemmtilegast á Spáni og mig langar að fara aftur þangað. Mig langar líka til Japans og ég kann að telja upp í tuttugu á japönsku,“ segir hann.

*emilia@frettabladid.is*

## Ekki súkkulaði í morgunmat

MORGUNMATURINN ER MIKILVÆGASTA MÁLTÍÐ DAGSINS OG ÞAÐ Á VIÐ Á PÁSKADAG EINS OG ALLA AÐRA DAGA ÁRSINS.



Flest börn eru mjög spennt fyrir páskaeggjunum sínum og fæst þeirra geta beðið eftir páskadegi þegar ráðast má á eggin. Ágætt er þó að foreldrar setji einhverjar reglur um páskaeggjaát og ein þeirra mætti til dæmis vera að bannað sé að byrja daginn á því að borða súkkulaðieggin. Hollur og næringarríkur morgunverður er nefnilega alltaf mikilvægur og það sama á við á páskadag og aðra daga. *- eö*


SKAUTAHÖLLIN

**Opnunartímar um páskana**

Sími 5889705

skautaholl.is

| | | |
|---|---|---|
| Skírdagur | 5. apríl | kl. 13:00 – 18:00 |
| Föstud.langi | 6. apríl | kl. 13:00 – 18:00 |
| Laugardagur | 7. apríl | kl. 13:00 – 18:00 |
| Páskadagur | 8. apríl | kl. 13:00 – 18:00 |
| Annar í páskum | 9. apríl | kl. 13:00 – 18:00 |



**Í flestum krökkum** býr lítill listamaður. Góðar trönur með pappírsrúllu, gömul málningarskyrta, penslar og litir geta gert kraftaverk fyrir litlar stelpur og stráka sem kannski leiðist pínulítið suma daga.




NOSE & BLOWS

Ofnæmisprófuð lína sem er sérstaklega hönnuð fyrir kvefaða litla nebba. Mild formúla sem svíður ekki undan.

Nebbaþurrkur og nebbakrem

Blautklútar sem hjálpa til við að hreinsa nefgöngin. Inniheldur rakagefandi B5 vítamín og náttúrulegt mentol til þess að auðvelda öndun. Inniheldur hvorki litarefni né alkohól.

Kremið inniheldur ilmkjarnablöndu af piparmyntu og eucalyptus auk nornaheslis sem er mjög græðandi.



Fæst í apótekum um land allt




Fánabókin er skemmtileg fyrir börn sem hafa áhuga á þjóðfánum og landafræði. Bókinni fylgja límmiðar með fjölda fána sem límdir eru inn í bókina.



Stóra límmyndabókin er ætluð börnum sem hafa áhuga á dýrum. í bókinni er farið í það hvaða dýr lifa í frumskógunum og hver í höfunum og svo framvegis.



Fyrstu orðin er skemmtileg myndabók með fjölda orða á íslensku, ensku og spænsku. Mjög góður orðaforði fyrir byrjendur.

# Leikur að læra
## með límmyndabókum

***Börn geta lært allt mögulegt ef námsefnið er skemmtilegt.***

Bókaútgáfan Setberg hefur gefið út barnabækur til fjölda ára og meðal þeirra bóka sem hafa komið út hjá útgáfunni síðustu ár eru skemmtilegar límmyndabækur sem lítil börn geta lært ýmislegt af. Börn eru í eðli sínu forvitin og ef áhuga þeirra er sinnt geta þau lært hvað sem er. Fyrir þá foreldra sem vilja kenna börnum sínum meira um lífið, tilveruna og umheiminn eru límmyndabækurnar frábær hjálpartæki.

*- eö*



Samlagning er bók með einföldum samlagningardæmum sem börnin leysa og líma síðan svarið inn. Einnig er hægt að fá sams konar bók með frádráttardæmum.



Leikur með stafi og orð er sniðug bók með fjölda orða sem vantar einn og einn staf í og börnin eiga að finna hann og líma inn.




DU PAREIL au même

Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

Sendum einnig í póstkröfu!!!



STÚLKUR & STRÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
VERSLUNIN FLYTUR!



15%
afsláttur af völdum vörum

LOKADAGUR
4. APRÍL

STÚLKUR OG STRÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010




Fallegur samfestingur.



Fallega sumarlegur kjóll.



Bakpoki.


gling gló

Nýjar vörur!

Sumarlínan af unglingafötum frá Grunt er komin, mikið úrval.



Opið 9-18 alla daga
sími 552 7682
www.glinggló.is

GRUNT

Lækjargötu 2 • 101 Reykjavík • Sími 552 7682



Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa “sápulaus”. Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.



Fæst í apótekum um land allt


# Franskt fyrir börnin

NÝ SENDING Í DU PAREIL AU MÊME.

Nú er sumarið á næsta leiti og brátt tímabært að taka fram léttari fatnað fyrir börnin. Ný sending af litríkum sumarfatnaði er komin í frönsku barnafataversluna Du Pareil au Même, líka þekkt undir heitinu Franska búðin, og eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er úrvalið fjölbreytt.

*- rve*



Skór á stúlkur.

# allt tilboð o.fl.

**50%** Bónus er með mesta afsláttinn í tilboðstöflunni. Hann er á 350 til 390 gramma McCain-pitsum, sem lækka úr 198 í 98 krónur.

**FJARÐARKAUP** – ekki bara verð!
Tilboðin gilda til 7. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingabringur frá Ísfugli | 1.487 | 1.906 | 1.487 | 20 |
| Lambahryggur frosinn | 998 | 1.275 | 998 | 20 |
| Lambalæri frosið | 898 | 1.087 | 898 | 15 |
| Fk hamborgarhryggur | 1.098 | 1.498 | 1.098 | 25 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.598 | 1.878 | 1.598 | 15 |

**HAGKAUP** – Skemmtilegast að versla
Tilboðin gilda til 9. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1.798 | 2.392 | 1.798 | 25 |
| Lambainnralæri úr kjötborði | 1.998 | 3.095 | 1.998 | 35 |
| Kokkalandsliðs páskalamb | 1.799 | 1.439 | 1.439 | 25 |
| Humar lausfrystur | 1.268 | 1.585 | 1.268 | 20 |
| Ali hamborgarhryggur úrbeinaður | 1.733 | 2.166 | 1.733 | 20 |

**KRÓNAN**
Tilboðin gilda til 11. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa veislufugl m/fyllingu | 764 | 899 | 764 | 15 |
| Grísalundir m/sælkerafyllingu | 1.898 | 2.626 | 1.898 | 25 |
| SS VSOP helgarsteik | 1.478 | 1.848 | 1.478 | 20 |
| Krónu grísahnakkasneiðar kryddaðar | 1.238 | 1.548 | 1.238 | 20 |
| Móa kjúklingalæri Sole Mio | 788 | 1.125 | 788 | 30 |

**NÓATÚN**
Tilboðin gilda til 11. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba Ribeye kjötmeistarans | 2.298 | 3.189 | 2.298 | 30 |
| Nóatúns grísahamborgarhryggur | 1.298 | 1.498 | 1.298 | 15 |
| Nóatúns bayonne-skinka | 839 | 1.398 | 839 | 40 |
| Móa veislufugl m/fyllingu | 764 | 899 | 764 | 15 |
| Sólfugl kalkúnabringa m/apríkósum | 1.998 | 2.598 | 1.998 | 25 |

**Þín verslun**
Tilboðin gilda til 11. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í %ko |
|---|---|---|---|---|
| Grísakótilettur djúpkryddaðar | 1.299 | 1.624 | 1.299 | 20 |
| Hótel lifrarkæfa 165 g | 193 | 242 | 1.170 | 20 |
| Rauðvíns lambalæri hálfúrb. m. legg | 1.499 | 1.876 | 1.499 | 20 |
| 1944 kjúklingur í Canton-sósu 350 g | 525 | 655 | 1.500 | 20 |
| Grand Orange helgarsteik | 1.395 | 1.744 | 1.395 | 20 |

**BÓNUS**
Tilboðin gilda til 7. apríl

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| McCain pitsur 352-390 g | 98 | 198 | 98 | 50 |
| Ali hamborgarhryggur m/beini | 1.171 | 1.505 | 1.171 | 20 |
| K.f. kofareykt úrbeinað hangilæri | 1.520 | 2.280 | 1.520 | 30 |
| K.f. lambalæri einiberja | 1.069 | 1.603 | 1.069 | 35 |
| Reyktur lax/grafinn | 1.125 | 1.501 | 1.125 | 25 |


**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



**Ert þú að komast yfir lesefnið?**

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**
"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**
"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, krefjandi, skemmtilegt, góð þjónusta.

**Fermingargjöf með æviábyrgð – uppl. á www.h.is**
**6 vikna námskeið hefst 17. apríl (20 - 22)**
**3 vikna hraðnámskeið hefst 13. apríl (17-20)**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



**Enskuskóli Erlu Ara**
**auglýsir enskunám**

**í Hafnarfirði**
4 vikur fyrir fullorðna áhersla á tal

**í Englandi**
Enskunám fyrir fullorðna. Allir geta komið með 2 vikur í júní og ágúst

Enskunám í Kent School of English fyrir 12-15 ára 3 vikur í ágúst íslenskir hópstjórar

Enska og gaman fyrir 10 -12 ára 2 vikur á heimavist með íslenskum hópstjórum og enskum kennurum

Enska og golf fyrir hressar konur, 1 vika í júní
Skráning í s: 8917576 og erlaara@simnet.is
enskafyriralla.is

Ferðaskipuleggjandi





Páskatilboð á sumardekkjum!
**Tilboðsdögum lýkur í dag**

Nú eru síðustu forvöð á að ná sér í sumardekk undan nýjum bílum á sérstaklega góðum kjörum.*
Tryggðu þér sumardekk á betra verði hjá Sólningu eða Barðanum strax í dag. Opið frá 8 til 18.

Vertu klár fyrir sumarið!

*Um er að ræða dekk undan nýjum bílum og eru dekkin keyrð u.þ.b. tíu til fimmtán km.

**BARÐINN** Skútuvogi 2, sími 568 3080
**SÓLNING** Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 | Njarðvík | Selfoss

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA





# Netreikningur SPK

Vextir allt að **14,60%***

Tryggðu sparifé þínu topp ávöxtun

Sæktu um á www.spk.is

spk

* M.v. vaxtatöflu SPK 21. 03. 2007




**Fyrir páskaferðalagið** borgar sig að athuga olíuna, rúðuúðann og bensínbirgðir, ásamt verkfærum og varadekki.

# Öðruvísi bílaklúbbur

***Team Steel er bílaklúbbur opinn öllum. Þar er vettvangur fyrir alla að hittast, ræða málin og kíkja undir húddið, sama hvort meðlimir eigi dýra bíla eða algjörar druslur.***


Eins og sést er engin nauðsyn að eiga glæsilegan bíl til að vera fullgildur meðlimur í Team Steel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Team Steel bílaklúbburinn var stofnaður fyrir rúmu ári og eru meðlimir tólf talsins í dag. „Þetta er bara ósköp venjulegur bílaklúbbur,“ segir Ómar Leifur Ragnarsson, einn af meðlimunum. „Eini munurinn er kannski að við gerum ekki neina kröfu um að fólk sé á rándýrum bílum, enda eru flestir hér á bílum sem kosta undir 100 þúsund krónum.“

Í Team Steel er nálgunin á bílaáhugann því á ákveðnum jafnréttisgrundvelli. „Við viljum bara hafa gaman af bílunum okkar, sem margir hverjir eru mjög skrautlegir,“ segir Ómar. „Skiptir þá engu máli hvað þeir kosta.“

Klúbbmeðlimir hittast reglulega ásamt því að halda úti síðu með myndum og tilkynningum. „Við erum á www.blogcentral.is/team_steel og þar er hægt að skoða myndir og fá upplýsingar um samkomur. Allir eru myndaðir og nýir meðlimir eru meira en velkomnir,“ segir Ómar.

Meðal samkoma sem fram undan eru er ferð til Patreksfjarðar á sjómannadaginn. „Við fáum flugbrautina út af fyrir okkur og þar ætlum við að taka myndir og leika okkur aðeins. Það er heilmikið um að vera á Patró þessa helgi og það verður bara gaman að vera partur af því,“ segir Ómar. „Ég vil bara hvetja alla sem áhuga hafa á að kíkja á síðuna okkar og setja sig í samband við okkur.“

*tryggvi@frettabladid.is*

Bjóðum nýja ISUZU atvinnubíla
ISUZU

Vélheimar ehf
Eirhöfða 14 • Reykjavík • Sími 587 5414
K&G þjónustan

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Meirapróf
Lærðu í nútímanum

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 11.apríl

allt
auglýsingasími
550 5880

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar

Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

JCB TRACKMAKERS GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!
Gúmmíbelti undir ALLAR gerðir mini-beltavéla allt að 8 tonna


„Kynntu þér verðin“
Algengustu stærðir til á lager
VÉLAVER
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is



ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE | NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST Í DAG.
HARA
ÚRSLITASTUNDIN ER AÐ RENNA UPP
X-FACTOR - á föstudag kl. 20:30
skemmtilegri
JÓGVAN
Esso
X FACTOR

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE | NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST Í DAG.



MEISTARINN

# SKEMMTILEGRI PÁSKAR




**LEITIN AÐ STRÁKUNUM** - hefst föstudaginn 20. apríl



**SHARK**



**THE APPRENTICE**



**PUNK'D**


SJÁLFSTÆTT FÓLK

# Á STÖÐ 2

Sjáðu Stöð 2 til 5. júní
Páskatilboð, 5.125 kr. á mánuði
Sirkus og Stöð 2 Bíó fylgir frítt með

skemmtilegri


AMERICAN IDOL


PRISON BREAK


STUDIO 60


GREY'S ANATOMY


NIP TUCK


GOTT FÓLK McCANN
515 6100 I SYN.IS I VODAFONE
Í KVÖLD KL. 18:45
ROMA
MAN. UTD.
8 LIÐA ÚRSLIT
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
MEISTARADEILD
EVRÓPU
Í KVÖLD
18:45 Roma - Man. Utd. Sýn
21:00 Chelsea - Valencia Sýn Extra
Guðni Bergs og Heimir Karls fjalla
um leiki kvöldsins fyrir og eftir leik.
AIG
sýn
besta sætið

Til sölu glæsilegt 76 fm sumarhús, tilbúið til flutnings. Uppl. í s. 821 8699.

## Atvinnuhúsnæði

**Nýtt iðnaðarhúsnæði**
Til leigu 150 fm. iðnaðarhúsnæði + 24 fm. milligólf í Hafnarfirði, stórar innkeyrsludyr, stórt útisvæði malbikað. Tilbúið til afhendingar, nýtt hús. S. 660 1060.

Til leigu 130 fm á Smiðshöfða, upphæð 150 þús á mán. Laust strax. S. 691 4131.

## Geymsluhúsnæði

Vinnu-skúrar



Til sölu og leigu nýir og notaðir vinnuskúrar.

HAFNARBAKKI

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

KFC

**Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.

**Starfsfólk óskast**
á sólbaðsstofurnar Smart, Grensásvegi 7. Dag, kvöld og helgarvinna. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.

**Pítan Skipholti**
Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Unnið er 15 vaktir á mánuði, aldrei lengur en til 22:15, í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur. www.pitan.is

AMERICAN STYLE

**American Style á Bíldshöfða Grill**
Vantar þig góða vinnu í fullu starfi og í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American Style á Bíldshöfða málið. Vantar þig aukavinnu með skólanum? Pláss fyrir frábært fólk á Bíldshöfða. 19 ára aldurstakmark . (ath. ekki sumarvinna) Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is

BÆJARBAKARÍ

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Veitingahúsið Nings - Hlíðarsmára & Suðurlandsbraut**
Ert þú með bíl til umráða? Veitingahúsið Nings óskar eftir að ráða bílstjóra í hlutastarf, þ.e. um kvöld og um helgar. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8840 & 822 8835 eða á www.nings.is

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is

SUBWAY

**Kvöld og helgarvinna**
Óskum eftir fólki í vaktavinnu, breytilegar vaktir á Subway Hamraborg. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Aldurstakmark 17 ár. Nánari upplýsingar veitir Birgitta í síma 696 7018.

**Serrano Hringbraut - Afgreiðsla**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf og hlutastarf um helgar, við afgreiðslu, á Serrano við Hringbraut. Við leitum að jákvæðu, duglegu og lífsglöðu fólki, 18 ára eða eldri, til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - Nánari upplýsingar veitir Lena í síma 899 8947.

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

**Vor- og sumarstörf.**
Cafe Oliver óskar eftir fólki bæði í hluta og full störf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Evu í síma 845 5923.

TAPAS RESTAURANT/BAR

**Tapas barinn**
Óskum eftir hressu og skemmtilegu fólki í hlutastarf á tapas barinn. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551 2344 eftir kl 14.00 eða á heimasíðunni www.tapas.is

**Allra best aðalverktakar**
Óskum eftir góðu fólki til starfa við jarðvegsframkvæmdir/hellulagnir hjá traustu fyrirtæki. Einungis vanir menn koma til greina! Uppl. veitir Júlíus í s. 820 8888.

b5
Bankastræti

B5, Bar/Bistro, óskar eftir duglegu, hressu og ábyrgu fólki á kvöldin og um helgar. Umsóknir sendist á sololi@simnet.is

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabökurum til starfa. Einnig vantar afgreiðslufólk og útkeyrslufólk. Nánari upplýsingar á Rizzo hraunbæ 121.

**Starfsfólk í Garðvinnu**
Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

**Sumarvinna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 15-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Vantar röska menn á hjólbarðaverkstæði. Uppl. í s. 557 7200.

**Starfskraftur óskast/ Employee wanted**
Kona eða karl, í blikksmiðju. Gott ef viðkomandi hefur unnið svipuð störf eða vill gera blikksmíði að framtíðarstarfi. Uppl. í síma 565 9244.

**INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK**

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

Óska eftir vönum mönnum á dekkjaverkstæði og smurstöð. Uppl. í s. 587 4700.

Starfsfólk fra Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, bílstjórar o.fl. S. 845 7158.

A young woman is looking for a part time or full time job. Good in English, experienced with kids and used to work in the Ministry in Lettland in documenting. Please contact 844 7221.

Vön beitningarkona að vestan óskar eftir vinnu við beitningu á stór-Reykjavíkur svæðinu. Uppl. í s. 553 2120 & 865 2495.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
í eftirtalin störf :
Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan.
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

**Ítalskur kokkur**
Með sérhæfingu í miðjarðarhafseldamennsku, með reynslu af íslenskum mat, óskar eftir vinnu. Getur hafið störf strax eða síðar.
Vinsamlegast hafið samband í síma 868 6725 eða á netfangið ninevapuntini@yahoo.it

**STÓRBORG fasteignasala**
Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

**GARÐASTRÆTI - 101 REYKJAVÍK**
**STÓRBORG KYNNIR Í EINKASÖLU:**

Frum





Glæsilega 77 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð á besta stað í miðbænum við Garðastræti. Íbúðin var öll nýstandsett árið 2003. Ólur í öllum innréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum. Nýtt eldhús og baðherbergi. Sjón er sögu ríkari.

*Áhugasamir hafi samband við Gunnar Ólason, sölufulltrúa Stórborgar, í síma 694-9900 eða gunnar@storborg.is*

*Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali*

**Eignamiðlun Suðurnesja**
Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali
Reynir Ólafsson, löggiltur fasteignasali

Víkurbraut 46
240 Grindavík
Sími 426 7711
Hafnargötu 20
230 Keflavík
www.es.is

**Tilbúið til afhendingar**

# Suðurhóp 8 og 10, Grindavík

Frum



Parhús í byggingu 146,6 ferm. ásamt bílskúr, úr timbri klætt með standandi vatnsklæðningu. Skilast fullbúin með gólfefnum. Hiti í gólfi. Stutt í íþróttahús og sundlaug. Nýr skóli er fyrirhugaður rétt hjá.

***Suðurhóp 10 er tilbúið til afhendingar.***
***Suðurhóp 8 afhendist 1. maí 2007***
**Verð: 26.800.000,-**

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í sveitarfélaginu.

Tillaga að deiliskipulagi í landi Nýabæjar land nr. 202077 í Saeitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsi auk reits fyrir landbúnaðarbyggingu. Fjarlægð milli hesthúss og íbúðarhúss er að lámarki vera 38,80 m. Aðkoma er frá Gaulverjabæjarvegi nr. 33. Leyfilegt byggingarmagn á landinu er um 4600 m2 sem gerir leyfilegt nýtingarhlutfall upp á 0,017.

Tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Laugardæla í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir íbúðarbyggð á suðurbakka Ölfusár. Á svæðinu er verða 28 einbýlishúsalóðir 1 - 2 hæðir. 28 keðju- par- og raðhúsalóðir með 64 íbúðum. 6 fjölbýlishús 3 - 5 hæða með 126 - 150 íbúðum og 1 hús 4 - 6 hæða með 45 íbúðum, íbúðir aldraðra. Samtals 263 - 287 íbúðir á skipulagssvæðinu. Aðkoma er frá Árvegi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 14,5 ha. Heildarstærð lóða 7,23 ha. Græn svæði 4,0 ha., leiksvæði 0,5 ha.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 04. apríl til og með 02. maí 2007.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 16. maí 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 28. mars 2007

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# Landeigendur

Skráið ykkur í Landssamtök landeigenda á Íslandi (LLÍ) á nýrri heimasíðu: www.landeigendur.is
Stöndum vörð um eignarréttinn.

**Stjórnin.**

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um umhverfismat vegna tillögu að áætlun um olíuleit á Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg.

Iðnaðarráðuneytið auglýsir hér með kynningu á tillögu að áætlun um útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu á norðanverðu Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg (olíuleitaráætlun) og drög að umhverfismati áætlunarinnar, í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Umhverfismatið tekur til áhrifa helstu framkvæmda olíuleitaráætlunarinnar á umhverfið.

Skýrsla með tillögu að olíuleitaráætluninni og drögum að umhverfismati hennar liggur frammi til kynningar hjá iðnaðarráðuneyti, Arnarhvoli, og Orkustofnun, Grensásvegi 9, sem og á heimasíðum þeirra: www.ivr.is og www.os.is.

Frestur til að gera athugasemdir við skýrsluna er til 23. maí 2007 og skulu athugasemdir vera skriflegar og undirritaðar. Athugasemdir skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið

Skagafjörður

**Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Skagafjörður**

## Tillaga að breytingu á Deiliskipulagi Hafnarsvæðisins. Hesteyri 2, Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Deiliskipulagi Hafnarsvæðisins frá 1995, í samræmi við 1. mgr. 26.gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin tekur til tveggja byggingarlóða og opins svæðis sveitarfélagsins á uppfyllingu neðan við Gránumóa, við Hesteyri og Vatneyri á Sauðárkróki. Breytingin felur í sér að lóð Vatneyrar 3 rennur samana við lóð Hesteyrar 2 til þess að bæta stöðu verkstæða á svæðinu. Á lóð Hesteyrar 2 hefur verið starfrækt vélaverkstæði um árabil.

Tillagan verður til sýnis í Ráðhúsi Skagafjarðar að Skagfirðingabraut 21 Sauðárkróki, frá 4. apríl - 2. maí 2007. Einnig verður tillagan til sýnis á vefsíðu sveitarfélagsins: http://www.skagafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með miðvikudagsins 16. maí 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og byggingarnefndar í Ráðhús Skagafjarðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Jón Örn Berndsen
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar

# ÁRSFUNDUR

***Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands boðar til ársfundar, þriðjudaginn 24 . apríl 2007 kl. 17:15 á Grand Hótel, Háteigi (4. hæð)***

**Dagskrá:**
Skýrsla stjórnar
Stjórnarkjör
Önnur hefðbundin ársfundarmál

Allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti.
Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

## MATVÍS FÉLAGAR.

Laugardaginn 14. apríl næstkomandi verður aðalfundur MATVÍS.

Fundurinn er haldinn á Hótel Nordica á annarri hæð og hesfst kl. 13.00.

Eftir fundinn kl. 18.00- 20.00 verður boðið til móttöku í tilefni að stórafmælum sem að félögin sem mynda MATVÍS hefðu átt á árinu. Félag framreiðslumanna og Félag matreiðslumanna hefðu orðið 80. ára og Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna hefði orðið 60. ára.

Félagar eru hvattir til þess að mæta og taka með sér gesti.

Minnum á niðurgreiðslu og styrki til þeirra sem að koma langt að, en upplýsingar um það má finna í nýjasta fréttabréfi MATVÍS og einnig á www.matvis.is




# 1-4 hektara lóðir

## Ein eða fleiri samliggjandi

- Heimilið, skemman og hesthúsið sameinað á einn stað
- Byggingar allt að 1500 fm og frelsi í hönnun
- Hluti reiðstíga upplýstur
- Rúmar heimildir til húsdýrahalds og léttrar atvinnustarfsemi
- Sveit með þjónustu og þægindum þéttbýlis
- Árborg sér um allan rekstur t.d. hitaveitu, sorphirðu og skólaakstur
- Tengist fuglafriðlandi Árborgar á bökkum Ölfusár
- Leiðsögn um svæðið milli klukkan 13 og 17 allar helgar frá 31. mars

*www.tjarnabyggd.is*

***Kynning um páskana kl. 13-17 frá skírdegi til annars í páskum***

Tjarnabyggð
Búgarðabyggð í Árborg
*Nýtt samfélag í fallegri sveit*

fasteignasalan GARÐUR




*Tenging reiðleiða Árborgar við Tjarnabyggð*

*Nánari upplýsingar: Landeigandi: sími 8980343*

*Fasteignasalan Garður: sími 5621200*
*Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Villi sirloinsneiðar frá KF
LAMBASIRLOINSNEIÐAR kílóverð nú:
1294 KR.
Merkt verð 1849KR.
KF lamb
Koníakslegnar svínakótelettur
KONÍAKSKÓTELETTUR kílóverð nú:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
Íslands Grís
Gæði á grillið
Grísakótilettur m/beini
30% afsláttur við kassann
Úrbeinaður grísalærisvöðvi með tómötum og basil
BEINLAUS SVÍNAVÖÐVI kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
30% afsláttur við kassann
KF lamb
Páskagleði á
LAMBAMIÐLÆRISSNEIÐAR kílóverð nú:
1952 KR.
Merkt verð 2789KR.
Villikryddaðar miðlærissneiðar
HEINZ TOMATO KETCHUP
680g tómatsósa
98 KR.
10 Bónus vínarpylsur verð um:
250 KR.
Kílóverð nú 506KR.
4 XL brauð
79 KR.
5 pylsubrauð
69 KR.
MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ
Crisp fried onion
Steiktur laukur
69 KR.
200g
BÓNUS
10x 115g nautaborgarar
1198 KR.
Hrá salat
Kartöflu salat
KF SALAT
98 KR.
350g
10 nautaborgar 115g hver



Bónus grill svínahnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
898 KR.
Merkt verð 998KR.
10% afsláttur við kassann
Ali grill svínakótelettur
Ali grill svínahnakkasneiðar
Svínakótelettur ALI grill og úrbeinaðar hnakkasneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.
30% afsláttur við kassann
grillið og í ofninn!
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Lamba fille
20% afsláttur við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
Beinlaust Fjallagrillamb
Mest selda helgarsteikin í Bónus
30% afsláttur við kassann
LAMBAHELGARSTEIK
KÍLÓVERÐ NÚ:
1116 KR.
Merkt verð 1594KR.
FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Lambalundir
25% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
5 grillbakkar
129 KR.
úr áli
...fyrir góðan dag!
KS lambalæri
Frosið kílóverð nú:
824 KR.
Merkt verð 1098KR.
Bökunarkartöflur
149 KR.
um 700g
5 grillbakkar
www.bonus.is
BÓNUS

**TÓMAS A. TÓMASSON VEITINGAMAÐUR ER 58 ÁRA Í DAG.**



*„Það er svo mikilvægt að manni sé treyst í viðskiptum því það tekur mörg ár að byggja upp traust en aðeins nokkrar sekúndur að brjóta það niður.“*

***Eigandi Hamborgarabúllunnar fæddist þennan dag árið 1949.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 4. APRÍL 1949**

## *Atlantshafsbandalagið stofnað*



**JAAP DE HOOP SCHEFFER** framkvæmdastjóri NATO.

Þennan dag fyrir 58 árum var Atlantshafsbandalagið, NATO, stofnað. Að bandalaginu stóðu tólf vestræn ríki: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Belgía, Holland, Danmörk, Ítalía, Lúxemborg, Noregur, Kanada, Portúgal og Ísland. Grikkland, Tyrkland og Vestur-Þýskaland gengu síðar í Atlantshafsbandalagið en Frakkland sagði sig úr því árið 1966 og sagði Bandaríkin hafa brotið stofnsáttmálann.

NATO er hernaðarbandalag sem er ætlað að tryggja varnir ríkjanna sem að því standa. Stofnsáttmáli þess felur meðal annars í sér að árás á eitt aðildarríkja jafngildi árás á þau öll. Aðeins einu sinni hefur verið gripið til þess ákvæðis, en það var gert eftir hryðjuverkin hinn 11. september 2001.

Til að mynda mótvægi við NATO mynduðu Sovétríkin og leppstjórnir þeirra Varsjárbandalagið árið 1955. Það lagði upp laupana árið 1991 þegar Sovétríkin hrundu.

Hernaðarlegur styrkur Atlantsbandalagsins var og er gríðarlegur, en það kom ekki til kasta hans fyrr en eftir að ógnin sem NATO var stofnað til að verjast var úr sögunni. Árið 1994, þremur árum eftir hrun Sovétríkjanna, tók NATO þátt í fyrstu hernaðaraðgerðum sínum í Júgóslavíu. Árið 1999 hóf það loftárásir á Júgóslavíu undir því yfirlýsta markmiði að binda enda á skærur í Kosovo héraði. Sama ár var fyrstu austur-evrópsku ríkjunum veitt inngöngu í bandalagið, Póllandi, Ungverjalandi og Tékklandi, en öll voru þau áður í Varsjárbandalaginu sáluga. Í fyrra gengu sjö austur-evrópsk ríki til viðbótar í NATO.

**MERKISATBURÐIR**

- **1581** Francis Drake lauk hringferð sinni um heiminn og var aðlaður af Elísabetu I.
- **1611** Kristján IV, konungur Danmerkur, segir Svíum stríð á hendur.
- **1897** Hið íslenska prentarafélag stofnað. (Er nú hluti af Félagi bókagerðarmanna og elsta starfandi verkalýðsfélag landsins.)
- **1905** 370 þúsund manns fórust í jarðskjálfta nálægt Kangra í Indlandi.
- **1939** Faisal II varð konungur Íraks.
- **1956** Alþýðubandalagið stofnað sem kosningabandalag.
- **1964** Bítlarnir áttu smáskífur í öllum fimm efstu sætum bandaríska Billboard-listans.



*Elsku bróðir okkar,*

**Jóhann Guðlaugsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 1. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna, vinsamlegast láti líknarstofnanir njóta þess.

**Lilja Guðrún Guðlaugsdóttir**
**Jón Guðmundur Guðlaugsson**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Elín Kristín Þorsteinsdóttir**
Stuðlabergi 12, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 25. mars sl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ásmundur Sigvaldason**
**Harpa Rún Ásmundsdóttir**
**Styrmir Sæmundsson**
**Bjarni Sæmundsson** **Sunna Gunnarsdóttir**
**Breki Bjarnason** **Elín Bjarnadóttir**
**Guðrún Gunnarsson**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**



*Okkar ástkæra,*

**Gréta Árnadóttir**

er látin. Minningarathöfn verður haldin í Fossvogskirkju miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.00. Jarðarför fer fram frá Tálknafjarðarkirkju þriðjudaginn 10. apríl kl. 14.00.

**Guðni Ólafsson** **Inga Jórunn Jóhannesdóttir**
**María Ólafsdóttir** **Guðjón Bjarnason**
**Sveinn Ólafsson** **Steinunn Rán Helgadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Nikulásson**
Hjaltabakka 20, Reykjavík,

lést á Landspítala, Landakoti föstudaginn 30. mars. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 10. apríl kl. 13.00.

**Katrín Ragnarsdóttir**
**Svava Guðmundsdóttir** **Friðrik Bridde**
**Anna M. Bridde** **Elvar M. Birgisson**
**Katrín D. Bridde** **Kristján M. Sivarsson**
**og langafabörn.**



**AFMÆLI Í RÓLEGHEITUM** Magnús Oddsson segist lítið fyrir það gefinn að halda upp á eigin afmæli með stórum samkvæmum, og ver deginum í faðmi fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

MAGNÚS ODDSSON FERÐAMÁLASTJÓRI: SEXTUGUR Í DAG

# Tilefni til að horfa fram á veginn

Magnús Oddsson ferðamálastjóri fagnar sextugsafmæli sínu í dag. Það gerir hann þó ekki með pompi og prakt. „Ég er einhvern veginn þannig gerður að ég er lítið fyrir að boða til stórra samkvæma fyrir sjálfan mig. Það er bara ekki minn stíll,“ sagði Magnús, léttur í lund. „Ég hef aldrei vanið mig á það á svona tímamótum. Á þessum tugaafmælum mínum hef ég verið í rólegheitum með mínum nánustu og breyti ekkert út frá því,“ sagði Magnús.

Magnús ætlar ekki heldur að halda af landi brott á afmælinu, eins og margir vilja gera. „Ég verð á landinu með mínum nánustu, við skulum orða það þannig,“ sagði hann og hló við. Hann hefur ekki haft þann háttinn á á liðnum afmælum, en hins vegar hefur hist svo á að hann hefur oft verið fjarri heimaslóðum. „Þegar ég fer að rifja það upp þá var ég á Akureyri þegar ég varð tvítugur, ég varð þrítugur á Spáni og fertugur í Hollandi. Ég var að vinna á þessum stöðum, og í skóla á Akureyri þegar ég varð tvítugur. Ég hef bara verið þar sem ég er staddur þá stundina,“ sagði hann.

Magnús segir það hins vegar vel geta verið að hann leggi leið sína í sumarbústað um páskana. „Ég geri það oft þegar ég er heima um páska. Svo vonast ég til þess, ef það hlýnar aðeins, að ég komist kannski aðeins út á golfvöll. Ég er farinn að hlakka mikið til þess,“ sagði Magnús, sem hefur mikinn áhuga á golfi. „Ég hef mikla ánægju af golfi og sæki mikið í það. En ég get ekkert í íþróttinni, ég stunda það mér til heilsubótar og ekki til afreka,“ sagði hann hlæjandi.

Magnús hefur starfað innan ferðamálageirans í rúm þrjátíu ár, og er enn afar ánægður með starfið. Hann vinnur nú að því að endurskoða ferðamálaáætlun fyrir komandi ár. „Það er mjög ánægjulegt að vera að vinna í þessu svona fram fyrir sig,“ sagði Magnús. „Á svona afmælum fer fólk svo oft að horfa aftur. Maður lítur auðvitað um öxl með ánægju og rifjar upp skemmtilega hluti, en svo horfir maður líka fram í tímann með eftirvæntingu og spennu yfir því sem kemur,“ sagði hann.

**sunna@frettabladid.is**




Rúnar Geirmundsson | Sigurður Rúnarsson | Elís Rúnarsson | Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


FÆDDUST ÞENNAN DAG



**AKI KAURISMÄKI 1957**



**ROBERT DOWNEY JR. 1965**



**GYRÐIR ELÍASSON 1961**



**HEATH LEDGER 1979**

# ÞÚ FÆRÐ FERMINGARGJÖFINA Í TÖLVULISTANUM

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.83Ghz Core 2 Duo T5600<br>Intel 945PM Express 667FSB- 2MB |
| Minni | 2GB Dual DDR2 533MHz<br>Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| Harður diskur | 160GB 5400RPM diskur<br>5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 256MB GeForce Go7600<br>Sjálfstætt 256MB minni |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.77Kg með rafhlöðu<br>Rafhlöðuending allt að 3.5 tímar |

## FERMINGARGJÖFIN Í ÁR ER ACER ASPIRE 5684WLMib

**INTEL CORE 2 DUO**
Nýjasta tæknin frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkst

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

**GEFORCE GO7600**
GeForce Go 7600 PCI-Express skjákort með 256MB sjálfstætt GDDR2 minni! Windows Vista samhæft

**KORTALESARI**
Acer 5684 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

**AÐEINS 4.185 KR Á MÁNUÐI**




# VERÐ 144.900



**RISAEGG 1.4KG**
NÓI SÍRÍUS
RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA SÍRÍUS FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## FERMINGARVÉLIN

**AÐEINS 3.362 KR Á MÁNUÐI**




2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 320GB 7200RPM harður diskur 18xDVD±RW DL skrifari • 19" LCD Acer AL1916FS skjár 256MB MSI Geforce7 NX7600GS PCI-E 16X skjákort 10/100/1000 netkort • Windows Vista Home Premium

# VERÐ 119.900

## LOGITECH Z-10

**FRÁ 430 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI**

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum, USB 2.0

**VERÐ 14.900**

## MY BOOK HÝSING

**FRÁ 575 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI**

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 19.900**

## 500GB HARÐUR DISKUR

**ÁBYRGÐ 5 ár**

**500GB SATA2 16MB**
500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer

**FLUID BEARING**
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum

**WESTERN DIGITAL**
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður

WD Western Digital

**VERÐ 14.900**

**ÁBYRGÐ 10 ár**

1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill — **VERÐ 1.990**

15" Empire II hliðartaska frá Manhattan — **VERÐ 5.490**

15" University fartölvubakpoki frá Manhattan — **VERÐ 5.990**

Canon CanoScan 4400F flottur borðskanni — **VERÐ 17.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

# TÖLVULISTINN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni | 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu | 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu | 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi | 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |




# STUÐ MILLI STRÍÐA Tillitssami kúnninn

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** SÝPUR FLATT KÓK OG TUÐAR Í HLJÓÐI



Elskuleg frænka mín, búsett í kóngsins Köbenhavn, tjáir mér að danskt afgreiðslufólk sé það ókurteisasta sem hún hafi komist í tæri við. Ég fékk að kynnast ókurteisinni af eigin raun síðastliðna helgi, þegar ég brá undir mig betri fætinum og tveimur flugvélavængjum og hélt til Danaveldis. Eftir annars ánægjulegt rölt niður uppáhaldsstrik allra Íslendinga rataði ég inn á gólf í uppáhaldsverslun flestra Íslendinga, kenndri við Hennes og Mauritz. Þar tók á móti mér sú allra fýldasta afgreiðsludama sem ég hef á ævi minni afhent seðla. Pirringurinn yfir þeirri tilætlunarsemi okkar ferðalanganna að ætlast til þess að hún afgreiddi okkur var með ólíkindum – fyrir konu sem vinnur við afgreiðslu. Hún ranghvolfdi augum, dæsti og hvæsti á bráðum átta ára prinsessuna sem var með í för. Því næst drap hún okkur hinar með augnaráðinu og algjörlega óviðeigandi frösum sem ég ætla ekki að tilgreina nákvæmlega hér.

Ég hef, eins og svo margir aðrir Íslendingar, unnið þjónustustörf. Það er tvíeggjað sverð. Annars vegar er ég örugglega tillitssamasti kúnni í heimi, vegna þess að ég veit svo vel hvað vaktirnar geta verið erfiðar þegar allt er í hakki og allir eru dónalegir. Ég hef öskrað af frústrasjón inni í eldhúsum og reytt hár mitt í örvæntingu yfir óréttlátum viðskiptavinum. Þess vegna er ég yfirgengilega tillitssöm þegar ég sæki veitingahúsin heim þessa dagana. Ef mér er fært vatnsglas með sítrónu í stað sítrónutes geri ég ekki athugasemd fyrr en ég er búin að meta andlegt jafnvægi gengilbeinunnar í þaula, og hef fyrir vikið fengið að súpa gífurlegt magn af flötu kóki.

En þó ég hafi skilning á erfiðleikunum sem starfið felur í sér geri ég líka kröfur til afgreiðslufólks. Og ókurteisi, algjörlega að ástæðulausu, er eitur í mínum beinum. Það er auðvelt að vera almennilegur. Ef ég væri ekki svona tillitssamur kúnni hefði ég sagt dönsku dömunni til syndanna.




# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott








**GUS GUS Á NASA** Frábærir tónleikar á Nasa verða endurteknir 21. apríl.

## Gus Gus aftur á Nasa

Dans- og skemmtanafíklar ættu að taka laugardagskvöldið 21. apríl frá því þá leikur hljómsveitin Gus Gus á Nasa. Hljómsveitin spilaði á Nasa í lok síðasta mánaðar



**GUS GUS** Ný plata fær góða dóma og tónleikar sveitarinnar ekki síður.

og er óhætt að segja að það kvöld hafi farið vel í þá sem mættu. Svo vel að hljómsveitinni hefur borist fjöldi áskorana um að endurtaka leikinn. Það hafa Stebbi Steph og félagar hans í Gus Gus ákveðið að gera. Miðasala á tónleika Gus Gus hefst á morgun.



**MÍNUS** Rokksveitin Mínus spilar á Amsterdam í kvöld.

## *Hita upp fyrir Ísafjörð*

Annað skemmtikvöld Grapevine og Smekkleysu, Take Me Down to Reykjavík City, verður haldið á Café Amsterdam í kvöld. Fram koma Mínus, Pétur Ben, Lay Low, FM Belfast og Skúli & Sökudólgarnir.

Þessar sveitir og tónlistarmenn eru að búa sig undir tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður, sem verður haldin á Ísafirði um páskana, og lofa þær hörkustuði í kvöld. Mun Mínus væntanlega spila lög af plötu sinni The Great Northern Whalekill sem kemur í búðir á næstunni.

Miðaverð er 500 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 21.00.



**KENTÁR** Hljómsveitin Kentár er 25 ára á þessu ári.

## Kentár með tónleika

Hljómsveitin Kentár, sem er 25 ára á þessu ári, heldur tvenna tónleika í kvöld á Blúshátíð Reykjavíkur. Fyrst spilar sveitin á Hótel Nordica klukkan 20.00 þar sem einnig kemur fram bandaríski blúsarinn Ronnie Baker Brooks auk ungra og upprennandi blúsara. Eftir það spilar Kentár á Domo þar sem gamlir vinir sveitarinnar munu stíga með henni á svið í tilefni afmælisins.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að tónleikar Kentár ættu að vera í gærkvöldi en þeir verða sem sagt í kvöld. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Sesar A snýr aftur með tvær plötur

„Platan er svo gott sem tilbúin. Það á bara eftir að gera svona hluti eins og koverið, mastera og svoleiðis. Hún kemur svo vonandi út í sumar,“ segir Eyjólfur Eyvindarson, betur þekktur sem rapparinn Sesar A. Eyjólfur gaf sem kunnugt er út plötuna Stormurinn á undan logninu árið 2001, fyrstu rappplötuna eingöngu á íslensku, og svo plötuna Gerðu það sjálfur 2002.

„Nýja platan var í raun tilbúin 2004 en ég ákvað að salta hana í smá tíma. Ég er að leggja lokahöndina á hana núna, er búinn að bæta við hana og svona.“

Sesar A hefur aldeilis ekki setið auðum höndum undanfarin ár þó að ekki hafi farið mikið fyrir honum hér heima. Hann hefur búið í Barcelona síðustu fjögur ár þar sem hann hefur lært kvikmyndaleikstjórn og matreiðslu auk þess að vinna að nýrri tónlist.

Meðal verkefna hans er International Family of Sound, sem er hljómsveit samsett af níu manns frá átta löndum sem rappa og syngja á tíu tungumálum. „Þetta er verkefni sem er búið að vera í gangi síðan 2004. Það er Þjóðverji sem byrjaði með það, hitti þetta fólk og tengdi það saman. Síðan kom ég inn í þetta og tók að mér að framleiða, taka upp og útsetja. Platan er tilbúin og er að koma út núna á næstu dögum.“



**SESAR A** Gefur út tvær nýjar plötur og rappar á þremur tungumálum.

Spurður út í tungumálaþáttinn á plötunni sagði Sesar: „Það er eitt lag þarna þar sem allir koma að með lítinn hluta. Ég rappa á þremur tungumálum, ensku, dönsku og íslensku, og svo koma hinir að laginu þannig að það nær að vera á níu eða tíu tungumálum.” Textarnir eru á íslensku, spænsku, ensku, japönsku, frönsku, zulumáli, sænsku, þýsku, dönsku og katalónsku þannig að úr verður ein allsherjar tungumálasúpa.

Enn er óvíst um dreifingu plötu International Family of Sound á Íslandi en hægt er að nálgast upplýsingar og hljóðdæmi á www.myspace.com/ifsworldwide. - jar






**1.358** kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Norðlenska lambahryggur kryddaður




**454** kr/kg. áður 605 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir




**1.146** kr/kg. áður 1.528 kr/kg.
Goða bayonneskinka




**599** kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingalæri/leggir Tex Mex




**899** kr/kg. áður 1.527 kr/kg.
Borgarnes grísahnakki úrb. mediterranian




**1.259** kr/kg. áður 2.100 kr/kg.
Borgarnes lambagrillkótilettur þurrkrydd.

H:N markaðssamskipti / SIA. Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 4. apríl til 8. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**99** kr/stk.
Egils appelsín



**459** kr/pk.
Hornafjarðarhumar - 500 gr.




**269** kr/kg.
Norðlenska Ekta grillborgarar 4 stk m/ brauði




**799** kr/kg. áður 1.598 kr/kg.
Norðlenska lambagrillsneiðar




**349** kr/stk. áður 468 kr/stk.
Freschetta Brickoven pizzur



**799** kr/stk. áður 1.299 kr/stk.
Góa páskaegg Nr. 6 - 540 gr.

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

**Kl. 14.00**

*Myndlistarmaðurinn Spessi sýnir ljósmyndir sínar í gallerí Anima í Ingólfsstræti. Á sýningunni „Úrtak“ eru ljósmyndir sem Spessi tók á Ísafirði um páskana 2004 og fangaði þá handahófskennt 1,4 prósent Ísfirðinga. Sýningin stendur til 21. apríl.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Bíræfnar bakhlutarannsóknir*

Stúdentaleikhúsið æfir nú sýninguna Examinasjón í Kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku. Ellefu leikarar ásamt hljómsveit hafa síðustu vikur æft verkið Examinasjón sem byggt er á sagnabálknum The Bottom Inspectors. Sagnbabálkurinn birtist í hinu virta og víðlesna sorptímariti VIZ, en á síðustu öld var það eitt víðlesnasta spétímarit Bretlandseyja.

Í verki þessu eru lægstu hvatir mannskepnunnar, sem allir þekkja en enginn vill kannast við, kannaðar með ýmsum hætti enda koma drullusokkar og klósettburstar talsvert við sögu.

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikstýrir sýningunni en um tónlistarstjórn sér Snæbjörn Ragnarsson. Þetta er í fjórða sinn sem þeir leiða saman hesta sína á leiksviði og í annað sinn sem þeir vinna úr efniviði VIZ-sagnanna, en sýningin Allra kvikinda líki var líka unnin upp úr sama menningarriti.



**HVATIR SEM ENGINN VILL KANNAST VIÐ** Stúdentaleikhúsið stundar djúpköfun

Verkið Examinasjón verður frumsýnt í gömlu kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku um miðjan mánuðinn. Geymslur þær hafa gegnt ýmsum hlutverkum um tíðina, voru fyrst notaðar sem sprengjugeymslur í Hvalfirði, síðar fluttar í brekkuna og nú er unnið að því hörðum höndum að breyta þeim í lista-, menningar- og hönnunarmiðstöð.



## >Ekki missa af…

sýningum leikfélagsins **Hugleiks** á verkinu **Epli og eikur** eftir **Þórunni Guðmundsdóttur** í **Möguleikhúsinu** í kvöld.

forvitnilegum sýningum í **ljósmyndagalleríinu A/A** við **Hverfisgötu**.

bókmenntaþættinum **Glætu** á Rás eitt á fimmtudagskvöldum.

# Tónlistin og trúin á tímum kyrrðar og íhygli

**Páskavikan er tími kyrrðar og íhygli fyrir marga og á undanförnum árum hefur skapast sú hefð í kirkjum landsins að halda tónleika af því tilefni. Í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu verður til að mynda hægt að njóta fjölbreyttrar menningardagskráa á næstu dögum.**

Strax í kvöld verður efnt til tónleika í Seljakirkju þar sem tónverkið Stabat Mater eftir Giovanni Battista Pergolesi verður flutt. Verkið er þekktasta kirkjulega verk tónskáldsins og fjallar það um sorg Maríu meyjar er stendur við kross Jesú Krists. Verkið gefur mynd af þjáningu sonarins í bæði orði og tónmáli. Flytjendur verða söngkonurnar Anna Jónsdóttir og Anna Margrét Óskarsdóttir en með þeim leika Örnólfur Kristjánsson sellóleikari og Jón Bjarnason, organisti og tónlistarstjóri Seljakirkju. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 í kvöld og er aðgangur að þeim ókeypis.

Fyrrgreint verk verður einnig flutt á tvennum tónleikum í Seltjarnarneskirkju og Laugarneskirkju undir stjórn Olivers Kentish. Á föstudaginn langa kl. 15 flytja María Jónsdóttir og Lára Hrönn Pétursdóttir verkið ásamt strengjasveit og endurtaka leikinn í Laugarnesinu á annan í páskum kl. 17.

### Tónlist, myndlist og dans

Kór Áskirkju flytur Jóhannesarpassíu Bachs í Fossvogskirkju á skírdag og föstudaginn langa. Kórinn kemur fram ásamt kammersveit og sex einsöngvurum en stjórnandi er Kári Þormar. Jóhannesarpassían er eitt af stórvirkjum kirkjutónlistarinnar og mjög metnaðarfullt og viðeigandi verk á páskum. Tónleikarnir hefjast kl. 17 báða dagana.

Kór Langholtskirkju skipuleggur sannkallaða „Listafléttu“ á föstudaginn langa undir yfirskriftinni „Ég bíð uns birtir yfir“. Kórinn flytur söngdagskrá sem samanstendur af verkum sem öll tengjast píslarsögunni. Verkunum er skipt í fjóra hluta en milli þeirra munu Gunnar Stefánsson og Hjörtur Pálsson lesa fjögur ljóð sem þeir hafa valið og tengjast deginum. Listasafn Íslands lánar nokkrar af Passíusálmamyndum Barböru Árnason sem verða til sýnis í kirkjunni og aukinheldur hefur Aðalheiður Halldórsdóttir dansari samið hreyfingar fyrir kórinn og mun dansa í tveimur verkanna. Dagskráin í Langholtskirkju hefst kl. 20 á föstudaginn langa, umsjónamaður dagskrárinnar er stjórnandi kórsins, Jón Stefánsson.



**TÓNSKÁLDIÐ ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON** Verk hans verður flutt í Vídalínskirkju á föstudag.

Í Vídalínskirkju í Garðabæ verður einnig efnt til fjölþættrar dagskrá á föstudaginn langa en þar verður flutt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, „Sjö hugleiðingar fyrir fiðlu og selló“. Dagskráin hefst á stuttri guðsþjónustu kl. 11 þar sem séra Jóna Hrönn Bolladóttir messar. Listanefnd Garðasóknar stendur síðan að tónleikahaldinu þar sem Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari munu flytja verk Þorkels. Verkið er í sjö hlutum og er sérstaklega samið til flutnings milli Passíusálma Hallgríms Péturssonar og munu Garðbæingar skiptast á að lesa sálmana. Í kirkjunni verður einnig til sýnis myndverk Magnúsar Tómassonar, „Handhæga settið“.

### Frumflutningur á föstudegi

Að vanda verða Passíusálmar Hallgríms Péturssonar lesnir í kirkju hans á Skólavörðuholti. Lesturinn hefst kl. 13.30 á föstudaginn langa en umsjónarmaður er Grétar Einar. Lesarar auk hans verða leikararnir Arnar Jónsson, Guðrún Ásmundsdóttir og Ragnheiður Steindórsdóttir. Lesturinn verður óvenjulegur að því leyti að lesarar skipta ekki einstökum sálmum milli sín heldur ákveðnum versum eftir efni og samhengi. Einnig er hugmyndin að nýta rýmið í kirkjunni. Tónlist eftir Bach og Buxtehude verður flutt á milli lestra en umsjón með tónlistarflutningi hefur Björn Steinar Sólbergsson organisti.

Að kvöldi föstudagsins langa verður hátíðleg stemmning á Skólavörðuholtinu en þá frumflytur kammerkórinn Schola cantorum óratoríuna „Hallgrímspassíu“ eftir Sigurð Sævarsson ásamt CAPUT-hópnum í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélags kirkjunnar. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Verk Sigurðar er þriðja óratorían sem flutt er í Hallgrímskrikju er byggir á Passíusálmum Hallgríms. Hinar tvær eru samnefnt verk eftir Atla Heimi Sveinsson, sem Mótettukórinn flutti ásamt stórri blásarasveit og hópi leikara í sjónvarpi árið 1988 og Passía Hafliða Hallgrímssonar sem frumfluttvar árið 2001 og hljóðrituð ári síðar, verk fyrir kór, hljómsveit og tvo einsöngvara.Verk Atla og Hafliða eru mjög ólík þótt bæði byggi á textum Passíusálmanna. Í verki Sigurðar Sævarssonar kveður við enn annan tón. Aðalhlutverk verksins, Hallgrímur sögumaður, er skrifað fyrir bassasöngvara, en fleiri einsöngvarar og kór fara með hlutverk persóna píslarsögunnar, eins og þau birtast í Passíusálmunum. Tónmálið er aðgengilegt og þjóðlegt þó ekki sé um að ræða beinar tilvísanir í gömlu íslensku lögin við Passíusálmana, eins og í verki Atla. Með einsöngshlutverkin fara félagar í Schola cantorum, að undanskildu hlutverki Hallgríms sem er í höndum Jóhanns Smára Sævarssonar, bróður höfundarins.



**MYNDLIST KRISTÍNAR GUNNLAUGSDÓTTIR** Verður kynnt í Seltjarnarneskirkju á laugardaginn.

Tónleikarnir í Hallgrímskirkju hefjast kl. 22 að kvöldi föstudagsins langa.

Listvinafélag Seltjarnarneskirkju efnir síðan til sýningar á verkum myndlistarkonunnar Kristínar Gunnlaugsdóttur næstkomandi laugardag en kl. 17 hefjast þar tónleikar þar sem sellóleikarinn Gunnar Kvaran flytur tónlist eftir Bach og bassasöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson syngur íslensk og erlend lög við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Rakel Pétursdóttir safnafræðingur mun einnig spjalla um listferil og verk Kristínar að þessu tilefni.

kristrun@frettabladid.is



**ÆVI OG STÖRF SERA HALLGRÍMS PÉTURSSONAR** Voru Sigurði Sævarssyni innblástur í óratoríu hans sem frumflutt verður í Hallgrímskirkju um páskana.



**TÓNVERKIÐ STABAT MATER** Söngkonurnar Anna Jónsdóttir og Anna Margrét Óskarsdóttir flytja tónverkið í Seljakirkju ásamt Jóni Bjarnasyni organista.

# Músík í Mývatnssveit

Tónlistarhátíðin „Músík í Mývatnssveit“ hefur fest sig í sessi og verður haldin í níunda sinn nú um páskana. Tvennir tónleikar verða haldnir að þessu sinni, annars vegar í félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag og í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa. Skipuleggjandi hátíðarinnar, Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari, hefur fengið til liðs við sig bandaríska píanóleikarann Beth Levin og kammerkórinn Hymnodiu og munu þau flytja tónlist sem hæfir stund og stað.

Laufey og Beth Levin kynntust fyrir um þrjátíu árum síðan þegar Laufey var í námi í Bandaríkjunum. Þær léku saman á þeim tíma og hafa haldið sambandi en Levin hefur haldið tónleika hér á landi áður við góðan orðstír. Levin á að baki glæsilegan feril sem einleikari en hún var einn af örfáum nemendum píanóleikarans Rudolfs Serkin sem einnig hafði góð tengsl við Ísland og kom oft hingað á sinni tíð.

Á efnisskrá fyrri tónleikanna er vorsónata Beethovens og sónötukafli eftir Brahms auk þess sem Levin mun leika hluta úr Goldberg-tilbrigðunum. Laufey getur þess að þessi afburðatónlistarmaður muni leika á Petrof-flygil í eigu þeirra Mývetninga sem mikill menningarauki er af í héraðinu. Kammerkórinn mun síðan flytja þjóðlög úr ýmsum áttum undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar.



**TÓNLIST SEM HÆFIR STUND OG STAÐ** Að þessu sinni leikur píanóleikarinn Beth Levin ásamt Laufeyju Sigurðardóttur fiðluleikara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Seinni tónleikarnir munu taka mið af deginum að sögn Laufeyjar en þá verður flutt sónata eftir Händel auk annarrar kirkjulegrar tónlistar. Önnur hefð í Mývatnssveit um páska er píslarganga umhverfis Mývatn en tónleikarnir í Reykjahlíðarkirkju munu hefjast kl. 21 að kvöld föstudagsins langa til þess að þátttakendur hennar hafi tíma til að safna sér saman eftir átök dagsins og búa sig undir tónleikana.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

1 2 3 **4** 5 6 7

**Miðvikudagur**

### LEIKLIST

20.00 **Skagaleikflokkurinn** frumsýnir **Sölku Völku** eftir skáldsögu **Halldórs Laxness**. Leikstjóri er **Inga Bjarnason** en verkið byggir á leikgerðum Stefáns Baldurssonar og Þorsteins Gunnarsson auk leikgerðar Hilmars Jónssonar. Sýnt er í gamla **Arctic-húsinu** við Vesturgötu.

### SKEMMTANIR

21.00 Skemmtikvöld og upphitun fyrir tónlistarhátíðina **Aldrei fór ég suður** á skemmtistaðnum **Amsterdam. Mínus, Pétur Ben, Lay Low, FM Belfast, Skúli & Sökudólgarnir**. Viðburður þessi er skipulagður af tímaritinu Grapevine og Smekkleysu.

### FYRIRLESTRAR

17.15 Fyrirlestur á vegum **Félags þjóðfræðinga á Íslandi. Helga Einarsdóttir** þjóðfræðingur kynnir efni MA-ritgerðar sinnar við háskólann í Cork á Írlandi. Ritgerðin ber yfirskriftina **Valkyrjur, hórur og heilagar meyjar**: **Ímyndir og hlutverk írskra yfirnáttúrlegra kvenna.** Erindið flytur Helga í Odda, st. 101.

17.15 Fyrirlestraröð um **dauðasyndirnar sjö** í **Borgarbókasafninu. Valgerður Dögg Jónsdóttir** heimspekingur fjallar um **öfundina** í Grófarhúsinu við Tryggvagötu.



### DANSLIST

22.00 Verkið **Hljóðspor** er dans-, mynd- og tónverk sem verður frumflutt í kvöld. Verkið er samið af dönsurunum **Ingu Maren Rúnarsdóttur** og **Ásgeiri Helga Magnússyni** við tónlist **Lydiu Grétarsdóttur** og myndverk **Þóru Hilmarsdóttur**. Sýningin fer fram á Sölvhólsgötu 13 þar sem Nemendaleikhúsið hafði áður aðsetur sitt. Húsið opnar kl. 21.30

### SÝNINGAR

10.00 Myndlistarmaðurinn **Bjarni Sigurbjörnsson** sýnir í galleríi **Anima** á annarri hæð í **Iðuhúsinu** við Lækjargötu. Á sýningunni **Iður** er málverkainnsetning en listamaðurinn er þekktur fyrir verk sem hann vinnur með olíu á plexígler. Sýningin er opin milli 10-22 alla daga til 24. mars.

11.00 Sýning á verkum færeyska málarans **Zacharias Heinesen** stendur yfir í **Hafnarborg**. Sýningin ber heitið **ZH 06** og var sett upp í **Listahöllinni** í **Þórshöfn** í fyrra. Sýningunni lýkur 9. apríl.

12.00 Í **Listasafni Akureyrar** stendur yfir ljósmyndasýningin **Augliti til auglitis**. Fjórtán franskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni en markmið hennar er að veita innsýn í hvernig myndlistarmenn nútímans nota miðil ljósmyndarinnar.

14.00 Þýski myndlistarmaðurinn **John Bock** sýnir í **Kling & bang** galleri á **Laugavegi**. Þar stendur einnig yfir sýning á verkum **Alejandro Vidal.** Sýningunum lýkur 15. apríl.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

13.00 Sýningu **Karenar Dúu Kristjánsdóttur, Draugurinn - ég,** á **Café Karólínu** á Akureyri lýkur næstkomandi föstudag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Dansað á mörkunum og úti í Gróttu

Íslenski dansflokkurinn sýnir verk unnið í samstarfi við hinn virta franska danshöfund Serge Ricci í kvöld. Verkið „Til nýrra vídda“ verður sýnt í Borgarleikhúsinu ásamt tveimur stuttmyndum sem eru afrakstur Danssmiðja Íd undir stjórn Helenu Jónsdóttur og Peter Anderson.

Ricci hefur unnið sem danshöfundur síðan árið 1994 og skapað sér orðspor í dansheiminum ásamt flokki sínum, Mi Octobre. Hann þykir afar frumlegur listamaður en tækni hans vinnur mikið með innsæi líkamans. Hann lýsir verkinu sem óvissuferð sem þokast nær birtunni, á mörkum hins alvarlega og léttleikandi skapar dansinn sitt eigið svæði. Verk Ricci er „verk í vinnslu“ og verður sýnt fullmótað í haust. Við gerð þess nýtur hópurinn einnig aðstoðar listamannsins Fabiens Almakiewicz sem hefur verið samstarfsmaður Ricci til margra ára. Samstarfsverkefni þetta er liður í frönsku menningarkynningunni Pourquois Pas?

Danssmiðja Íslenska dansflokksins er einnig vettvangur fyrir verk í vinnslu en í kvöld verða sýndar myndir úr smiðjunni sem gerðar voru undir stjórn Helenu Jónsdóttur og Peters Anderson. Danssmiðjurnar voru unnar með dönsurum Íd og dansnemum við Listaháskóla Íslands. Ein mynda Peters var tekin úti í Gróttuvita sem er víst ekki algengur vettvangur fyrir nútímadans en úr danssmiðju hans spruttu fjórar stuttmyndir og verður ein þeirra sýnd í kvöld. Verkið „Val“ verður einnig sýnt en það varð til í danssmiðju sem Helena Jónsdóttir stýrði.

Íslenski dansflokkurinn hefur í nógu að snúast, til dæmis undirbúa flokksfélagar nú dansferðalag austur til Kína þar sem hópurinn verður með opnunaratriði á einni af stærstu nútímadanshátíð Asíu í borginni Guangzhou. Flokkurinn mun einnig gera strandhögg í Bandaríkjunum á næstunni.



**ÚR VERKINU VAL EFTIR HELENU JÓNSDÓTTUR** Danssmiðja Íslenska dansflokksins hefur verið starfrækt frá árinu 2004.



# Killer Joe að klárast í bili



Síðustu sýningar á leikritinu Killer Joe í vor eru yfirvofandi, en af sérstökum ástæðum er sýningin á leið í snemmbúið sýningahlé. Einungis fjórar sýningar eru eftir á verkinu í vor.

Verkið er sýnt á vegum leikhússins Skámána í Borgarleikhúsinu og hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda. Stefnt er að því að taka það að nýju til sýninga í haust. Hléinu veldur fyrirhugað nám Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar en hann er á leið í leiklistarnám í Julliard-listaháskólanum í New York og er því ljóst að æfa þarf inn fyrir hann í haust. Næstu sýningar á Killer Joe eru því síðustu sýningar Þorvaldar Davíðs á íslensku leiksviði í bráð. Vegna mikillar aðsóknar verður aukasýning á skírdag kl. 20.

Síðustu sýningar í vor verða svo laugardag 14. apríl, föstudag 20. apríl og laugardag 21. apríl. Leikarar í Killer Joe eru Björn Thors, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Leikstjóri er Stefán Baldursson.

Í verkinu segir frá fjölskyldu sem lifir í eymd á húsbílagarði í suðurríkjum Bandaríkjanna og ráðagerð feðga um að auðgast með því að kála nánum ættingja.

**ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON LEIKARI** Síðustu sýningar hans á íslensku leiksviði í bráð.




eftir Dr. Gunna

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Sun 1. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 1. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun. 29. apríl kl. 14.00 & 17.00

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA

Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason
Óperukór Hafnarfjarðar og hljómsveit Íslensku óperunnar

CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI

Frumsýning annan í páskum -UPPSELT
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20 -NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17- NOKKUR SÆTI LAUS

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00,** sun. 29/4 kl. 14:00.
**Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 12/4 **örfá sæti laus,** fös. 13/4 **örfá sæti laus,** lau. 14/4 **örfá sæti laus,** fim. 19/4, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**

**CYMBELINE** eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 **uppselt,** sun. 15/4 **örfá sæti laus**, fös. 21/4.

Kassinn

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 **uppselt,** fim. 19/4 **uppselt,** fös. 20/4 **uppselt,** lau. 21/4 **uppselt,** fim. 26/4 **uppselt,** fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **uppselt,** sun. 29/4 **uppselt,** fim. 3/5 **uppselt,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus**.

Kúlan

**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

**GERSEMAR GÆRDAGSINS** Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is.**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20
Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 AUKAS. Sun 15/4 kl.20
Þri 17/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl.20 UPPS. Í kvöld kl. 22:30 UPPS.
Fim 5/4 kl.17 UPPS. Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 UPPS. Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS. Sun 29/4 kl. 20 UPPS.
Fim 3/5 kl. 20 Sun 6/5 kl. 20
Fim 10/5 kl. 20 Fös 11/5 kl. 20
Lau 12/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 5/4 kl. 20 AUKAS. Lau 14/4 kl. 20
Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Páskapúkinn 2007
á móti sól



Miðvikudagur 4.apríl: SJALLINN - Akureyri
Föstudagur 6.apríl: ÖLFUSHÖLLIN (við Hveragerði)
Laugardagur 7.apríl: BLÖNDUÓS
Sunnudagur 8.apríl: AKRANES
.......er púki í þér?



ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
kynnir verk í vinnslu á Frönsku vori:
TIL NÝRRA VÍDDA / A D'AUTRES HORIZONS eftir Serge Ricci
STUTTMYNDIR ÚR DANSSMIÐJUM eftir Peter Anderson & Helenu Jónsdóttur
Unnið í samstarfi við dansdeild LHÍ
Í BORGARLEIKHÚSINU Í KVÖLD KL. 20:00
Miðasala sími 568-8000 - Verð kr.1000
Landsbankinn
[íd]

# Tenórinn Örn stígur fram

Hádegistónleikar í menningarstofnuninni Hafnarborg hafa um nokkurt skeið glatt Hafnfirðinga og nærsveitamenn. Þar ræður Antonía Hevesí ríkjum og hefur efnisskrá tónleikaraðarinnar verið fjölbreytt, margir söngvarar komið fram og tekið stutt safn laga sem oftast er fjölbreytt og fjörlegt. Hádegisdagskrár eiga við ramman reip að draga og verða gestir að geta treyst á næg bílastæði, góða aðkomu og snöggan kost fyrir eða eftir tónleika. Hafnarborg er vel í sveit sett og ætti Göflurum og aðkomumönnum að vera létt að skjótast niður í bæinn.

Þess er í það minnsta kostur í dag þegar Örn Árnason, leikari og skemmtikraftur, kemur fram á hádegistónleikum og tekur lagið.


**TÓNLIST Í HÁDEGI** Örn Árnason tenór ásamt undirleikara sínum, Antoníu Hevesí, við æfingar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allir landsmenn þekkja sönggáfu Arnar: hann er mikilvirkur skemmtikraftur en nú tekur hann krók og býður upp á hreint söngvaprógram: Á efnisskrá verða lög eftir Jóhann G. Jóhannsson, Þórarin Eldjárn og Inga T. Lárusson.

Örn Árnason er fæddur 1959 og lauk námi frá Leiklistarskóla Íslands árið 1982 og á því tuttugu og fimm ára starfsafmæli í vor. Hann var lengi fastráðinn hjá Þjóðleikhúsinu en hefur verið sjálfstætt starfandi um skeið. Örn státar ekki aðeins af glæsilegum leiklistarferli; hann hefur líka aflað sér mikilla vinsælda sem söngvari, enda löngu ljóst að hann er góður tenór. Hafa söngelskir menn því löngum rennt til hans hýru auga og talið sjálfsagt að hann stigi fram sem fullgildur lýrískur tenór en ekki buffo eins og hann gerir jafnan. Munu þau hlutverk takast á í dagskránni í Hafnarborg í dag en tónleikarnir hefjast kl. 12.00. - pbb


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

KRINGLU KRÁIN
Upplyfting
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum


# Hampað mjög

Nýjustu skáldsögu enska rithöfundar Ians McEwan, On Chesil Beach, hefur verið vel tekið af gagnrýnendum en dómar um bókina hafa birst víða á síðustu dögum.


**IAN MCEWAN** Horfir til himins.

Bókin fjallar um ung brúðhjón, Florence og Edward, sem verja hveitibrauðsdögum sínum á hóteli í Dorset en eitt aðalviðfangsefni sögunnar er bæld eftirvænting eftir fullkomnun hjónabandsins. Það er ekki aðeins ein jómfrú í sambandinu og árið 1962 var teprulegri tími en nú.

Í dómi Sunday Times um bókina er McEwan lofaður fyrir hæfileika sinn til að lýsa margbreytileika manneskjunnar og sagan sögð afrek; hnyttin og angistarfull frásögn um mislesin skilaboð og þrúgaða eftirvæntingu sem getur breyst í andhverfu sína.

Í dómi The Guardian er höfundinum einnig hampað fyrir fágaðan stíl og orðheppni en jafnframt hæfileika sína til þess að einangra stök augnablik lífsins og hlaða þau gríðarlegu og ógleymanlegu mikilvægi.


Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Frá Landnámssetri - opið alla páskana
Næstu sýningar á Söguloft
SVONA ERU MENN - KK og Einar:
4. apríl kl. 20, 9. apríl kl. 16, 12. apríl kl. 20
MÝRAMAÐURINN:
5 apríl kl. 20, 7. apríl kl. 20, 19. apríl kl. 20
MR. SKALLAGRÍMSSON:
13. apríl kl. 20, uppselt - lau 14. apríl kl. 20, uppselt , 15. apríl kl. 16, uppselt , 18. apríl kl. 20, uppselt
Ógreiddir miðar seldir viku fyrir sýningardag.
Landnámssýning og Egilssýning afþreying fyrir alla fjöldskylduna.
Veitingahúsið opið kl. 11 - 17 og lengur þegar leiksýningar eru í húsinu.
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánari upplýsingar á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600




fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Afrakstur Íslandsferðar DiCaprio kemur fyrir augu heimsbyggðarinnar

**Myndir frá Íslandsferð Leonardo DiCaprio eru komnar á netið en þær verða á næstu forsíðu Vanity Fair. Við hlið DiCaprio er sjálfur ísbjarnarunginn Knútur.**

Leonardo DiCaprio er vígalegur á forsíðu nýjasta heftis Vanity Fair en þar stendur hann á ísjaka úti á miðju Jökulsárlóni á mannbroddum með ísbjarnarunga sér við hlið. Er þar enginn annar en sjálfur Knútur á ferðinni en sá stutti er sennilega frægasti ísbjörn í heimi og er vistaður í Dýragarðinum í Berlín. Ljósmyndarinn Annie Leibowitz tók myndirnar en hún fór sérferð til Þýskalands til að smella myndum af ísbirninum. Á vefsíðu tímaritsins má síðan sjá myndir frá tökunum en spurningin er síðan hvor vekur meiri athygli, Knútur eða DiCaprio? Áætlað er að tölublaðið komi í bókabúðir í kringum 10. apríl. Þá mun afþreyingarþátturinn Inside sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni Sirkus einnig fjalla um Íslandsferð DiCaprio á fimmtudaginn.

„Við vorum nú reyndar bara með gervi-ísbjörn sem við settum í staðinn," segir Finnur Jóhannsson, framleiðandi hjá True North sem hafði veg og vanda af tökunum. „Upphaflega stóð reyndar til að fá sjálfan Knút til landsins en þegar á hólminn á kominn reyndist húnninn ekki hæfur til flugs," útskýrir Finnur sem vildi ómöglega gefa upp hvað myndatakan kostaði. „Það er trúnaðarmál en ég get þó upplýst að hún kostaði sitt," segir Finnur sem ber DiCaprio vel söguna þótt hann öfundi leikarann lítið af sinni stöðu. „Ég held að það sé mjög erfitt að vera svona súperstjarna," segir Finnur.

Vanity Fair er að þessu sinni tileinkað umhverfismálum. Yfir forsíðuna er skrifað stórum stöfum „Green Issue" eða „Grænt tölublað", DiCaprio hefur verið öflugur talsmaður umhverfisverndar en meðal annarra sem prýða síður blaðsins má nefna Julia Louis Dreyfuss og Robert Redford.

Eins og Fréttablaðið greindi frá kom DiCaprio í stutta dagsferð í byrjun mars til að taka þessar myndir ásamt fríðu föruneyti, meðal annars unnustu sinni Bar Rafaeli sem hann hyggst nú kvænast samkvæmt fréttamiðlum beggja vegna Atlantshafsins. „Ætli hann hafi ekki fengið hugmyndina hérna á Íslandi, erum við Íslendingar ekki hamingjusamasta þjóð í heimi?" segir Finnur og hlær en bætir við að þeim hafi þó ekki verið boðið í brúðkaupsveisluna.

freyrgigja@frettabladid.is



**FINNUR JÓHANNSSON** Vildi ekki gefa upp verðið á myndatökunni en sagði hana hafa kostað sitt.




**STÓRSTJARNAN OG ÍSBJÖRNINN** DiCaprio og Knútur taka sig vel út á forsíðu Vanity Fair.

## Halle vill ekki sjá dóp

Leikkonan Halle Berry segist sjá eftir því að hafa reykt marijúana þegar hún var unglingur enda varð hún svo værisjúk af því að hún þorði ekki út úr húsi. Halle segist jafnframt aldrei hafa prófað sterkari efni og fordæmir aðrar stjörnur sem gera slíkt. „Af hverju ætti ég að prófa eitthvað svo sterkt? Ég vil ekki sjá þetta í líkama mínum."




NASA
MIÐVIKUD. 04. APRÍL 2007
SILVÍA NIGHT
ALL STAR SUPER BAND
TRABANT
GULLFOSS OG GEYSIR
STÓRTÓNLEIKAR
SILVIA NÓTT frumflytur efni af GLÆNÝRRI PLÖTU SINNI GOLDMINE OG TRABANT prufukeyra nýtt efni í bland við eldra, FYRIR tónleikaferð um Bretland sem nær hápunkti á Glastonbury ROKKHÁTÍÐINNI Í JÚNÍ. UM UPPHITUN sjá Gullfoss og GEYSIR
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 1500 KR.
FORSALA Á NASA MIÐVIKUD. 4. APRÍL MILLI 14 –16
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
RADAR


## X-Factor sýndur beint í Færeyjum

Úrslitaþátturinn í X-Factor verður sýndur beint til Færeyja en þetta upplýsti Þór Freysson, framleiðslustjóri þáttanna, á blaðamannafundi sem haldin var á Nordica Hótel í gær. Þar sátu fyrir svörum hinn færeyski Jógvan og Hara ásamt lærimeisturum sínum, þeim Einari Bárðarsyni og Páli Óskari auk Ellýar, til að kynna þáttinn á föstudaginn.

Jógvan hefur heldur betur slegið í gegn hjá löndum sínum sem og hér heima og ríkir mikil eftirvænting hjá þeim eftir því að sjá hvernig honum gengur í Vetrargarðinum á föstudaginn. Undanfarnir þættir hafa verið sýndir nokkrum dögum síðar en nú gefst Færeyingum hins vegar kostur á að sjá allt í beinni.

Á fundinum kom fram að sigurvegarinn fær plötusamning við útgáfufyrirtækið Senu en reiknað er með að platan komi út skömmu eftir að keppninni sjálfri lýkur. Jafnframt var það upplýst að stúlknaflokkurinn Nylon myndi troða upp en þær eru í óða önn að leggja lokahönd á nýtt lag sem verður flutt í þættinum og ber heitið There Should Be a Holiday. Einnig var flutt brot úr laginu sem báðir keppendur flytja á föstudaginn sem heitir Hvern einasta dag og er eftir Óskar Pál Sveinsson en textann samdi Stefán Hilmarsson. Þá verður athyglisverðasti keppendinn valin og mun hann stíga á stokk í Vetrargarðinum. - fgg



**SPENNA Í LOFTINU** Það verða stúlknadúettinn Hara og hinn færeyski Jógvan sem keppa til úrslita í X-Factor.

## Mel B elur barn Eddie Murphy

Kryddpían Mel B fæddi stúlkubarn á mánudag í Santa Monica í Kaliforníu. „Barni og móður heilsast mjög vel og þær hvílast nú," sagði talskona söngkonunnar við bandaríska fjölmiðla. „Mel hefur ekki enn ákveðið nafn á hana," sagði talskonan enn fremur. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum heldur Kryddpían því fram að leikarinn Eddie Murphy sé faðir stúlkunnar. Því hefur hann neitað.

Fyrir á Mel, sem heitir réttu nafni Melanie Brown, átta ára dóttur sem hún eignaðist með fyrrverandi eiginmanni sínum, Jimmy Gulzar. Fram undan er faðernisbarátta við Eddie Murphy, sem neitar því að vera faðirinn og fer fram á að taka DNA-próf því til sönnunar. „Það leikur enginn vafi á því að Eddie er pabbinn," segir Melanie.



**NEITAR ÞVÍ AÐ VERA PABBINN** Eddie Murphy ætlar í hart við Mel B og segist ekki vera pabbi dóttur hennar.

**MÓÐIR Í ANNAÐ SINN** Mel B eignaðist dóttur í vikubyrjun. Hún heldur því fram að Eddie Murphy sé faðirinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



10stk
Páskaliljur
690



Páskagreinar 599



Páskaliljur í potti 299
Potthlíf fylgir ekki

# Ódýrar Páskaliljur

Allar
páskavörur!
30%afsl.



blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind







# Bloc Party á Iceland Airwaves

Breska rokksveitin Bloc Party kemur fram á níundu Iceland Airwaves-hátíðinni, sem verður haldin dagana 17. til 21. október í miðborg Reykjavíkur. Einnig hefur kanadíski rapparinn Buck 65 boðað komu sína ásamt hljómsveitunum Of Montreal og !!!.

Þá hafa nokkrir íslenskir listamenn verið staðfestir; múm og Gusgus, Lay Low, Pétur Ben, Gavin Portland, Reykjavík!, Ampop, Ultra Mega Technobandið Stefán og Benni Hemm Hemm.

Bloc Party gaf á dögunum út sína aðra plötu, A Weekend in the City, sem hefur fengið prýðilegar viðtökur. Sveitin sló í gegn með fyrstu plötu sinni, Silent Alarm, og naut smáskífulagið Here We Are mikilla vinsælda. New York-sveitin !!! hefur lengi verið rómuð fyrir magnaða sviðsframkomu. Nýlega kom út önnur plata sveitarinnar, Myth Takes, sem þykir uppfull af dansvænu rokki.

Icelandair hefur þegar hafið sölu á pakkaferðum á Iceland Airwaves á erlendis. Tilkynnt verður um miðasölu hérlendis síðar.



**BLOC PARTY** Breska hljómsveitin Bloc Party spilar hér á landi í haust.

# Guðspjallið skrifaði guðspjallamaðurinn Bono

**U2-kirkjur eru farnar að ryðja sér til rúms í Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Bretlandi en söfnuðirnir notast við texta og tónlist hljómsveitarinnar við messur.**

Vinsældir írsku hljómsveitarinnar U2 eru ótvíræðar. En nú má kannski segja að áhrif hennar séu komin upp á annað stig. Fréttavefur BBC fór á fund svokallaðra U2-ista í heimaborg hljómsveitarinnar, Dublin á Írlandi. Söfnuðurinn leggur áherslu á að halda á lofti pólitískum boðskapi Bono og helstu baráttumálum hans, svo sem stríðinu við fátækt og alnæmi, og í staðinn fyrir hefðbundin sálmasöng eru lög á borð við I Still Haven't Found What I'm Looking For sungin af safnaðarmeðlimum. „Við erum að reyna að ná til unga fólksins," útskýrir talsmaður hópsins og helsti skipuleggjandi, Greg Fromholz. „Enda er það löngum vitað að textar hljómsveitarinnar eru fullir af kristnum boðskap," bætir Greg við.

Söfnuðurinn var stofnaður í Baltimore árið 2004 af Söruh Dylan Breuer og hefur síðan þá smám saman verið að breiðast út á meðal aðdáenda sveitarinnar. „Messan" í Dublin stóð yfir í einn og hálfan klukkutíma og skartaði meðal annars ljósasýningu, sjónvarpsskjám og þurrum ís. En Fromholz segir ekki algengt að messurnar séu svona „rokkaðar". „Þetta er kannski einn af mikið af hinu góða og yfirleitt notast söfnuðirnir ekki við myndir af hljómsveitinni," útskýrir Fromholz. „Við viljum miklu frekar nálgast sannleikann með lögum sveitarinnar," bætir Fromholz við.



**TRÚRÆKNIR** Bono og félagar í U2 hafa löngum verið þekktir fyrir sterkar trúarskoðanir sínar.

Tónlist U2 hefur oftar en ekki verið skýrð út frá trúarlegu ljósi og fjórmenningarnir frá Dublin hafa aldrei verið feimnir við að ljá máls á trúarlegum málefnum. Og þá ekki síst söngvari sveitarinnar, Bono. Enda segir Fromholz að notkunin á U2 sé mjög auðveld leið til að laða að ungt fólk í kirkjur. „U2-menn eru alltaf að leita að einhverjum tilgangi og einhverjum sannleika sem er ofar þeirra skilningi. Og ég held að við séum öll að leita eftir því sama. Lögin þeirra henta mjög vel fyrir fólk í andlegum hugleiðingum auk þess sem það er mjög auðvelt að syngja bara með," útskýrir Fromholz.













**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | Leyfð | THE GOOD GERMAN | kl. 8 | B.i.16 |
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | TELL NO ONE | kl. 5:40 | |
| WILD HOGS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | b.i 7 | LADY CHATTERLEY | kl. 8 | |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | HORS DE PRIX | kl. 5:50 | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | WILD HOGS | kl 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| MR. BEAN´S VIP | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | | 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| HOT FUZZ | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 3:40 - 5:50 | Leyfð | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 3:40 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROBINSON FJÖ... M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE ... M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 5:50 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 | Leyfð |
| THE HITCHER | kl. 10:10 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| 300 | kl. 10 | B.i. 16 |
| MEET THE ROBINSSON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 - 10 | Leyfð |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Kate Moss** og **Pete Doherty** hafa breytt mataræði sínu til að auka líkurnar á því að fyrirsætan verði ólétt. Moss var ráðlagt að neyta matar sem inniheldur mikið D-vítamín, svo sem fisks og eggja. Heimildir herma að Doherty finnist erfiðara að halda sig við hollustuna en Moss.



**Cameron Diaz** og **Justin Timberlake** sáust nýverið saman á hóteli í Los Angeles, en þau slitu samvistir í byrjun árs. Margir velta því nú fyrir sér hvort þau séu byrjuð saman aftur, en aðrir halda því fram að um sé að ræða brellu til að vekja athygli á myndinni Shrek 3, sem skötuhjúin tala bæði inn á.



Enn bætist í raðir stjarnanna sem vilja ættleiða, því **Mariah Carey** mun vilja ættleiða mexíkóskan munaðarleysingja. Söngkonan sást nýlega heimsækja barnaheimili í Mexíkó með lögfræðing sinn upp á arminn. Carey hefur hvorki staðfest orðróminn né neitað honum.


FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR
Sameinaður Lífeyrissjóður Suðurlands og Vesturlands

# 18,8% ávöxtun árið 2006

| Breytingar á hreinni eign | 2006 í þúsundum króna | 2005 í þúsundum króna |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.814.212 | 2.343.907 |
| Lífeyrir | 1.167.757 | 1.140.812 |
| Fjárfestingartekjur | 7.708.958 | 4.297.280 |
| Fjárfestingargjöld | 71.998 | 57.939 |
| Rekstrarkostnaður | 74.909 | 71.042 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu: | 9.208.506 | 5.371.394 |
| Hrein eign frá fyrra ári: | 39.425.796 | 34.054.402 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris: | 48.634.302 | 39.425.796 |
| **Efnahagsreikningur** | | |
| **Fjárfestingar:** | | |
| Húseignir og lóðir | 28.079 | 28.728 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 25.302.817 | 20.321.467 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 21.915.557 | 15.968.108 |
| Veðlán | 882.896 | 1.381.635 |
| Bundin innlán og aðrar fjárfestingar | 440.494 | 464.611 |
| Fjárfestingar: | 48.569.843 | 38.164.548 |
| **Annað:** | | |
| Kröfur á viðskiptamenn | 840.313 | 401.787 |
| Aðrar eignir | 176.265 | 1.009.725 |
| Viðskiptaskuldir | 952.119 | 150.264 |
| Annað: | 64.459 | 1.261.248 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris: | 48.634.302 | 39.425.796 |
| **Ýmsar kennitölur** | | |
| Nafnávöxtun | 18,80% | 12,10% |
| Raunávöxtun | 11,30% | 7,70% |
| Hrein raunávöxtun (að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar) | 11,10% | 7,50% |
| Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára | 6,60% | 3,40% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 6,40% | -0,70% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 14,20% | 6,00% |
| Nafnávöxtun séreignardeildar | 15,90% | 11,20% |
| Raunávöxtun séreignardeildar | 8,40% | 6,80% |
| Hrein raunávöxtun séreignardeildar | 8,30% | 6,60% |

## Tæpir 2 milljarðar greiddir til aukningar áunninna réttinda sjóðfélaga

# Ársfundur 2007

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl nk. að Hafnargötu 80 í Reykjanesbæ (fundarsalur Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur) Fundarstörf hefjast kl. 18:00

**30. mars 2007**

**Stjórn Festu lífeyrissjóðs**
Kristján Gunnarsson formaður
Bergþór Guðmundsson varaformaður
Ragna Larsen
Sigrún Helga Einarsdóttir
Þórarinn Helgason
Bergþór Baldvinsson

**Framkvæmdastjóri**
Gylfi Jónasson

**Traust - Ábyrgð - Festa**

### > Valur flytur á Seltjarnarnes

Handboltalið Vals er heimilislaust þar sem Laugardalshöllin er þéttbókuð næstu vikurnar og nýja íþróttahúsið að Hlíðarenda er ekki tilbúið til notkunar. Í fyrstu stóð til að liðið léki síðustu leiki sína í DHL-deildinni í Víkinni en nú hefur orðið breyting á því. Karlaliðið mun leika síðustu tvo heimaleiki sína úti á Seltjarnarnesi en síðasti heimaleikur kvennaliðsins fer fram í Seljaskóla.



**sport**

sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNUKAPPINN BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON:** STERKLEGA ORÐAÐUR VIÐ VESTURBÆJARSTÓRVELDIÐ KR

# *Ekki sjálfgefið að ég spili með Val ef ég kem heim*

Bakvörðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson er hugsanlega á leið heim til Íslands í lok maí. Félag hans í Danmörku, Silkeborg, rambar á barmi falls úr úrvalsdeild og þarf mikið að breytast ætli liðið að forðast fall. Bjarni sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri ekki spennandi valkostur að leika með félaginu í næstefstu deild. Þess vegna gerði hann ráð fyrir að róa á önnur mið ef Silkeborg félli.

Þess utan hefur unnusta Bjarna, handknattleiksmarkvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir, ákveðið að koma heim í sumar og nú þegar er sterkur orðrómur um að Bjarni Ólafur muni spila í Landsbankadeildinni í sumar. Það sem meira er þá er hann sterklega orðaður við KR en Valsmönnum líkar fátt verr en að sjá uppalda leikmenn félagsins leika í búningnum röndótta.

„Ég mun væntanlega reyna að komast eitthvað annað ef við föllum. Ég mun fyrst líta í kringum mig hér ytra áður en ég ákveð að fara heim,“ sagði Bjarni Ólafur en hvernig líkar honum að vera orðaður við KR?



**FER BJARNI ÓLAFUR Í KR?** SAMSETT MYND/KRISTINN

„Ég skil vel að stuðningsmenn Vals séu ekkert hrifnir af slíkum orðrómi en það hafa margir leikmenn farið á milli þessara félaga. Ekki langt síðan síðast. Það er ekkert sjálfgefið að ég leiki með Val þó að Valur sé mitt uppeldisfélag. Ég mun skoða aðra möguleika og ég get ekki neitað því að það kemur til greina að fara annað. Ég er samt ekkert byrjaður að skoða þetta af alvöru en gaman að menn séu farnir að velta þessu fyrir sér,“ sagði Bjarni Ólafur. „Ég yrði mjög sáttur við að koma heim og það yrði enginn heimsendir. Sérstaklega þar sem unnustan er búin að ákveða að koma,“ sagði Bjarni.

KR-ingar hafa lengi leitað bakvarðar í þeim gæðaflokki sem Bjarni er í og því má gera ráð fyrir að þeir leggi mikla áherslu á að fá Bjarna ef hann ákveður að koma heim. Valsmenn eiga einnig digra sjóði og munu eflaust ekki gefa það eftir baráttulaust að fá Bjarna heim. Miðað við það sem þessi lið hafa verið að bjóða bestu leikmönnunum er ekki ólíklegt að Bjarni hreinlega hækki í launum við það að koma heim úr atvinnumennsku frá Danmörku.



**BENITEZ** Ánægður með eigendur Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool ætlar að kaupa:

## Benitez fær 5,3 milljarða

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez, stjóri Liverpool, fær 40 milljónir punda, um 5,3 milljarða króna, til að kaupa nýja leikmenn til félagsins í sumar. Nýir eigendur félagsins munu hafa lofað honum þessu.

Þeir hittust um helgina og lögðu línurnar fyrir framtíðina. „Þetta var góður fundur,“ sagði Benitez. „Hvað mig varðar er framtíð félagsins frábær. Þeir sögðu að við værum á réttri leið.“

Þá er hafin vinna við nýjan leikvang Liverpool sem mun rísa í Stanley Park. **- esá**

# Rooney rólegur þrátt fyrir fá mörk

**Wayne Rooney hefur ekki skorað mikið fyrir Manchester United undanfarnar vikur og mánuði en segist samt engar áhyggjur hafa svo lengi sem liðið heldur áfram að vinna leiki. United mætir Roma í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Fjórðungsúrslit Meistaradeildar Evrópu halda áfram í kvöld með tveimur leikjum. Englandsmeistarar Chelsea taka á móti Valencia frá Spáni á meðan efsta liðið í ensku úrvalsdeildinni, Manchester United, fer til Ítalíu og mætir Roma.

Wayne Rooney var mikið gagnrýndur eftir landsleikjahrinuna í síðustu viku þar sem hann hefur ekki skorað mark fyrir enska landsliðið í háa herrans tíð. Hann hefur þó skorað sextán mörk á tímabilinu en aðeins þrjú í síðustu tólf leikjum United. Hann hefur þó engar áhyggjur.

„Við erum að spila vel og liðið skorar mikið af mörkum þannig að ég er rólegur. Við vinnum alla okkar leiki og margir hafa verið að skora mörk fyrir liðið. Vörnin hefur líka verið frábær.“

Hann viðurkennir þó að hann verði fyrir vonbrigðum ef hann nái ekki að bæta árangur sinn frá síðasta tímabili. „Ég hef ávallt sagt að ég vilji bæta minn árangur minn frá ári til árs. Á síðasta tímabili skoraði ég nítján mörk og það eina sem ég vil gera er að bæta þann árangur og standa mig vel fyrir hönd liðsins.“

Annar framherji United, Cristiano Ronaldo, hefur verið áberandi í fjölmiðlum í vetur. Ekki síst fyrir meintan leikaraskap hans og umdeilda dómgæslu. Cristian Panucci, varnarmaður Roma, segir að dómarar í ensku úrvalsdeildinni verndi Ronaldo.

„Það verður ekki tilfellið í leiknum í Róm. Hæfileikar hans eru óumdeilanlegir en hann ýkir mikið þegar hann dettur og við munum ekki láta blekkjast af hans brögðum.“

Annars kom það nokkuð á óvart að Alex Ferguson valdi bæði Louis Saha og Darren Fletcher í hópinn fyrir leikinn í kvöld. Þeir hafa verið frá vegna meiðsla í fimm vikur og áttu að spila fyrir varalið félagsins á morgun.

Park Ji-Sung fór hins vegar ekki með til Ítalíu en hann á við hnémeiðsli að stríða. Þá er Nemanja Vidic meiddur og verður væntanlega frá út tímabilið.

Annar leikmaður sem á þess kost að spila í kvöld eftir langvarandi meiðsli er Joe Cole, leikmaður Chelsea. Hann hefur verið frá síðan í nóvember síðastliðnum. Þá er Wayne Bridge orðinn klár eftir að hafa gengist undir aðgerð á hné.

„Mér finnst að líkamlegt ástand mitt sé nánast fullkomið,“ sagði Cole við breska fjölmiðla. „Ég mun gera hvað ég get, þó ekki í nema tíu eða fimmtán mínútur.“

Hann segir að fjarveran hafi reynst honum erfið. „Manni finnst eins og maður sé að bregðast stjóranum og öðrum leikmönnum. Allir hafa þó sýnt þessu skilning og ég hef lagt mikið á mig á hverjum degi til að ná mér góðum. Einhverjir hafa sagt að ég verði ekki meira með á tímabilinu en ég vil enn leggja mitt af mörkum.“

Af leikmönnum Valencia er það helst að frétta að Fernando Morientes getur ekki spilað eftir að hafa meiðst í landsleik Íslands og Spánar í síðustu viku. Munar um minna enda Morientes leikið vel með David Villa í framlínu liðsins.

eirikur@frettabladid.is



**ROONEY** Skýlir hér boltanum fyrir Niclas Jensen, leikmanni Fulham, í leik í febrúar síðastliðnum. NORDIC PHOTOS/GETTY

**MEISTARADEILDIN**

**Leikir kvöldsins:**

**AS Roma - Manchester United**

**Chelsea - Valencia**



**BOLDSEN** Einn margra sterkra leikmanna sem eru á leið í danska boltann.

Joachim Boldsen:

## Á leið heim til Danmerkur

**HANDBOLTI** Danski miðjumaðurinn Joachim Boldsen mun leika með danska handboltafélaginu AaB næstu þrjú árin en það var endanlega staðfest í gær.

Boldsen var ákveðinn í að yfirgefa Flensburg og hafði gert samning við AaB. Hann gat þó fengið sig lausan frá þeim samningi ef hann vildi og spænsku félögin Barcelona og Ademar Leon voru á meðal þeirra sem reyndu að freista Danans þrekna.

Hann stóðst freistingar Spánverjanna og tilkynnti endanlega í gær að ekkert kæmi í veg fyrir að hann léki í heimalandinu á næstu leiktíð. Að sögn danskra fjölmiðla er ein aðalástæðan sú að hann fær hreinlega betri samning í Danmörku.

Það er ljóst að AaB verður feiknasterkt á næstu leiktíð en félagið hefur einnig samið við markahæsta leikmann sænsku deildarinnar, Rasmus Wremer sem leikur með Skövde. **- hbg**

Lokaúrslit Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta hefjast í kvöld þegar Keflavík sækir Hauka heim:

# Hafa ekki tapað á Ásvöllum í 18 mánuði

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar síðustu fjögurra ára, Haukar (2006) og Keflavík (2003-2005), mætast í kvöld klukkan 19.15 fyrsta leik sínum um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild kvenna.

Liðin mættust einnig í fyrra og þá vann Haukaliðið alla þrjá leikina þar af 29 stiga sigur, 90-61, í fyrsta leiknum á Ásvöllum. Keflavíkurstúlkur lentu þá 22-9 undir eftir fyrsta leikhlutann og þurfa að byrja einvígið talsvert betur í ár ef þær ætla að endurheimta titilinn sem þær unnu þrjú ár þar á undan.

Haukar hafa unnið fjóra af fimm leikjum liðanna í vetur þar af tvo þá síðustu með aðeins þremur stigum samanlagt. Haukar unnu bikarúrslitaleikinn, 78-77, 17. febrúar, og deildarleik liðanna í Keflavík 14. mars 79-81. Eini sigur Keflavíkur á Haukum á tímabilinu var 17. desember í Keflavík en hann fór 92-85 fyrir Keflavík.

Haukastúlkur lentu í kröppum dansi í undanúrslitaeinvíginu gegn Stúdínum sem för alla leið í oddaleik.

Það að slá ÍS út úr úrslitakeppninni boðar hins vegar gott því sex síðustu lið sem hafa slegið út Stúdínur hafa fagnað Íslandsmeistaratitlinum eða allt frá árinu 2000. Keflavík vann sitt einvígi gegn Grindavík 3-1 þar sem útlendingamál Grindvíkinga settu mikinn svip á síðustu tvo leikina sem Keflavíkurliðið vann.

Helena Sverrisdóttir, fyrirliði Hauka, hefur verið illviðráðanleg fyrir Keflavíkurstúlkur í innbyrðisleikjum liðanna í vetur. Í þeim hefur Helena skorað 26,6 stig, tekið 12,4 fráköst og gefið 8,4 stoðsendingar að meðaltali í leik. Helena er sá leikmaður liðanna sem hefur langhæsta framlagið úr þessum fimm leikjum.

Í eina sigurleik Keflavíkur á Haukum skoruðu þær Kesha Watson og María Ben Erlingsdóttir báðar yfir 30 stig og María Ben nýtti meðal annars 13 af 18 skotum sínum. Mikilvægi Maríu sést ekki síst á frammistöðu hennar í sigur- og tapleikjum Keflavíkurliðsins í vetur.

Í sigurleikjunum í deildinni var hún með 18,5 stig, 57 prósenta skotnýtingu og 20,7 framlagsstig en í tapleikjunum var hún með 14,5 stig, 46 prósenta skotnýtingu og 13,7 framlagsstig. Það má því búast við að Haukar leggi áherslu að stoppa Maríu sem hefur verið með 19,2 stig og 56 prósenta skotnýtingu á móti Haukum í vetur.

Ætli Keflavíkurstúlkur að vinna Íslandsmeistaratitilinn þurfa þær að vinna að minnsta kosti einn leik á Ásvöllum. Engu íslensku liði hefur tekist það undanfarna 18 mánuði. Haukaliðið hefur unnið 26 heimaleiki í röð á Ásvöllum, þar af sex í röð gegn Keflavík. **- óój**



**GÓÐ** María Ben Erlingsdóttir hefur verið atkvæðamikil í leikjum Hauka og Keflavíkur í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TILBOÐ TILPÁSKA

OPIÐ Í DAG 10-19

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR • OPIÐ Í DAG 10-19

FRÁBÆR TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI




Birt með fyrirvara um breytingar og villur

**OPNUNARTÍMAR**

4. apríl
10:00 - 19:00

5. apríl
Lokað

6. apríl
Lokað

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Stórslagur AC Milan og Bayern München á San Siro í Mílanó í gærkvöldi:

# Van Buyten jafnaði tvisvar



**ÓVÆNT HETJA** Belgíski varnarmaðurinn Daniel Van Buyten skoraði sín fyrstu mörk í Meistaradeildinni í gær og tryggði Bayern dýrmætt jafntefli. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Bayern München náði 2-2 jafntefli á móti AC Milan á San Siro, heimavelli Mílanó-liðsins, í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitunum Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi.

Hetja þýska liðsins var belgíski varnarmaðurinn Daniel Van Buyten, sem jafnaði leikinn tvisvar sinnum. Seinna markið skoraði hann rétt fyrir lok uppbótartíma leiksins. Van Buyten hafði ekki skorað mark í allri keppninni þrátt fyrir að hafa spilað í tæpar 800 mínútur.

Það stefndi í að Brasilíumaðurinn Kaka hefði skorað sigurmark AC Milan úr vítaspyrnu sex mínútum fyrir leikslok. Kaka skoraði þarna sitt sjöunda mark í Meistaradeildinni og er þar með orðinn markahæstur. Vítaspyrnan var mjög umdeild og kannski eins gott fyrir rússneska dómarann að hún réði ekki úrslitum í leiknum.

Daniel Van Buyten jafnaði leikinn í fyrra skiptið á 78. mínútu en þessi mörk hans vega mjög þungt í seinni leiknum, líkt og það sem Mark van Bommel skoraði í lok fyrri leiksins gegn Real Madrid í 16 liða úrslitunum.

AC Milan-liðið gerði þau mistök að slaka á í seinni hálfleik eftir að hafa haft góð tök á leiknum. Það kostaði tvö jöfnunarmörk og liðið er í allt annað en góðum málum fyrir seinni leikinn í Þýskalandi eftir tvær vikur.

Andrea Pirlo skoraði laglegt skallamark fimm mínútum fyrir hálfleik eftir hornspyrnu og lengi vel virtist það mark ætla að vera það eina í leiknum en lokakafli leiksins var mjög líflegur.

Bæði lið hafa verið í tómu tjóni í deildarkeppninni heima fyrir og góður árangur í Meistaradeildinni því lífsnauðsynlegur til þess að bjarga tímabilinu. AC Milan hefur gengið vel með þýsk lið í Evrópukeppninni og sló Bayern München einmitt út í 16 liða úrslitum keppninnar í fyrra. - óój






**RÉÐST Á LAMPARD** Stuðningsmaður Tottenham reyndi að slá Frank Lampard. NORDIC PHOTOS/GETTY

Atvikið á White Hart Lane:

## Tottenham fær ekki refsingu

**FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið hefur ákveðið að refsa ekki Tottenham vegna atviksins sem átti sér stað eftir leik liðsins gegn Chelsea í ensku bikarkeppninni í síðasta mánuði. Þá réðst stuðningsmaður Tottenham inn á völlinn og reyndi að slá Frank Lampard. Sambandið rannsakaði hvort öryggismálum væri ábótavant á White Hart Lane en svo var ekki.**

**Umræddur stuðningsmaður var dæmdur í þriggja ára bann frá öllum fótboltaleikjum og Tottenham setti hann í lífstíðarbann frá sínum leikjum. - esá**

1. deild karla í körfubolta:

## Hver fylgir Þór?

**KÖRFUBOLTI** Valur og Stjarnan leika í kvöld hreinan úrslitaleik um hvort þeirra fylgir Þór Akureyri upp í Iceland Express-deild karla á næsta tímabili.

Liðin hafa mæst tvisvar sinnum, Valur vann heimaleik sinn 80-77 en Stjarnan jafnaði einvígið með því að vinna 85-79 sigur í síðasta leik, sem fram fór í Garðabæ.

Oddaleikurinn fer fram klukkan 19.15 í kvöld í Kennaraháskólanum og má búast við góðri mætingu eins og á hina tvo leikina. - óój



**KEVIN KYLE** Hér í leik með Sunderland á síðasta ári. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmaður Coventry:

## Dæmdur sekur

**FÓTBOLTI Kevin Kyle, leikmaður Coventry og skoska landsliðsins, var í gær dæmdur í 120 klukkustunda samfélagsþjónustu vegna óláta eftir landsleik Skota og Frakka í október. Hann var að fagna sigri sinna manna og lenti í slagsmálum á götum Glasgow.**

**Lögmaður Kyles reyndi að fá dómnum breytt í sekt en dómarinn haggaðist ekki. Þetta er þriðja sakfelling Kyles á síðastliðnum þremur árum. - esá**



**FRÁBÆRT MARK** Norðmaðurinn John Arne Riise skoraði stórglæsilegt mark og var vel fagnað af félögum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hollenska liðið PSV Eindhoven er nánast úr leik í Meistaradeildinni í fótbolta:

# Létt hjá Liverpool í Hollandi

**FÓTBOLTI** Liverpool heldur áfram að blómstra í Meistaradeildinni í fótbolta og það er óhætt að segja að liðið sé komið langleiðina inn í undanúrslit keppninnar eftir 3-0 útisigur á PSV Eindhoven í fyrri leik liðanna í gær.

Enska liðið getur því farið að hugsa um lið Chelsea eða Valencia sem bíða í næstu umferð því hollenska liðið þarf að skora að minnsta kosti fjögur mörk í seinni leiknum á Anfield í næstu viku.

„Við megum ekki fara að hugsa um undanúrslitin strax. Við verðum að klára dæmið og það eru eftir 90 mínútur af fótbolta. Við höfum áhyggjur af undanúrslitaleiknum þegar við erum komnir þangað,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, eftir leikinn.

Gerrard kom Liverpool yfir á 27. mínútu með laglegum skalla eftir fyrirgjöf Steve Finnan og er þar með orðinn markahæsti leikmaður félagsins í Evrópukeppnum. Gerrard skoraði þarna sitt fimmtánda Evrópumark og bætti met Ian Rush.

Það tók Liverpool-menn aðeins fjórar mínútur í seinni hálfleik að gera út um leikinn og markið var af betri gerðinni. Norðmaðurinn John Arne Riise tók þá boltann viðstöðulaust og þrumaði honum í bláhornið af löngu færi.

Peter Crouch innsiglaði sigurinn á 63. mínútu með skallamarki eftir aðra stoðsendingu frá Finnan. Þetta var sjöunda mark Crouch í síðustu sjö leikjum sem hann hefur verið í byrjunarliðinu en hann skoraði þrennu gegn Arsenal um síðustu helgi.

Það eina slæma við leikinn fyrir Liverpool er meiðsli Fabio Aurelio, sem var borinn út af þegar sautján mínútur voru eftir. Það var meira að segja hægt að sjá jákvæða hluti við gult spjald hjá Dirk Kuyt því það þýðir að hann tekur út leikbann í seinni leiknum, sem ætti að vera formsatriði fyrir enska liðið. **- óój**



**BECKHAM** Ræðir hér við áhorfendur á Old Trafford í hálfleik í viðureign Manchester United og Evrópuúrvalsins. NORDIC PHOTOS/AFP

David Beckham:

## Farinn að æfa

**FÓTBOLTI** David Beckham er byrjaður að æfa á nýjan leik með Real Madrid eftir að hafa átt við meiðsli í hné að stríða undanfarinn mánuð.

Real mætir næst Osasuna á heimavelli en það er enn óvíst hvort Beckham verður orðinn nógu góður til að spila þann leik. **- esá**

Stjórnarformaður Newcastle:

## Ætlum að styrkja liðið

**FÓTBOLTI Freddy Shepherd, stjórnarformaður Newcastle, hefur lofað því að liðið muni styrkja sig mikið í sumar með leikmannakaupum. „Hefur eitthvað sumar liðið án þess að leikmenn hafi komið og farið frá St. James' Park? Við vitum að það þarf að styrkja leikmannahópinn,“ sagði Shepherd.**

**Þá var nýverið tilkynnt að félagið ætlaði að verja 300 milljónum punda í endurbætur á leikvangi félagsins og byggingar hótels við hann. - esá**



**STERK LIÐSHEILD** Floridaskólinn hefur unnið tvö ár í röð á gríðarsterkri liðsheild. NORDIC PHOTOS/GETTY

Háskólakörfuboltinn:

## Florida-skólinn vann aftur

**KÖRFUBOLTI** Florida-skólinn varð í fyrrakvöld háskólameistari í körfubolta annað árið í röð eftir 84-75 sigur á Ohio State í úrslitaleik. Þetta er í fyrsta sinn síðan árið 1992 sem lið vinnur tvö ár í röð í keppninni. Enn fremur er þetta í fyrsta sinn í sögunni sem sama byrjunarliðið verður meistari tvö ár í röð.

Al Horford skoraði 18 stig og hirti 12 fráköst fyrir Florida og Taurean Green skoraði 16 sitg.

Sigur Florida í gær var fyrst og fremst sigur liðsheildarinnar eins og í fyrra. Liðið treystir ekki á neinar sérstakar stórstjörnur og á þjálfarinn Billy Donovan á mikið hrós skilið fyrir frábært starf. **- óój**





# Þjóðin veit hvað hún vill

**Fréttablaðið eykur forskotið**

**Auglýsendur athugið.** Nýjasta lestrarkönnun Capacent sýnir að **bilið milli Fréttablaðsins og annarra dagblaða eykst svo um munar.** Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Fíton/SÍA

## TOM CRUISE

Tom átti rótlausa æsku og á tólf árum sótti hann fimmtán skóla í tveimur löndum. Hann var lagður í einelti og átti slæmt samband við föður sinn en tólf ára hætti hann að nota föðurnafn sitt, Mapother. Tom var staðráðinn í að gerast prestur en eftir að hafa fengið aðalhlutverkið í menntaskólaleikriti ákvað hann að verða leikari. Tom er nú einn eftirsóttasti leikari sögunnar og hlaut 7 milljarða króna fyrir að leika í The War of the Worlds. Hægt er að berja Tom augum í myndinni The Rainman í Sjónvarpinu kl. 23.05.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÉR FORMÚLUR Á HVERJU STRÁI

# Ekki fleiri væmin tónlistarmyndbönd

Sumir sjónvarpsþættir eru unnir eftir svo miklum formúlum að þeir geta verið afar þreytandi á að horfa. Ein af nokkrum formúlum í Cold Case er sú að eftir að aðalpersónurnar eru búnar að leysa vandamálið er spilað tilfinningaþrungið tónlistarmyndband þar sem málin eru gerð upp í „slow motion". Hver einasti þáttur er byggður upp á þennan hátt en vandamálið er að svona atriði verða svakalega leiðinleg til lengdar. Reyndar gengur þetta ekki alveg jafnlangt og í Baywatch á sínum tíma þar sem myndböndin komu nánast upp úr þurru en samt er þetta alveg nógu pirrandi.

Í Cold Case um daginn var fjallað um kántríhljómsveit nokkra og söngvara hennar sem var myrtur. Þátturinn var í sjálfu sér ágætur en þegar ég sá væmna tónlistarmyndbandið við það að byrja skipti ég umsvifalaust um stöð, enda þátturinn í raun og veru búinn. Reyndar er eitt sem kemur alltaf jafnmikið á óvart í Cold Case, þ.e. hversu margir eru látnir rannsaka gömul og óupplýst mál þegar þeir gætu verið að rannsaka eitthvað allt annað. Myndi maður ætla að af nógu væri að taka í nýjum glæpamálum í stórborgum sem þarfnast úrlausnar.

Annars byggja flestir sjónvarpsþættir á þeim formúlunum sem hafa tryggt þeim vinsældir í gegnum árin og vitaskuld er Cold Case einn af þeim. Bara ef þetta eina tónlistarmyndband væri tekið út væri þetta miklu betri þáttur á að horfa.



**COLD CASE** Sjónvarpsþátturinn Cold Case er sýndur á Stöð 2.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.35** Scrubs SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** Nip/Tuck STÖÐ 2



▶ **20.00** Shanghai Knights STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30** Britney and Kevin: Chaotic SIRKUS



▶ **20.00** According to Jim SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Suðandi stuð** (8:21)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (28:42)
**18.30 Alvöru dreki** (4:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (8:22) Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.
**21.00 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (1:6) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi.
▶**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn um helgina.
**23.05 Regnmaðurinn** (Rain Man) Bandarísk Óskarsverðlaunamynd frá 1988 um ungan mann sem rænir einhverfum bróður sínum af sjúkraheimili og fer með hann á flakk. Leikstjóri er Barry Levinson og meðal leikenda eru Dustin Hoffman, Tom Cruise og Valeria Golino. e.
**01.15 Kastljós**
**01.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Shanghai Knights**
**08.00 Rasmus fer á flakk**
**10.00 Doctor Dolittle**
**12.00 Connie and Carla**
**14.00 Rasmus fer á flakk**
**16.00 Doctor Dolittle**
**18.00 Connie and Carla**
▶**20.00 Shanghai Knights** Hasarspennumynd á léttum nótum. Tvíeykið Chon Wong og Roy O´Bannon kemur aftur.
**22.00 Dirty Deeds** Glæpamynd á léttu nótunum.
**00.00 The Matrix Reloaded**
**02.15 The Fourth Angel**
**04.00 Dirty Deeds**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Arrested Development**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Osbournes** (e)
**13.35 Jane Hall´s Big Bad Bus Ride**
**14.20 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**15.20 Arrested Development**
**15.50 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.13 Shoebox Zoo**
**16.38 Pocoyo**
**16.48 Kalli og Lóla**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Kosningafundur Stöðvar 2** Sigmundur og Svanhildur halda til Akureyrar og funda um málefni Norðausturkjördæmis.
**20.05 Oprah**
▶**20.50 Nip/Tuck** (14:15) Fjórða þáttaröð þessa vinsælu þáttaraðar sem fjallar um líf og störf lýtalæknanna og fóstbræðranna Seans McNamars og Christians Troys.
**21.35 Empire Falls** Seinni hluti dramatískrar, stjörnum prýddrar verðlaunamyndar með stórleikurum á borð við hjónin Paul Newman og Joanne Woodward, Ed Harris.
**23.00 Legend of Zorro** Sagan um Zorro heldur áfram í þessari bráðskemmtilegu spennumynd en nú er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg af hetjudáðum hans og vill að hann leggi grímuna á hilluna. Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Catherine Zeta Jones, Alberto Reyes.
**01.10 Grey´s Anatomy**
**01.55 Kompás**
**02.30 National Treasure**
**04.35 Mr. 3000**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.30 Britney and Kevin: Chaotic**
**20.35 American Inventor**
**21.20 Supernatural** Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn.
**22.05 Prison Break** Flóttinn úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari annarri seríu af spennuþættinum vinsæla Prison Break.
**22.55 Da Ali G Show** (e) Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno.
**23.20 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**23.50 Gene Simmons: Family Jewels**
**00.15 Sirkus Rvk** (e) Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.
**00.45 Entertainment Tonight**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Innlit / útlit** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
▶**20.00 According to Jim** (2:22)
**20.30 Fyrstu skrefin** (6:12) Það eru forréttindi að fylgjast með barni fæðast. Í þessum þætti kynnumst við þeim Irmu og Steinari, ungu pari frá Reykjanesbæ, sem er tilbúið til að leyfa áhorfendum að fylgjast með fæðingu barnsins þeirra.
**21.00 Britain's Next Top Model** (6:10) Stelpurnar leita að innri friði með hjálp jókakennara stjarnanna, Howard Napper. Síðan fara þær í blaðaviðtal og sú sem kemur best út úr því fær að velja með sér tvær stelpur til að fara út á lífið með frægum fyrirsætum.
**22.00 Jericho** (9:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríksum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Close to Home** (e)
**00.55 The Silvia Night Show** (e)
**01.25 Vörutorg**
**02.25 Beverly Hills 90210** (e)
**03.10 Melrose Place** (e)
**03.55 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**14.00 Fulham - Portsmouth** (frá 31. mars)
**16.00 Aston Villa - Everton** (frá 2. apríl)
**18.00 Tottenham - Reading** (frá 1. apríl)
**20.00 Man. Utd. - Blackburn** (frá 31. mars)
**22.00 Newcastle - Man. City** (frá 31. Mars)
**00.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35
**Empire Falls**



Seinni hluti dramatískrar framhaldsmyndar um veitingahúsaeiganda í bænum Empire Falls sem á í stökustu vandræðum í einkalífinu. Ed Harris er í aðalhlutverki sem veitingahúsaeigandinn en í öðrum hlutverkum eru þau Helen Hunt og Paul Newman. Myndin vann til tveggja tveggja Golden Globe-verðlauna.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**CATHERINE TATE**
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.00**

Breskir gamanþættir þar sem leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum. Catherine er afburðasnjöll í því að beita hinum aðskiljanlegustu mállýskum enskrar tungu og persónurnar sem hún skapar eru úr ýmsum áttum, konur og karlar sem eru skopstæld og ýkt út að ystu mörkum. Þættirnir fengu fína dóma í breskum blöðum og hafa unnið til verðlauna. Leikkonan Dawn French hefur sagt að Catherine Tate sé svo snjöll að það beri að tortíma henni tafarlaust.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: Draumurinn rætist
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.25** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**13.50 Meistaradeild Evrópu**
**15.30 Meistaradeild Evrópu**
**17.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**17.30 Coca Cola mörkin**
**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun** Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Sýn verður með þrjá leiki í beinni útsendingu í kvöld á Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra 2. Heimir og Guðni fá góða gesti í heimsókn sem tilkynna byrjunarliðin í sjónvarpsleikjum kvöldsins.
**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik fyrri leik Roma og Manchester United í átta liða úrslitum.
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**21.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá fyrri leik Chelsea og Valencia í átta liða úrslitum.
**22.50 Augusta Masters Official Film**
**23.50 Þýski handboltinn**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.15** Svampebob Firkant **6.40** Til dans, til vands og i luften **7.00** Ulvepigen Tinke **8.35** Brødrene Løvehjerte **9.00** Hold masken **9.30** Nyheder fra Grønland **10.00** TV Avisen **10.10** Viden om **10.40** OBS **10.50** Grøn glæde **11.15** Den sidste bonde **11.50** Hvad er det værd **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Det Vildeste Westen **14.15** SKUM TV **14.30** Pucca **14.40** Ronja Røverdatter **15.30** Der var engang **16.00** Nana **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Når giganterne strides **17.30** Kongehuset **18.00** Gasolin **18.45** Gasolin United **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Snaphaner **20.35** Manden fra Berlin **22.20** Onsdags Lotto **22.25** Min mands hemmelige liv **23.55** Boogie Update **4.30** Elmers verden **4.45** Brum **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Noddy **5.45** Der var engang

### NRK 1

**6.05** Harry med bøtta full av dinosaurer **6.20** Lille Prinsesse **6.35** Småspøkelsene **6.45** I Tornekrattet **7.10** Hønsehuset **7.25** Sauen Shaun **7.35** Hubert **7.50** Mini-kryp **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Lillefot og vennene hans i landet for lenge siden **9.30** Dyreklinikken **10.00** Siste nytt **10.05** Det store hvite **11.00** Siste nytt **11.05** Et mesterverk **12.00** Siste nytt **12.05** D-dagen **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Familien **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Perspektiv: Hele Norges onkel Lauritz **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mumfie **16.10** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.50** Bjørnemannen fra Kamtsjatka **18.40** Den danske dikteren **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Hva skjedde med Madeleine? **20.45** Vikinglotto **20.55** Løsning påskenøtter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Paul McCartney - vårt indre rom **22.00** På skyggesiden **5.30** Påskemorgen **5.32** Mekke-Mikkel **5.45** Postmann Pat

### SVT 1

**7.30** Kaksi/två **8.00** Wer küsst schon einen Leguan? **8.30** Keith on the road **9.00** Garage guld **10.00** Rapport **10.05** The Robinsons **12.15** Ivanhoe **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Förskolan Månstugan **16.20** Små spöken **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Klister **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Packat & klart **18.30** Mitt i naturen **19.00** Stockholm live **19.30** Entourage **19.55** Man on the Moon **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Bror och syster **23.10** Bingo Royale **23.55** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## GAMLA MYNDIN



*„Þetta var frábær tími sem ég vann með Bjarna. Ég fullyrði að ég hafi yngst á sál og líkama síðan. Ég var eins og varúlfur, ég er sambrýnd frá náttúrunnar hendi.“*

Sigríður Arnardóttir fjölmiðlakona.

Myndin var tekin 1993, þegar Sigríður sá um útvarpsþáttinn Samfélagið í nærmynd ásamt Bjarna Sigtryggssyni.

# Hara fær hlýjar kveðjur frá Napólí

„Ég verð því miður fjarri góðu gamni, er stödd á Ítalíu, í Napólí,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði. Á föstudaginn keppir stúlknadúettinn Hara til úrslita í sjónvarpsþættinum X-Factor en þær eru sem kunnugt er frá Hveragerði. „En ég sendi þeim hlýjar kveðjur og andlegan stuðning,“ bætir Aldís við. Hinn 29. mars var frábærum árangri Höru hrósað í samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðis: „Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar gleðst yfir frábærum árangri Hara, systranna Rakelar og Hildar Magnúsardætra, í X-faktor keppninni. Þær hafa verið góðir fulltrúar Hveragerðinga í keppninni og framganga þeirra verið þeim og fjölskyldum þeirra til mikils sóma. Bæjarstjórn vill fyrir hönd bæjarbúa senda þeim baráttukveðjur og góðar óskir nú þegar lokaslagur keppninnar er að hefjast,“ stendur í yfirlýsingunni.

Gríðarlegur kostnaður fylgir því að taka þátt í svona keppni og geta keppendur oft orðið fyrir miklu vinnutapi. Aldís sagði það ekki hafa komið til tals hjá bæjarstjórninni að styrkja stúlkurnar fjárhagslega og sagði að andlegur stuðningur yrði látinn nægja í bili.

Og bæjarstjórinn segir bæjarbúa vera ákaflega stolta af sínum stúlkum. „Þær hafa verið áberandi í bæjarlífinu undanfarin ár og við vissum að þær myndu gera glimrandi góða hluti í þessari keppni og það hefur komið á daginn,“ segir Aldís sem telur nokkuð víst að Hvergerðingar eigi eftir að safnast saman og styðja eftirlætis dætur bæjarins. - fgg



**HARA** Hafa verið áberandi í bæjarlífinu í Hveragerði undanfarin ár.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** Verður fjarri góðu gamni á úrslitakvöldinu þegar sigurvegari X-Factor verður tilkynntur.



**LÁRÉTT**
2 þvogl 6 hljóta 8 traust 9 þjálfa 11 klukka 12 æsir 14 ráma 16 einnig 17 nytsemi 18 við 20 kusk 21 karl.

**LÓÐRÉTT**
1 ómögulegur 3 bardagi 4 mókol 5 blund 7 græðgi 10 temja 13 utan 15 frumeind 16 mælieining 19 utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 babl, 6 fá, 8 trú, 9 æfa, 11 úr, 12 regin, 14 ranka, 16 og, 17 not, 18 hjá, 20 ló, 21 mann. **LÓÐRÉTT:** 1 ófær, 3 at, 4 brúnkol, 5 lúr, 7 áfergja, 10 aga, 13 inn, 15 atóm, 16 ohm, 19 án.

## SANDRA BULLOCK: LEIKUR Í STÓRMYND Á ÍSLANDI

# Sandra Bullock leikur í stórmynd á Vestfjörðum

Stórleikkonan Sandra Bullock er væntanleg til landsins til að leika í stórmyndinni Agenda 1 sem verður að mestu leyti tekin upp á Vestfjörðum. Þetta staðfestir Kristján Grétarsson, framkvæmdastjóri Saga Film, í samtali við Fréttablaðið.

Sandra Bullock er ein stærsta stjarnan í Hollywood en hún varð heimsfræg á einni nóttu þegar hún lék aðalhlutverkið í stórsmellinum Speed ásamt Keanu Reeves. Ferill Bullock hefur síðan þá legið nánast beina leið upp á við og nægir þar að nefna grínmyndina Miss Congeniality þar sem Bullock var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna auk þess sem hún lék eitt aðalhlutverkanna í Óskarsverðlaunamyndinni Crash.

„Þeir komu hingað frá Bandaríkjunum á síðasta ári í dulargervi,“ segir Kristján. „Þóttust vera frá sjálfstætt starfandi kvikmyndafyrirtæki og leituðu til okkar í von um aðstoð,“ útskýrir Kristján. „Mér leist nú ekkert á blikuna en lét til leiðast, lánaði þeim bílinn minn og einn mann,“ bætir Kristján við og skellir upp úr, finnst tilhugsunin augljóslega fyndin að slíkir menn skyldu beita þessum brögðum. „Þeir fóru síðan á Vestfirði og villtust en komu síðan aftur til okkar, ánægðir með ferðina. Þá kom á daginn að þetta voru stórlaxar frá Hollywood ásamt einhverjum lögfræðingi,“ segir Kristján en það eru fyrirtækin Dead Crow Production og breska félagið Focus Films sem koma að þessu verkefni ásamt Saga-Film.

Að sögn framkvæmdastjórans varð leikstjórinn Olatunde Osunsanmi og framleiðendur myndarinnar svo hrifnir af landslagi Vestfjarða og ákváðu meðal annars að breyta innisenum í útisenur til að nýta sér umhverfið betur. „Myndin er vetrarmynd og þess vegna verðum við að bíða fram í lok ársins þar til að tökurnar hér á landi geta hafist,“ segir Kristján en tökuliðið verður að stærstum hluta íslenskt og þá er ekki loku fyrir það skotið að fjöldi íslenskra leikara komi þarna við sögu. freyrgigja@frettabladid.is



**SANDRA BULLOCK** Leikur aðalhlutverkið í vísindatryllinum Agenda 1 sem verður að mestu leyti tekin upp á Vestfjörðum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Enn fækkar í fréttaliði Stöðvar 2 því hin skelegga frétta- og dagskrárgerðarkona **Þóra Arnórsdóttir** hefur sagt upp störfum en hún hefur skipað kvintettinn sem stendur að Íslandi í dag. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru ástæðurnar margvíslegar en Þóra er á leið til Gvatemala til að vera við brúðkaup. Hún ætlar að gera sér frí í tengslum við þá ferð og hugsa hvaða skref hún tekur næst hvað varðar starfsframann.



Tónlistaráhugamenn af yngri kynslóðinni fagna fyrstu nöfnunum sem tilkynnt hafa verið á Airwaveshátíðina í haust en í gær var upplýst að ekki ómerkari hljómsveitir en Bloc Party og !!! mæti hingað til lands. Yngra fólkið hefur ekki verið ánægt með tónleikaúrvalið síðustu mánuðina þar sem nær eingöngu hefur verið boðið upp á eldri listamenn. Um leið ganga sögur um fjölda þekktra listamanna og hljómsveita sem tónleikahaldarar vilja fá hingað. Þekktustu nöfnin sem nefnd hafa verið eru The Arcade Fire, CSS og The Rapture.

Trúleysingjar, þeir sem meðal annars reka vefinn Vantrú, með **Birgi Baldursson** og fleiri í fararbroddi, horfa nú til komandi páskahátíðar með það fyrir augum að vekja athygli á því sem þeir segja fáránleg lög sem gilda um skemmtanahald um páska. Þeir hafa staðið fyrir kvikmyndasýningum um þetta leyti árs og tilkynnt lögreglu skilmerkilega frá lögbrotum sínum. Og trúleysingjar eru nú að undirbúa bingó á föstudaginn langa sem þeir ætla að halda klukkan eitt, en ekki má iðka léttar skemmtanir sem bingó fyrr en eftir klukkan tvö daginn þann.



- jbg/hdm






# Setti í örvhentan stórurriða

„Hann var örvhentur! Ég var klukkutíma að eiga við hann. Hörkuviðureign. Já, þetta er stærsti urriðinn sem ég hef tekið,“ segir Sigurður Valur Sveinsson eða Siggi Sveins, hin þekkta örvhenta stórskytta úr handboltanum.

Sigurður var að veiðum á mánudag við Minnivallalæk við fjórða mann þegar hljóp á snærið hjá honum. Heljarmikill urriði, 15 punda og 83 sentimetrar á lengd. Siggi segir að helst megi setja í stórurriða í Minnivallalæknum ef maður hittir ekki á ísaldarurriðann í Þingvallavatninu.

„Þetta var virkilega gaman. Ætla ég að vera iðinn við kolann í sumar? Jahh, maður fer svona þetta hefðbundna. Mikið á Skagaheiðina. Svo ætla ég á Melrakkasléttuna og kanna ókunnar slóðir. Ég er alveg búinn að slaufa laxinum vegna þess verðs sem komið er á leyfin.“

Siggi er kunnur veiðimaður og hefur verið lengi með stöngina á lofti. Byrjaði sem strákur í Elliðavatninu á sínum tíma. Á síðustu árum hefur hann aðallega verið að veiða í vötnum, í silungsveiði og leyfir sér að fara í eina litla laxveiðiá hvert sumar.

„Þetta var gott. Að slappa af í einn dag og taka mesta hrollinn úr sér. Nú er maður góður í þrjár vikur. Ég tók hann á Bomber þurrflugu. Skemmtileg fluga sem flýtur ofan á og er notuð mikið í laxinn.“

Urriðinn góði var drepinn en í Minnivallalæk má bara veiða og sleppa. En Siggi neitar því kröftuglega. Þar eru undantekningar á. „Jájájá, það má drepa einn ef hann fer yfir 40 sentimetra.“ - jbg



**SIGGI SVEINS OG ÖRVHENTI URRIÐINN** Handboltastjarnan heldur því fram að stærsti urriði sem hann hefur dregið hafi verið örvhentur.






EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI
STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ
JOSH GROBAN
Í LAUGARDALSHÖLL
ÁSAMT SINFÓNÍU-
HLJÓMSVEIT
OG GOSPELKÓR
REYKJAVÍKUR
AUKATÓNLEIKAR
15. MAÍ 2007
VEGNA FJÖLDA
ÁSKORANA
ALMENN FORSALA Á
AUKATÓNLEIKANA HEFST
Í DAG KLUKKAN 10:00
SÍÐAST SELDIST UPP Á INNAN VIÐ 4 MÍNÚTUM
Egils Premium
LÉTTÖL
AWAKE
josh groban
KOMIN Í VERSLANIR
go to joshgroban.com
LIVE NATION
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði
CONCERT

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



## BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

# „En nú tókst henni það“

Þegar ég var ritstjóri Mannlífs hringdi til mín kona sem hafði verið misnotuð af bróður sínum frá 6 til 14 ára aldurs. Oftast þegar konur sem orðið hafa fyrir þess háttar ofbeldi birtast í fjölmiðlum eru þær sterkar og fastar fyrir en þessi var það ekki. Hún var geðveik og leið svo illa að hún hafði nokkrum sinnum reynt að fyrirfara sér. Erindið var að fá birta eftir sig grein um misnotkunina og áhrif hennar og ef fjölmiðlar eiga ekki að segja slíkar sögur frá hverju eiga þeir þá að segja? Ég flaug út á land að hitta hana og bætti við greinina örfáum atriðum sem vantaði. Annars var hún vel skrifuð og ég var stolt af að birta hana. Að ósk konunnar kom nafn hennar hvergi fram eða hvar hún ólst upp. Engin leið var að þekkja hana af myndunum.

**NOKKRU** síðar hringdi konan og gekk úr skugga um að blaðið væri komið upp í prentsmiðju, þakkaði síðan fyrir sig og kvaddi. Fáeinum dögum síðar hringdi mágkona hennar til að segja mér að hún hefði svipt sig lífi. Þannig fór það og sorgin lómar enn yfir mér og lætur mig ekki í friði. Og eins og dauði hennar hefði ekki verið nógu mikið áfall kærði yngsti bróðir hennar mig til siðanefndar BÍ fyrir að hafa gert fjölskyldu hans það að birta sögu systur hans – jafnveikrar manneskju. Fyrir mér fólst fréttin einmitt í því, kynferðisofbeldi er banvænt. Það eina sem ég hefði átt að hafa áhyggjur af var hvort allt var satt sem kom fram í greininni en það staðfesti bróðirinn í kærunni.

**ÞEGAR** ég mætti fyrir siðanefnd benti ég á að konan hefði oft reynt að svipta sig lífi og spurði hvar Mannlíf hefði þá verið. Einn nefndarmanna var fljótur til svars: „Já, en nú tókst henni það.“ Ég fékk þyngsta dóm siðanefndar en sá sem nauðgaði litlu systur sinni gengur laus og á aldrei eftir að taka út refsingu sína, enda er sú sem ætti að sækja hann til saka dáin. Tveimur árum síðar veitti BÍ mér verðlaun fyrir nákvæmlega það sama og mér hafði áður verið hegnt fyrir, að segja sögu konu sem hafði verið misnotuð sem barn.

**MENN** sögðu að ég hefði fengið uppreisn æru. Samt hefur mér aldrei liðið þannig. Þegar ég á síst von á finn ég goggað í hvirfilinn á mér. Verst kveður að því eftir að hafa séð fjallað um misnotkun í fjölmiðlum, svo sem þegar kvikmyndagerðarmenn sögðu frá því að einn Breiðavíkurmanna hefði ekki treyst sér aftur með þeim vestur og svipt sig lífi. Auðvitað ætti ég bara að gleðjast yfir svona frjálslegri umræðu. Ekki hefði að minnsta kosti hvarflað að mér sumarið 2003 að svona mikið myndi breytast á aðeins fjórum árum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

TM

Sum tryggingafélög eru ekki eins og flest tryggingafélög

Ánægjuvog tryggingafélaga 2006




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

**Í einu tilliti erum við þó öll eins:**
Okkur þykir gott að fá hrós fyrir vel unnin störf.

Á dögunum kom í ljós að samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni væru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

Að sama skapi getum við fullyrt að ef ánægjumæling færi fram á meðal starfsfólks félaganna myndi hún örugglega leiða í ljós að við erum það tryggingafélag sem er ánægðast með viðskiptavini sína.

Takk fyrir traustið!

TM Ánægja

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is



ÍSLENSKA SIA.IS/ TMI 36704 03/07